

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek vill dýrari strætó og betri þjónustu. 17



**MENNING** Hljómsveitin Mógil er á tónleikaferð í fyrsta sinn í þrjú ár. 24



**LÍFIÐ** Stony sendir frá sér frumsamið efni í fyrsta sinn. 38



**SPORT** Besti leikmaður 10. umferðar í Pepsi-deild eltir ástina til Svíþjóðar í haust. 34







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
4. júlí 2014
155. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



## Linsunni fylgir vald

Sigríður Ólafsdóttir, betur þekkt sem Sissa ljósmyndari, tók u-beygju í lífinu til að vinna sem ljósmyndari. Einstæð móðir með tvö börn lét hún drauminn rætast og stjórnar nú Ljósmyndaskólanum þar sem hún elur upp framtíðarljósmyndara.

**Vilja íslenskan fisk og kjöt** Um 2.500 íslenskir og erlendir viðskiptavinir eru á skrá hjá netversluninni Islandsfisk í Svíþjóð. 2

**Engin metin hæf í lokahóp** Konur voru rúmlega fimmtungur þeirra sem sóttu um þrjár lausar stöður aðstoðaryfirlögreglubjóna á höfuðborgarsvæðinu. 8

**Tíu þúsund fermetrar í Helguvík** Verksmiðja sem myndi framleiða um 40 milljónir lítra af dísilolíu á ári gæti risið í Helguvík. 10



HALLDÓR 16

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | NA | 10 |
| Akureyri | 9° | N | 4 |
| Egilsstaðir | 12° | NA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 13° | NA | 4 |
| Reykjavík | 12° | NA | 11 |

**Allhvasst eða hvasst** á V-verðu landinu í dag en hægari A-til. Rigning N- og A-til en úrkomuminna SV-lands. Hiti 6-15 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk










**LEIGJENDUR RÆKTUÐU GRAS** Mikið af kannabisplöntum var haldlagt í Akralandi í gær. Lögreglu var tilkynnt um ræktunina eftir að málari, sem fenginn var til að mála húsið að utan, sá inn um glugga að ekki var búið í íbúðinni og hún aðeins nýtt í kannabisræktun. Fréttablaðið ræddi við nokkra íbúa í húsinu en enginn þeirra hafði orðið var við ræktunina. Íbúðin mun hafa verið í útleigu og var eigendum hennar gert viðvart í gær. Þeir vildu ekki tjá sig við blaðið að öðru leyti en að þeir tengdust málinu ekki neitt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Bónus og Krónan vilja selja verkjalyf

Forstjórar stærstu matvöruverslana landsins hafa áhuga á að selja lausasölulyf í verslunum. Þröng löggjöf kemur í veg fyrir að lausasölulyf séu auglýst í sjónvarpi. Landlæknir segir að meta þurfi kosti og galla áður en breytingar verði gerðar.

**NEYTENDAMÁL** Áhugi ríkir hjá forstjórum Haga og Kaupáss að taka upp sölu lausasölulyfja í verslunum fyrirtækjanna. Hagar reka meðal annars Bónus og Hagkaup og Kaupás rekur Krónuna, Nóatún og Kjarval á Suðurlandi.

„Við höfum verið fylgjandi auknu frelsi með þetta og þá innan þeirra laga og reglna sem væru sett," segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. „Við teljum að þetta væri bæði hagræði fyrir viðskiptavini og myndi leiða til verðlækkunar." Starfandi er hópur innan Samtaka verslunar og þjónustu sem hefur barist fyrir því að auglýsa megi lausasölulyf í sjónvarpi en það er bannað samkvæmt núgildandi lögum. Hópurinn hefur einnig áhuga á að taka upp sölu lausasölulyfja í dagvöruverslunum. Verslunarrisinn Costco hefur sömuleiðis lýst yfir áhuga á að selja lyf í verslunum hér á landi.

Jón Björnsson, forstjóri Kaupáss, segir að reynsla hans af rekstri verslunar í Danmörku hafi sýnt að sala lausasölulyfja í dagvöruverslunum sé hægðarleikur. „Þetta er þjónusta við neytendur. Ég get alveg sagt þér það að þetta er enginn megabisness."



FINNUR ÁRNASON



RANNVEIG GUNNARSDÓTTIR



GEIR GUNNLAUGSSON

Kaupás rekur verslanakeðjuna Kjarval á Suðurlandi. Jón segir að þar væri ef til vill mest hagræði fyrir neytendur að hafa aðgang að lyfjum. „Þetta er oft eina verslunin í bænum. Þú værir til dæmis að fara í ferðalag og ert með höfuðverk, sem oft gerist í útilegum, þá væri nú gott að geta farið og keypt paratabs."

Rannveig Gunnarsdóttir, forstjóri Lyfjastofnunar, segir ákvörðun um breytingu á lyfjalögum liggja hjá stjórnvöldum. „Þetta er alltaf spurning hvaða lyfjapólitísku stefnu stjórnvöld vilja hafa á hverjum tíma. Í sjálfu sér hefur Lyfjastofnun ekki skoðun á því."

Undir þetta tekur Geir Gunnlaugsson landlæknir. „Þessi mál hafa ekki verið sérstaklega til skoðunar hjá okkur. Þetta er pólitísk ákvörðun. Við svona ákvörðun þarf að skoða kosti og galla og meta það heildrænt hver áhrifin yrðu." -ssb

## Rýmri heimildir í nágrannalöndunum

Sala lausasölulyfja í dagvöruverslunum er heimil í flestum þeim löndum sem Ísland ber sig saman við. Sem dæmi má nefna að salan er heimil á öllum Norðurlöndunum að Íslandi undanskildu. Ísland og Finnland eru einu Norðurlöndin sem ekki leyfa netverslun með lausasölulyf og ekki auglýsingar í sjónvarpi. Ísland er eina landið sem ekki leyfir samanburðarauglýsingar á lausasölulyfjum.

Kennarar vilja meira aðhald:

## Frammistaðan sjaldan metin

**MENNTAMÁL** Sjötíu prósent grunnskólakennara voru aldrei metin af skólayfirvöldum á tímabilinu 2009-2012.

Námsmatsstofnun sinnir ytra mati og eru sex skólar metnir árlega af um 200 grunnskólum landsins. Í langflestum tilfellum eru skólarnir metnir eftir að skólastjórnendurnir hafa sjálfir sóst eftir því. Þetta kemur fram í könnun sem Arnar Sævarsson lagði fyrir 225 kennara í 77 grunnskólum. -ebg/ sjá síðu 4




## SPURNING DAGSINS



Stefán, eru það forlög þín að fara til Sagna?

**„Já og þetta er svona saga til næsta bæjar.“**

Stefán Máni hefur yfirgefið Forlagið og fært sig til Sagna útgáfu.

Ríkissaksóknari áfrýjaði bæði Imon- og Aurum-málunum svokölluðu til Hæstaréttar í gær:

# Verjendur sakborninga hissa á áfrýjununum

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari áfrýjaði í gær tveimur stórum efnahagsbrotamálum til Hæstaréttar.

Annars vegar Aurum-málinu svokallaða þar sem fjórir voru ákærðir fyrir umboðssvik og hlutdeild í þeim. Fjölskipaður héraðsdómur sýknaði fjórmenningana en ríkissaksóknari krefst þess að dómurinn verði ómerktur þar sem skyldleiki eins dómarans við sakborning í öðru sakamáli sérstaks saksóknara geri hann vanhæfan. Þar að auki vill ríkissaksóknari að Hæstiréttur kanni hvort líkur séu á því að niðurstaða héraðsdóms um sönnunargildi framburðar vitna eða sakborninga fyrir dómi hafi verið rangur.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, eins sakborninga, segist vera hissa á þessari ákvörðun. Ekki séu skilyrði samkvæmt lögum til að líta svo á að dómarinn hafi verið vanhæfur.

Hins vegar var hinu svokallaða Imon-máli áfrýjað þar sem þrír stjórnendur Landsbankans voru ákærðir fyrir markaðsmisnotkun. Héraðsdómur hafði sýknað tvo þeirra en sakfellt einn sem sjálfur hefur áfrýjað málinu. Ríkissaksóknari áfrýjaði því máli hinna tveggja til Hæstaréttar.

Sigurður G. Guðjónsson, verjandi Sigurjóns Þ. Árnasonar, eins sakborninga, segist einnig vera hissa á ákvörðun ríkissaksóknara. Hann telji niðurstöðu héraðsdóms skýra og segist ekki skilja þessa áfrýjun. „Ég er alveg gáttaður,“ segir Sigurður. -fbj



**SAKBORNINGAR Í AURUM-MÁLINU** Ríkissaksóknari vill að málið verði ómerkt og sent aftur til héraðsdóms. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FRELSINU FEGNIR** Mennirnir hafa verið í haldi síðan í byrjun júní en voru í góðu ásigkomulagi. Þeir voru fluttir til Tyrklands í gær. MYND/AFP

Unnið er að því að frelsa tyrkneska gísla íraskra hermanna:

## 32 vörubílstjórar frelsaðir í Írak

**BAGHDAD, AFP Þrjátíu og tveimur tyrkneskum vörubílstjórum, sem íraskir hermenn höfðu tekið sem gísla, var sleppt í dag. Þeir voru vel haldnir að sögn Ahmets Davutoglu, utanríkisráðherra Tyrklands, utan eins sem þurfti læknisaðstoð.**

**Mennirnir hafa verið í haldi hermanna síðan 9. júní en þeir voru teknir í Mosúl þegar íraskir öfgamenn yfirtóku borgina.**

**Enn eru þó 49 manns í haldi öfgamannanna en unnið er að því að fá það fólk frelsað. Öll voru starfsmenn tyrknesku ræðismannsskrifstofunnar í Mosúl.** -nej

Ákærður fyrir manndráp:

## Skildi son sinn eftir einan í bíl

**BANDARÍKIN** Justin Ross Harris, sem grunaður er um að hafa skilið tæplega tveggja ára son sinn eftir í funheitum bíl í sjö klukkustundir með þeim afleiðingum að hann lést, var leiddur fyrir dómara í gær. Fjöldi vitna hefur komið fyrir dóm til þess að bera vitni um málsatvik og segja þau að Harris hafi verið í miklu uppnámi þegar hann komst að því að sonur hans hefði látið lífið. Harris hringdi þó aldrei á sjúkrabíl og var sagður lítt hjálplegur þegar lögregla kom á vettvang. Málið hefur vakið feikilega athygli fjölmiðla vestanhafs. -nej

Utanríkisráðuneytið úthlutar:

## 59 milljónir til neyðaraðstoðar

**UTANRÍKISMÁL** Íslensk stjórnvöld hafa veitt 59 milljónir króna til neyðaraðstoðar á fyrstu mánuðum ársins.

Rauði kross Íslands hefur tekið á móti stærsta framlaginu eða 41 milljón króna. Meðal verkefna Rauða krossins, sem styrk hafa fengið, er dreifing hjálpargagna til fórnarlamba stríðsins í Sýrlandi og framlag vegna þurrka í Namibíu.

SOS barnaþorpin hafa jafnframt hlotið tíu milljónir vegna ástandsins í Sýrlandi, þar sem ríkt hefur borgarastyrjöld undanfarið. -ssb





**Á FERÐ** Guðbjörn Elíson og Amanda Ingibjörg Einarsdóttir, eiginkona hans, við bílinn sinn sem er hlaðinn íslenskum matvælum.

# Sólgnir í íslenskan fisk og lambakjöt

Um 2.500 íslenskir og erlendir viðskiptavinir eru á skrá hjá netversluninni Islandsfisk í Svíþjóð. Eigandinn ekur með fisk, lambakjöt og íslenskt sælgæti til viðskiptavina í borgum og bæjum í Svíþjóð, Danmörku og annars staðar í Norður-Evrópu.

**VIÐSKIPTI** Fjórum sinnum á ári ekur Guðbjörn Elíson, eigandi netverslunarinnar Islandsfisk, frá Varberg á vesturströnd Svíþjóðar til viðskiptavina sinna í mörgum tugum borga og bæja í Svíþjóð og Danmörku með frystan fisk, lambakjöt og sælgæti frá Íslandi.

„Fjöldi viðskiptavina á skrá hjá okkur er um 2.500 og þeim fjölgar ört. Venjulega ek ég með vörur til 300 til 400 viðskiptavina í hverri ferð. Mikill meirihluti viðskiptavina hefur verslað við okkur frá því að við stofnuðum netverslunina 1990,“ segir Guðbjörn sem einnig er farinn að aka með íslensk matvæli til annarra landa Norður-Evrópu. Hann kveðst gista á hótelum á ferðum sínum og fá þar rafmagn fyrir litla vörubílinn sinn sem í er bæði frystir og kælir.

Það eru ekki bara Íslendingar í þessum löndum sem eru sólgnir í íslenska matinn, að sögn Guðbjarnar. „Þetta spyrst út mann frá manni. Svíar eru til dæmis um þriðjungur viðskiptavina netverslunarinnar. Svíar og Danir sem smakka íslenska fiskinn verða fastir viðskiptavinir og þeir fara á hnén og biðja mig um að hætta ekki þessum ferðum. Dönsk kona sem er viðskiptavinur hjá mér lét systur sína, sem býr á vesturströnd Svíþjóðar og er sjávarlíffræðingur, vita af netversluninni og nú versla þrettán manns í kringum hana við mig. Svíarnir vilja heldur kaupa frysta fiskinn frá Íslandi en ferska fiskinn hér.“

**„Svíarnir vilja heldur kaupa frysta fiskinn frá íslandi heldur en ferska fiskinn hér.**

Fiskur er sú vara sem mest er keypt í netversluninni, að sögn Guðbjarnar. „Vinsælasta varan er sjófryst ýsuflök en línufiskur sækir mikið á. Þar á eftir kemur lambakjötið. Ég er alltaf með saltkjöt, svið og slátur til sölu og árstíðabundna vöru eins og hangikjöt og konfekt um jól og þorramat á þorranum auk páskaeggja um páska.“

Guðbjörn selur ekki bara einstaklingum íslensk matvæli heldur selur hann einnig til veitingastaða, dagheimila, stóreldhúsa og verslana. „Ég sel í 20 búðir hér í sýslunni. Þetta er bara rétt að byrja. Gæði íslenska matarins spyrjast fljótt út.“

Viðskiptavinir islandsfisk.se þurfa ekki að vera í neinum vandræðum með matreiðsluna því að á vef netverslunarinnar má sjá uppskriftir að djúpsteiktum ýsuflökum með camembert-fyllingu, karríplokkfisk og saltfiskrúllum svo dæmi séu tekin. ibs@frettabladid.is


TÍMAMÓTAVERK

Vegahandbókin í snjalltækin





Snjallsímaútgáfan fylgir bókinni

- Yfir 3.000 staðir
- Þúsundir þjónustuaðila
- Kort sem sýnir staðsetningu
- Sía, notandi ræður hvaða þjónustumerki birtast
- Leit, hægt að leita eftir stöðum og þjónustu
- Bókamerki, hægt að geyma og safna stöðum
- Tungumál, íslenska, enska og þýska

VERÐ KR. 5.490

Hægt að skipta **gamalli bók** upp í **nýja** og fá **1.000,- kr. afslátt** af þeirri nýju **(aðeins í bókabúðum)**

**VEGAHANDBÓKIN ehf. • www.vegahandbokin.is**

Sundaborg 9 • 104 Reykjavík • Sími 562 2600


Lögreglan hefur vísað frá kæru Samherja á hendur hæstaréttardómara:

# Sakamálalög eiga ekki við dómara

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur vísað frá kæru dótturfélags Samherja á hendur Ingveldi Einarsdóttur hæstaréttardómara.

Félagið, Polaris Seafood, kærði Ingveldi í júní fyrir að hafa í mars 2012 veitt Seðlabankanum húsleitarúrskurði en við málsmeðferð úrskurðanna telur félagið að hún hafi vanrækt könnun lagaskilyrða, ekki boðað fulltrúa varnaraðila til þinghalds og hvorki þingmerkt né varðveitt skjöl málanna.

Í niðurstöðu lögreglustjóra segir að samkvæmt lögum sé það ekki dómari heldur sá aðili sem framkvæmir hina ólögmætu rannsóknaraðgerð sem geti bakað sér refsiábyrgð. Þannig sé það Seðlabanki Íslands, sem í þessu tilfelli framkvæmdi húsleitina, en ekki dómarinn sem lögin ná yfir. Í því ákvæði hegningarlaga, sem Samherji telur að dómarinn hafi gerst sekur um, er sérstaklega tilgreint að ef dómari beitir ólöglegri aðferð til að meðal annars framkvæma ólöglega leit eða leggja að ólögum hald á skjöl varði það sektum eða fangelsi.

Þá kemur einnig fram í niðurstöðu lögreglunnar að það að vanrækja þingmerkingu skjala eða varðveislu þeirra varði ekki við ákvæði refsilaga. Telur lögreglan því ekki efni til að hefja rannsókn út af kærunni.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, er óánægður með niðurstöðuna og hyggst kæra ákvörðunina til ríkissaksóknara. „Þetta er athyglisvert að lögreglan telji, eftir nokkurra daga athugun, að það sé engin refsiheimild sem nær yfir það þegar gögn hverfa í jafn alvarlegu máli og þegar húsleit og haldlagning er heimiluð. Við munum að sjálfsögðu kæra þessa ákvörðun til ríkissaksóknara,“ segir Þorsteinn í samtali við Fréttablaðið. -aó



**ÓÁNÆGÐUR** Samherji hyggst kæra ákvörðun lögreglunnar til ríkissaksóknara.

# Upplifðu gersemar Breiðafjarðar

á einstöku tilboði í sumar!

2 FRÁBÆRAR FERÐIR Á SÉRSTÖKU TILBOÐI





## Ævintýrasiglingin

Sjávarsmakk á ævintýraslóðum

ÆVINTÝRA-KORT FYRIR KRAKKANA



## Fjársjóðurinn Flatey

Þar sem tíminn stendur kyrr

30% AFSLÁTTUR

OG FRÍTT FYRIR BÖRN!

Sæferðir

Gríptu tækifærið og skelltu þér í Ævintýrasiglinguna eða heimsæktu Fjársjóðinn Flatey á einstöku tilboði. Veldu ferðina sem heillar þig mest og þú færð **30% afslátt** af þeirri ferð en börn yngri en 15 ára fá auk þess **frítt í fylgd með foreldrum**. Njóttu hinnar dásamlegu náttúru sem landið þitt hefur upp á að bjóða í sumar!

Sæktu afsláttarmiða á

*facebook.com/seatoursiceland*

## SVONA ERUM VIÐ



**90.000** **hillumetrar af skjölum voru varðveittir á Þjóðskjalasafni árið 2013.**

Skjalamagnið í safninu hefur áttfaldast frá um 1980.

Biskup Íslands ákvað að hunsa tillögu valnefndar og auglýsa starf sóknarprests Seljakirkju að nýju:

# Kjörstjórn ræðir kröfu sóknarbarnanna

**TRÚMÁL** Kjörstjórn Þjóðkirkjunnar mun funda á morgun um kröfu íbúa í Seljahverfi um að fram fari prestkosningar. Staðan hefur tvisvar verið auglýst. Í fyrra skiptið rann frestur til að sækja um út þann 15. apríl síðastliðinn. Valnefnd komst að þeirri niðurstöðu að skipa ætti Ólaf Jóhann Borgþórsson, prest í Seljakirkju, í embættið.

„Eftir að fyrra ferlinu lauk var niðurstaða valnefndar á þá leið að biskup ákvað að auglýsa aftur. Það er þrennt í stöðunni sem biskup getur gert. Að staðfesta niðurstöðu valnefndar, framlengja umsóknarfrest eða auglýsa embættið að nýju,“ segir Þorvaldur Víðisson biskupsritari. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var ástæða ákvörðunar biskups sú að í hópi umsækjenda var kona sem gegnt hefur prestsembætti á Akureyri um árabil. Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, hafi því óttast að ráðning Ólafs Jóhanns í stöðu sóknarprests yrði kærð á grundvelli jafnréttislaga. Sóknarbörn í Seljakirkju vildu ekki una við þessa niðurstöðu. Því var fundað um málið og ákveðið að krafist yrði almennra prestkosninga.

Umsóknarfrestur eftir að auglýst var í seinna skiptið rann út fyrsta júlí. Ráðgert er að birta nöfn umsækjenda í dag. „Stjórnin mun fara yfir stöðu með tilliti til starfsreglna sem varða val á prestum,“ segir Hjördís Stefánsdóttir, formaður kjörstjórnar. **-jhh**



**AUGLÝSTI AFTUR** Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, féllst ekki á niðurstöðu valnefndar.



**ÚR SKORÐUM** Fari flugvirkjar Icelandair í verkfall má búast við röskun á flugi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Munu boða til félagsfundar:

## Lítið miðar í deilu flugvirkja

**KJARAMÁL** Samninganefnd flugvirkja sem starfa hjá Icelandair fundaði í fjórða sinn hjá Ríkissáttasemjara í gær en lítið miðar í kjaradeilu þeirra.

Flugvirkjarnir boðuðu verkfallsaðgerðir í byrjun júní en því var frestað þegar útlit var fyrir að lög yrðu sett á verkfallið.

Samkvæmt heimildum fréttastofu á að boða til félagsfundar í röðum flugvirkja á mánudag þar sem farið verður fram á endurnýjun verkfallsheimildar. **-bl / nej**

Réttarhöldin hefjast 16. júlí:

## Assange fyrir dóm í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Réttarhöldin yfir stofnanda Wikileaks, Julian Assange, hefjast í Svíþjóð í þarnæstu viku.

Assange er ákærður fyrir kynferðisbrot gegn tveimur konum sem eiga að hafa átt sér stað árið 2010. Sænsk yfirvöld hafa neitað verjendum hans um aðgang að smáskilaboðum frá konunum tveimur sem verjendurnir segja að geti sannað sakleysi Assange.

Assange dvelur nú í sendiráði Ekvadors í Bretlandi **-ssb**

### ÁRÉTTING

Tekið skal fram að mynd af kennara og nemendum sem birtist með frétt um undirbúning íslenskra kennara í Fréttablaðinu í gær tengist ekki með nokkrum hætti efni fréttarinnar.

# Eftirlit með starfi grunnskóla er lítið

Á þriggja ára tímabili höfðu sjötíu prósent kennara aldrei verið metin af skólayfirvöldum. Samkvæmt megindlegri rannsókn óska kennarar eftir auknu eftirliti til að bæta fagmennsku. Yfirleitt óska skólastjórnendur eftir mati þegar þeim hentar.

**MENNTAMÁL** Á árunum 2009-2012 voru sjötíu prósent grunnskólakennara aldrei metin af skólayfirvöldum. Námsmatsstofnun sinnir ytra mati fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og eru sex skólar metnir árlega af um 200 grunnskólum landsins. Í langflestum tilfellum eru skólarnir metnir eftir að skólastjórnendurnir hafa sjálfir sóst eftir því.

Þetta kemur fram í megindlegri rannsókn Arnars Ævarssonar sem hann lagði fyrir 225 kennara í 77 grunnskólum. Rannsóknin var lokaverkefni í námi hans í skilvirkni og stefnumótun í kennslufræði. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar ríma við TALIS-rannsóknina sem Fréttablaðið fjallaði um í gær, að sjaldgæft sé að starfsmat sé framkvæmt í íslenskum skólum. Enn fremur kemur fram í rannsókn Arnars að ytra eftirlit menntayfirvalda sé í lágmarki.

„Ytra mat á Íslandi er á mjög lágu stigi. Mjög fáir skólar eru metnir og eftirfylgnin er lítil. Þetta er hálfgerð sýndarmennska enda óska skólastjórnendur eftir því sjálfir að vera metnir, sem er undarlegt fyrirkomulag þegar um eftirlit er að ræða. Þeir taka til og bjóða svo yfirvöldum í heimsókn. Það þarf mikið að ganga á í skólunum til að úttekt sé framkvæmd að frumkvæði menntamálayfirvalda,“ segir Arnar.

Í rannsókn Arnars kemur skýrt fram að kennararnir vilja meira mat og eftirlit með starfi sínu, bæði innan skólans og af skólayfirvöldum.



**GRUNNSKÓLI** Reykjavík er eina sveitarfélagið sem er með reglulegt ytra mat á eigin vegum. Önnur sveitarfélög reiða sig einungis á Námsmatsstofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Eftirlit bætir fagmennsku og kennarar vilja gera sitt besta. Þeir vilja fá ábendingar um hvað þeir geti gert betur og fá staðfestingu á því sem þeir eru að gera vel. Einnig er betra ytra eftirlit með skólunum ákveðið aðhald fyrir skólastjórnendur.“

Arnar bætir við að kennarar geti upplifað skort á mati og eftirliti sem ákveðið áhugaleysi yfirvalda. „En þetta er ekki endilega áhugaleysi heldur jafnvel ótti við umræðuna um skólamál eins og sést á umræðunni um Pisa. Það má ekkert ræða skilvirkni, þá fer skólaumhverfið á afturfæturna.“

Reykjavík er eina sveitarfélagið sem er með reglulegt ytra mat á eigin vegum og er þar til fyrirmyndar að mati Arnars.



> **Þetta er hálfgerð sýndarmennska enda óska skólastjórnendur eftir því sjálfir að vera metnir, sem er undarlegt fyrirkomulag þegar um eftirlit er að ræða.**
>
> *Arnar Ævarsson, sérfræðingur í skilvirkni og stefnumótun í kennslufræði.*

Skólar í öðrum sveitarfélögum eru einungis metnir af Námsmatsstofnun.

**erlabjorg@frettabladid.is**



**ÖFLUG ÞJÓNUSTA** Markmið breytinganna er að tryggja öfluga þjónustu fyrir íbúa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umdæmamörk sýslumanna:

## Enn hægt að senda umsagnir

**STJÓRNSÝSLA** Margar umsagnir og ábendingar vegna nýrra embætta sýslumanna og lögreglustjóra hafa borist innanríkisráðuneytinu og hefur því verið ákveðið að framlengja frestinn til 14. júlí.

Á vorþingi var samþykkt, eins og kunnugt er, að fækka embættum sýslumanna úr 24 í níu og lögregluumdæmum úr 15 í níu.

Umræðuskjöl um umdæmamörk og starfsstöðvar nýrra embætta voru birt 4. júní en þau fela ekki í sér endanlega ákvörðun ráðherra. **-nej**

Innkalla kjúkling frá Matfugli:

## Grunur um salmonellusmit

**NEYTENDAMÁL** Matvælafyrirtækið Matfugl hefur innkallað kjúkling vegna gruns um salmonellusmit.

Kjúklingurinn hefur pökkunardagsetningarnar 27. júní og 30. júní. Ekki hefur vaknað grunur um salmonellu hjá Matfugli síðan í nóvember árið 2011.

Salmonella er bakteríusýking sem finna má í ýmiss konar matvöru. Einkenni salmonellu eru magaveiki og hiti sem yfirleitt gengur yfir á fjórum til fimm dögum. **-ssb**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 31° | Friedrichshafen | 29° | New York | 24° |
| Aþena | 28° | Gautaborg | 23° | Orlando | 32° |
| Basel | 24° | Kaupmannahöfn | 23° | Ósló | 21° |
| Berlín | 29° | Las Palmas | 25° | París | 25° |
| Billund | 25° | London | 26° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 29° | Mallorca | 30° | Stokkhólmur | 21° |




**Á MORGUN**
8-18 m/s V-til, annars hægari




**SUNNUDAGUR**
Víða 5-10 m/s

**GÓÐUR REGNGALLI OG HEITT KAKÓ** verður staðalbúnaður helgarinnar. Allhvass vindur V-til en lægir síðdegis á morgun. Talsverð úrkoma N-lands á morgun en dregur úr á sunnudag, þurrt að mestu SV-lands. Hiti 6 -15 stig, svalast fyrir norðan.

**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


VODAFONE RED ER KOMIÐ Í
FRELSI
ÞÚ ÞARFT EKKERT ANNAÐ
vodafone.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mörg vændiskaupamál voru skráð hjá ríkislögreglustjóra í fyrra?
**2.** Hvað á Ólafur Sigurðsson meindýraeyðir margar grammófónplötur?
**3.** Við hvaða lið hefur knattspyrnumaðurinn Alfreð Finnbogason samið?

**SVÖR:**
**1.** 249. **2.** Yfir þrjátíu þúsund. **3.** Real Sociedad.

Tvímenningar í Ölfusi skapa sér störf með miklum áformum um fuglarækt:

# Reisa alifuglabú við Rauðalæk

**LANDBÚNAÐUR** Framkvæmdir hefjast í haust á alifuglabúi við Rauðalæk í Ölfusi. Stefnt er á að þar geti verið fjörutíu þúsund fuglar. Það eru Kristján Karl Gunnarsson og Ögmundur Jónsson sem sameina krafta sína við þessi áform.

„Við hefjum framkvæmdir núna í haust og fuglarnir verða komnir inn fyrir vorið,“ segir Kristján.

Í fyrsta áfanga verða tíu þúsund fuglar í stæðum og svo ráða markaðsaðstæður því hvenær farið verður í fulla stærð.

Með þessu móti eru tvímenningarnir að skapa sjálfum sér störf. „Þetta er nú bara fjölskyldufyrirtæki. Þetta verður væntanlega til þess að við Ögmundur getum minnkað við okkur í þeim störfum sem við sinnum núna. Hann er sjálfstætt starfandi smiður og ég vinn á sambýli á Selfossi.“

Það er nóg að gera í þessum geira á svæðinu því til stendur að reisa stærsta minkabú landsins, með tíu þúsund læðum, á Hafnarsandi við Þorlákshöfn. -jse



**KJÚKLINGAR Í BÚI** Þeir fiðruðu munu fá bróðurpartinn af tíma þeirra tvímenninga í Ölfusi.

Norðlenska sækir um leyfi:

# Selja gistingu í Vísis-húsinu

**FERÐAÞJÓNUSTA** Norðlenska hefur óskað eftir leyfi bæjaryfirvalda í Norðurþingi fyrir sölu á gistingu í húsinu þar sem útgerðarfyrirtækið Vísir rak áður fiskvinnslu á Húsavík.

Sigmundur Ófeigsson, framkvæmdastjóri kjötvinnslufyrirtækisins, segir fyrirtækið ætla leigja leyfið til aðila sem vilji selja gistingu á efstu hæð hússins. Þar voru áður íbúðir starfsfólks fiskvinnslufyrirtækisins. -hg



**TRÚNAÐARMÁL** Fólk á samkvæmt lögum rétt á því að eiga stjórnmálaskoðanir sínar fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Persónuvernd athugar skrár:

# Skoða starfsemi fjórflokkanna

**PERSÓNUVERND** Persónuvernd hefur hafið frumkvæðisathugun á því hvernig stjórnmálaflokkar vinna persónuupplýsingar um stjórnmálaskoðanir einstaklinga. Þetta kemur fram í bréfi frá stofnuninni dagsettu 30. júní.

Vestnord lögmenn sendu erindi til Persónuverndar í maí fyrir hönd stjórnmálaflokksins Dögunar þar sem óskað er eftir því að stofnunin kanni hvort flokkar haldi skrár yfir stjórnmálaskoðanir fólks aðrar en félagaskrár. -nej



**RÖR** Starfsmenn lögðu rör í vegginn fyrir vatnið. MYND/VHG

Vaðlaheiðargöng stopp í bili:

# Vika síðan sprengt var

**SAMGÖNGUR** Jarðgangagröftur í Vaðlaheiðargöngum hefur verið stopp í viku vegna sprunguleka.

Valgeir Bergmann Magnússon, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga hf., segir að vinna hefjist á ný á næstu dögum þegar búið sé að gera við þann leka sem kom upp. -nej

# Sagði augljóst að gögn um dauðatíma hvala yrðu birt

Sjávarútvegsráðherra segist enn þeirrar skoðunar að birta eigi niðurstöður rannsóknar á dauðatíma hvala. Þvert á undirstofnun sína, og svar hans við fyrirspurn á Alþingi, sem segir að gögnin verði ekki gerð opinber.

**DÝRAVELVERÐ** Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra fullyrti í vetur að niðurstöður rannsókna á dauðatíma hvala yrðu birtar hverjum þeim sem þær vildi sjá, enda verið að safna upplýsingum í opinberum tilgangi. Hann segist enn þeirrar skoðunar að birta eigi niðurstöðurnar. Hvort tveggja gengur þvert á svar hans við fyrirspurn á Alþingi sem birt var um mánaðamótin.

„Þær upplýsingar sem koma munu út úr þessum leiðangri verða án efa aðgengilegar, til þess er þetta gert. Verið er að safna upplýsingunum í opinberum tilgangi og því verða þær gerðar aðgengilegar og menn upplýstir um málið sem það vilja, þannig að ég tel að það sé nú bara nokkuð augljóst,“ sagði Sigurður Ingi í þingræðu 7. apríl síðastliðinn.

Edward H. Huijbens, þingmaður Vinstri grænna, spurði þá ráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma: „Verða þessar upplýsingar aðilanna birtar opinberlega svo almenningur geti kynnt sér þær og í framhaldinu lagt mat á hvort aðferðirnar séu mannúðlegar eða ekki?“

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær verða rannsóknarniðurstöður um dauðatíma hvala í veiðum við Ísland ekki birtar almenningi. Vegna fyrirspurnar Fréttablaðsins til Sigurðar Inga í gær var þeim skilaboðum frá ráðherra komið til skila að hann væri enn þeirrar skoðunar að birta ætti upplýsingarnar „á einhverjum tímapunkti“, hins vegar hefði hann ekki vitað af aðkomu Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO), sem vinnur rannsóknina í samstarfi við Fiskistofu.

Að sögn Eyþórs Björnssonar fiskistofustjóra hafa sambærilegar upplýsingar ekki verið gerðar opinberar í Noregi og „á þessum tímapunkti sjáum við ekki frekar ástæðu til að gera það hér,“ sagði Eyþór í viðtali við Fréttablaðið á miðvikudag.

Engar vísindalegar upplýsingar eru til um dauðatíma hvala í hvalveiðum við Ísland – en þá er átt við hversu lengi það tekur dýrið að deyja eftir að það er skotið. Hvorki Hafrannsóknastofnun né Fiskistofa hafa hingað til safnað slíkum gögnum. Þetta kemur fram í svari Sigurðar Inga við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar, þingmanns Vinstri grænna, á Alþingi í apríl – og var ástæða fyrirspurnar Edwards.

Þá liggur fyrir að 73 prósent Íslendinga telja mikilvægt að hvalveiðar séu mannúðlegar. Þetta kemur fram í niðurstöðum skoðanakönnunar Capacent Gallup sem dýravelferðarsamtökin International Fund for Animal Welfare (IFAW) létu gera. Í könnuninni kemur jafnframt fram að 59,3 prósent Íslendinga telja að hvalveiðar fari mannúðlega fram. svavar@frettabladid.is



**Í HVALFIRÐI** Almenningur mun að óbreyttu ekki fá upplýsingar um aðferðir við hvalveiði, en það er eitt helsta deilumálið vegna veiðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



> **Verið er að safna upplýsingunum í opinberum tilgangi og því verða þær gerðar aðgengilegar og menn upplýstir um málið sem það vilja, þannig að ég tel að það sé nú bara nokkuð augljóst.**
>
> Sigurður Ingi Jóhannsson
> sjávarútvegsráðherra, 7. apríl 2014



Himneska súkkulaðið mitt er úr lífrænt ræktuðu hráefni og Fairtrade-vottað. Hágæða súkkulaði sem kætir bragðlaukana.

Solla





# Láttu hjartað ráða

UPPSKRIFTIR OG NÁNARI UPPLÝSINGAR UM LÍFRÆNU VÖRURNAR MÁ FINNA Á

HIMNESKT.IS




BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT



**FÓLKSFÆKKUN** Bærinn hefur fundið fyrir fækkun starfa á svæðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sátt með flutning Fiskistofu:

## Meirihluti lýsir yfir stuðningi

**STJÓRNSÝSLA** Flutningur Fiskistofu norður í land hlýtur stuðning meirihluta bæjarráðs Akureyrar. Þetta kom fram í bókun ráðsins í gær. Þar segir jafnframt að ákvörðunin sé í samræmi við ítrekaðar ályktanir bæjarráðs um mikilvægi þess að fjölgað sé í bænum. Lýsir meirihlutinn yfir skilningi á aðstæðum starfsmanna og vill „aðstoða þá starfsmenn sem vilja flytja með stofnuninni og hvetur þá til að útiloka ekki strax þann möguleika“. -nej

Rekstur Bjarnabóls færist:

## Skagaströnd vill Hjallastefnu

**SKAGASTRÖND** Sveitarstjórn Skagastrandar hefur samþykkt samning við Hjallastefnuna ehf.

Markmiðið er að rekstur leikskólans Bjarnabóls færist alfarið yfir til Hjallastefnunnar um áramótin 2014-2015 en gangi það ekki eftir þá ekki síðar en 1. ágúst 2015. Þangað til verður rekstur leikskólans áfram hjá sveitarfélaginu. Samkvæmt heimasíðu stefnunnar verður þetta átjándi skólinn sem rekinn er í samræmi við Hjallastefnuna. -nej

# Engin kona í lokahóp vegna yfirmannsstöðu hjá lögreglu

Konur voru rúmlega fimmtungur þeirra sem sóttu um þrjár lausar stöður aðstoðaryfirlögregluþjóna á höfuðborgarsvæðinu. Þrjár konur komust í viðtöl en engin komst í lokahópinn sem valið var úr.

**JAFNRÉTTISMÁL** Ellefu konur og 40 karlar sóttu um þrjár stöður aðstoðaryfirlögregluþjóna hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Í hæfisnefnd sem úrskurðaði um hæfi umsækjenda sátu Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjóri, Egill Bjarnason yfirlögregluþjónn og Sigríður Hrefna Jónsdóttir, mannauðsstjóri lögreglunnar.

Sigríður Hrefna segir að matið hafi byggst á þeim kröfum sem gerðar eru til aðstoðaryfirlögregluþjóna samkvæmt reglugerð.

„Embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu er stórt og aðstoðaryfirlögregluþjónar eru stöðvarstjórar og yfirmenn á vinnustöðum þar sem starfa 30 til 50 manns,“ segir Sigríður Hrefna.

Hún segir að tekið hafi verið mið af því við ráðningu aðstoðaryfirlögregluþjónanna að þeir hefðu víðtæka stjórnunarreynslu. Þá hafi hæfisnefndin tekið tillit til samskiptahæfni, skipulagshæfileika, frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum og umsagna.

„Allir sem sóttu um uppfylltu grunnhæfisskilyrði sem sett voru. Það er þeir höfðu lokið prófi frá lögregluskólanum og starfað í fimm ár í lögreglunni,“ segir Sigríður Hrefna.

Á fyrsta stigi ráðningarferlisins var fækkað niður í 25. Þar af voru þrjár konur og voru allir boðaðir í viðtöl.

Að því loknu var fækkað niður í tíu, þá var ein kona orðin eftir í hópnum. Umsækjendur voru aftur boðaðir í viðtal og enn var fækkað í hópnum og nú niður í fimm. Engin kona var í lokahópnum en aðstoðaryfirlögregluþjónarnir voru ráðnir úr honum.

„Það var mjög hæft fólk sem sótti um. Ég skil vel reiði kvenna yfir því að engin kona var ráðin en hæfismatið réð. Í framtíðinni stendur upp á stjórnendur að gera áætlun um hvernig hægt sé að styrkja konur í lögreglunni. Slíkt gerist ekki á einum degi, það er langhlaup,“ segir Sigríður Hrefna.

Í október 2013 var kynnt skýrsla um vinnumenningu innan lögreglunnar.

Í skýrslunni, sem byggð er á könnunum og viðtölum við lögreglumenn, kemur meðal annars fram að konur telja sig ekki hafa aðgang að efstu starfsstigum lögreglunnar, og að þær séu af samstarfsmönnum sínum taldar síður hæfar til lögreglustarfa en karlar. Embætti Ríkislögreglustjóra ákvað í kjölfar skýrslunnar að bregðast við. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær er stefnt að því að boða lögreglustjóra landsins á námskeið síðar á árinu þar sem sérstök áhersla verður lögð á jafnréttismál. Þá ætlar Ríkislögreglustjóri að leggja áherslu á að bæta hag kvenna í neðri þrepum lögreglunnar. johanna@frettabladid.is



**FÁAR KONUR** Af öllum lögreglumönnum í landinu eru um þrettán prósent konur. Mörgum þeirra finnst þær hafa átt erfitt uppdráttar innan lögreglunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Verksvið aðstoðaryfirlögregluþjóns

Hann er yfirlögregluþjóni til aðstoðar. Stjórn og ábyrgð á deildum svo og tilteknum verkefnum sem honum eru falin og krefjast sérstakrar þekkingar, þjálfunar og/eða menntunar, þar með talin rannsókn mála og aðstoð við saksókn. Eftirlit með reglum og að fyrirmælum sé framfylgt og að fjárhagslegur rekstur deilda eða eininga sé innan fjárheimilda.


Veldu **notaðan Kia** með **lengri ábyrgð**

KIA The Power to Surprise




**Kia Sorento EX Lux 2,2**
Árg. 2012, ekinn 75 þús. km, dísil, 198 hö., sjálfskiptur, eyðsla 6,7 l/100 km.*
**Verð: 5.890.000 kr.**
Greiðsla á mánuði
**49.900 kr.****
**M.v. 61% innborgun og 60 mán. óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,42%.




**Kia Picanto LX 1,0**
Árg. 2012, ekinn 73 þús. km, bensín, 69 hö., beinskiptur 5 gíra, eyðsla 4,2 l/100 km.*
**Verð: 1.480.000 kr.**
Greiðsla á mánuði
**19.990 kr.****
**M.v. 39% innborgun og 60 mán. óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 12,08%.




**Kia Sorento EX 2,2**
Árg. 2012, ekinn 53 þús. km, dísil, 198 hö., sjálfskiptur, 4x4, eyðsla 6,7 l/100 km.*
**Verð: 5.690.000 kr.**




**Kia cee'd LX 1,4**
Árg. 2013, ekinn 28 þús. km, dísil, 90 hö., beinskiptur 6 gíra, eyðsla 4,1 l/100 km.*
**Verð: 2.990.000 kr.**




**Kia Sportage EX 2,0**
Árg. 2013, ekinn 39 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, 4x4, eyðsla 6,9 l/100 km.*
**Verð: 5.390.000 kr.**




**Kia cee'd LX 1,6**
Árg. 2012, ekinn 45 þús. km, dísil, 116 hö., 6 gíra, sjálfskiptur, eyðsla 4,4 l/100 km.*
**Verð: 2.850.000 kr.**

*Uppgefnar eyðslutölur framleiðanda m.v. blandaðan akstur.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 14-0566

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is
**Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16**



# TAX FREE

Allar þvottavélar og þurrkarar* frá
Electrolux
AEG
ZANUSSI
exquisit



# TAX FREE

Allar uppþvotta-vélar* frá
Electrolux
AEG
exquisit

# TAX FREE

Allir örbylgjuofnar frá
Electrolux
exquisit
DAEWOO



Öll kæli- og frystitæki* frá
Electrolux
ZANUSSI
exquisit
DAEWOO

# TAX FREE



## FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS!

# RISA TAX FREE HELGI



# TAX FREE

Öll smátæki* frá
Electrolux cloer
DOMO TRISTAR PRINCESS
BRAUN BOSCH



# TAX FREE

Allir ofnar og hellu-borð* frá
Electrolux
AEG
SIEMENS



# TAX FREE

Allar ryksugur* frá
Electrolux
AEG

# TAX FREE

Allar eldavélar, viftur og háfar* frá
Electrolux
ZANUSSI
exquisit



# TAX FREE

*Við afnemum virðisaukaskatt af nær öllum vörum um helgina svo að þú getur sparað umtalsverðar upphæðir. Gildir ekki um vörur á tilboði. Rafha stendur að sjálfsögðu skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Rafha og jafngildir 20,32% afsl. Allar nánari upplýsingar á www.rafha.is.

**Rafha ehf**

**Opið**
virka daga 9-18
laugardag 11-17
sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16  108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**

Nýr samningur Kynnisferða:

# Fékk umboðið fyrir Enterprise

**VIÐSKIPTI** Bílaleiga Kynnisferða er orðin umboðsaðili alþjóðlega bílaleigufyrirtækisins Enterprise Rent-a-Car á Íslandi.

Enterprise Rent-A-Car er hluti af stærstu bílaleigu heims, Enterprise Holdings í St. Louis í Bandaríkjunum. Bílaleigan rekur 8.100 sölustaði um allan heim.

„Í kjölfar samningsins mun merki Enterprise verða sýnilegt víða um land á næstu mánuðum,“ segir í tilkynningu Kynnisferða. -hg

Tölur um greiðslubyrði húsnæðislána á Norðurlöndum gefa skakka mynd:

# Bera þarf saman lengd lána

**VIÐSKIPTI** Samanburður á greiðslubyrði heimilanna vegna húsnæðiskostnaðar gefur skakka mynd af stöðu húsnæðiskerfanna, segir Gylfi Arnbjörnsson. Í Hagsjá Landsbankans í gær kom fram að samanburður á húsnæðiskostnaði á milli Norðurlanda bendir til þess að Danir greiða hlutfallslega langmest af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæði. Íslendingar greiða minna en Norðmenn, Svíar og Danir, en Finnar greiða minnst. Þessar tölur hafa vakið athygli í ljósi þess hversu mikið ASÍ og félagsmálaráðherra hafa horft til danska kerfisins.

„Við erum með 40 ára lán en Danir eru með þrjátíu ára lán. Það þarf svolítið að bera saman þennan mismun. Og líka það að vísitala Hagstofunnar reiknar meðalgreiðslubyrði heimilanna. Þeir sem búa í skuldlausu eru líka partur af vísitölu Hagstofunnar. Það er auðvitað líka mjög lág greiðslubyrði þeirra. Þannig að þetta gefur skakka mynd af þessu,“ segir Gylfi. -jhh



**GYLFI ARNBJÖRNSSON** Forseti ASÍ er talsmaður þess að Ísland taki upp danskt húsnæðiskerfi.

Ferðamönnum fjölgar ört:

# 23% aukning ferðamanna

**FERÐAMÁL** Tæpum fjórðungi fleiri erlendir ferðamenn fóru frá landinu í júní í ár en í fyrra. Þeir voru samtals um 110.600. Aldrei hafa verið fleiri ferðamenn hér á landi í júní.

Þetta kemur fram í talningum Ferðamálastofu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Flestir voru Bandaríkjamenn eða 19,2 prósent af heildarfjölda ferðamanna í júní. Næstfjölmennastir voru Þjóðverjar sem voru 15,6 prósent af heild. - nej



**ÁGÆTUR** Eiríkur vakti athygli árið 2006 þegar hann fékk ágætiseinkunn frá Harvard-háskóla. MYND/HRÖNN

Ákvörðun dómnefndar í hús:

# Eiríkur Jónsson prófessor við HÍ

**FÓLK** Eiríkur Jónsson, doktor í lögfræði frá Háskóla Íslands, hefur fengið stöðu prófessors við lagadeild skólans.

Þetta er samkvæmt ákvörðun rektors en hún er byggð á áliti dómnefndar og afgreiðslu framgangsnefndar Háskóla Íslands. Eiríkur hefur starfað sem settur héraðsdómari og ritað þrjár bækur á sviði lögfræðinnar, auk þess að hafa skrifað á annan tug fræðigreina. Hann hefur einnig umsjón með kennslu við Lagadeild Háskóla Íslands. - nej

**VIÐSKIPTI**

### Óhagstæð vöruskipti

Bráðabirgðatölur frá Hagstofu Íslands sýna að vöruskipti í júní voru óhagstæð um 7,7 milljarða. Þannig nam útflutningur í mánuðinum 40,7 milljörðum króna á meðan innflutningur nam 48,4 milljörðum króna.

# Verksmiðja sem framleiðir dísilolíu gæti risið í Helguvík

**Tíu þúsund fermetra verksmiðja sem myndi framleiða um 40 milljónir lítra af dísilolíu á ári gæti risið í Helguvík. Tækni þar sem kurluð gúmmídekk verða að dísilolíu yrði notuð til framleiðslunnar. Fengu vilyrði fyrir lóð.**

**IÐNAÐUR** Um tíu þúsund fermetra verksmiðja sem myndi framleiða dísilolíu úr notuðum dekkjum gæti risið í Helguvík á næstu árum. Forsvarsmenn verkefnisins hafa skrifað undir viljayfirlýsingu við Reykjaneshöfn um lóð á iðnaðarsvæðinu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gera áætlanir þeirra ráð fyrir verksmiðju sem gæti framleitt um 40 milljónir lítra af dísilolíu á ári. Olían yrði framleidd fyrir innanlandsmarkað.

Verkefnið ber vinnuheitið G$^2$ en það hefur verið í undirbúningi í um eitt ár. Áætlaður byggingarkostnaður er um 4,5 milljarðar króna.

Verksmiðjan mun búa yfir nýrri tækni sem breytir kurluðum gúmmídekkjum í dísilolíu í framleiðsluferli sem nefnist hitasundrun (e. pyrolysis) þar sem hiti orsakar umbreytingu efna úr einu formi í annað. Við framleiðsluna myndast einnig aska og gas. Verksmiðjan yrði að hluta til knúin með gasinu en einnig rafmagni. Askan yrði flutt út og seld í frekari iðnaðarframleiðslu.

Ingvar Eyfjörð, einn forsvarsmanna verkefnisins, staðfestir vilyrðin fyrir lóð í Helguvík. Hann segist ekki vilja tjá sig nánar um stöðu verkefnisins en tekur fram að það sé grænt, útblástur verksmiðjunnar verði lítill og að framleiðslan breyti mengandi sorpi í umhverfisvæna eldsneyti.

„Við erum að horfa á Helguvík því aðstæður þar eru mjög góðar. Þar er búið að byggja upp iðnaðarsvæði með höfn og öðrum innviðum sem hentar starfseminni vel,“ segir Ingvar.

haraldur@frettabladid.is



**TEIKNING** Búið er að frumhanna verksmiðjuna þar sem sjá má merki G$^2$.

> **Við erum að horfa á Helguvík því aðstæður þar eru mjög góðar. Þar er búið að byggja upp iðnaðarsvæði með höfn og öðrum innviðum sem hentar starfseminni vel.**
>
> *Ingvar Eyfjörð, einn forsvarsmanna verkefnisins.*



**HELGUVÍK** Reykjaneshöfn hefur úthlutað lóðum undir tvö kísilver, vatnsverksmiðju og álver. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is


Öryggisgæsla aukin á flugvöllum víða í tengslum við flug til Bandaríkjanna:

# Engar breytingar fyrir farþega

**SAMGÖNGUR** Farþegar í flugi frá Keflavík til Bandaríkjanna þurfa ekki að reikna með töfum þrátt fyrir að öryggiskröfur hafi verið auknar vegna flugs til Bandaríkjanna á sumum flugvöllum.

„Það er ekki að vænta neinna breytinga fyrir farþega,“ segir Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Isavia. Hann vill ekki gefa upp hvort óskað hafi verið eftir hertri öryggisgæslu á Keflavíkurflugvelli. „Farþegarnir yrðu í öllu falli ekki varir við neitt, þó svo að einhver fyrirmæli hefðu komið.“

Fréttavefur BBC greinir frá því að öryggisgæsla hafi verið hert á sumum flugvöllum vegna flugs til Bandaríkjanna, þar með talið á nokkrum breskum flugvöllum. Þrátt fyrir aukna öryggisgæslu er ekki búist við „umtalsverðum“ töfum fyrir farþega, segir Patrick McLoughlin, samgönguráðherra Bretlands, í samtali við BBC.

Bandarískir fjölmiðlar hafa greint frá því að hryðjuverkasamtök tengd al-Kaída og Jemen séu að hanna sprengjur sem eru sérstaklega hugsaðar til að smygla um borð í flugvélar.

Samkvæmt upplýsingum BBC frá heimavarnarráðuneyti Bandaríkjanna eru auknar öryggiskröfur viðbrögð við ógnum sem teknar séu alvarlega. -bj



**ENGAR TAFIR** Verði öryggisgæsla aukin í flugi til Bandaríkjanna frá Keflavík munu farþegar ekki verða varir við það. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

PIPAR\TBWA • SÍA • 141348






**VIKING GENESIS GÖNGUSKÓR**
Stærðir 36–46
**35.990 KR.**



**VIKING STETIND GÖNGUSKÓR**
Stærðir 38–48
**54.990 KR.**



**VIKING APEX BOA GTX**
KK stærðir 41–47
KVK stærðir 37–42
**27.990 KR.**



**VIKING ZENTHIH GTX GÖNGUSKÓR**
Stærðir 41–47
**21.990 KR.**



**VIKING RUGGED GTX**
Stærðir 41–47
**24.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA



Gestir á vörumerkjasýningu:

## Lýsi í Sjanghæ

**NEYTENDUR** Lýsi fór á vörusýningu í Sjanghæ um síðastliðna helgi. Þetta er í annað sinn sem Lýsi fer á vörusýninguna en hún er stór í sniðum og beinist fyrst og fremst að markaðnum í Kína. -nej

Össur Skarphéðinsson vill að reglur um urriða í Þingvallavatni verði hertar:

## Urriðinn fái að njóta vafans

**VEIÐI** Æskilegt væri að Veiðifélag Þingvallavatns setti svipaðar reglur um veiði á urriða í öllu Þingvallavatni og gilda fyrir þjóðgarðinn, segir Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, í svari við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi.

Samkvæmt reglum þjóðgarðsins verða veiðimenn að sleppa öllum urriða á tímabilinu 20. apríl til 1. júní. Þá mega þeir aðeins veiða með flugu og aldrei af báti.

Össur fagnar því að ráðherrann vilji vernda stofninn. „Veikleikinn í svarinu er hins vegar að ráðherrann segir svart á hvítu að Veiðimálastofnun viti ekki nægilega mikið um stofninn. Þá tel ég svartalágmark að stjórnvöld beiti sér fyrir strangari reglum, sem ættu meðal annars að skylda stangveiðimenn til að sleppa öllum stórurriða þangað til það mat liggur fyrir. Urriðinn á að njóta vafans,“ segir Össur.

Hann segir það mat sérfræðinga að hrygningarstofn hins svokallaða ísaldarurriða sé hugsanlega undir 1.500 fiskum. „Það þarf ekki mikla ofstopaveiði til að höggva stór skörð í svo lítinn stofn fari menn ekki ofurvarlega.“

Össur bendir á að ásókn í urriðann sé að aukast. „Menn eru að byrja að markaðssetja stórurriðann erlendis og fiskisagan spyrst, enda hvergi í heiminum hægt að veiða jafn stóra urriða og hér á Íslandi, þar sem menn hafa í vor verið að veiða fiska sem líklega losa 30 pund miðað við lengdarmælingar.“ -bj



**22 PUND** Össur Skarphéðinsson er sérfróður um ísaldarurriðann í Þingvallavatni, og sést hér með 22 punda urriða sem hann veiddi í Öxará.



**UTA Í HÖFN Á REYÐARFIRÐI** Unnið er að lausn á málum eiganda skipsins sem legið hefur í höfn frá 18. júní. MYND/ÞURÍÐUR LILLÝ

Skip enn í óskilum:

## Unnið að lausn

**SAMGÖNGUR** Flutningaskipið UTA liggur enn í höfn á Reyðarfirði en sýslumaður kyrrsetti það þann 18. júní síðastliðinn vegna óuppgerðra krafna eiganda þess. Samkvæmt upplýsingum frá bæjaryfirvöldum í Fjarðabyggð er skipið í eigu fyrirtækisins MS „Jop“ Schiffahrtsgesellschaft mbH. & Co. Reederei KG sem er með höfuðstöðvar sínar í Þýskalandi en umboðsaðili leigutaka var Thor Shipping.

Skipið átti að flytja 7.000 tonn af áli frá Alcoa Fjarðaáli til Evrópu en sá farmur er farinn þótt fraktskipið fari hvergi að sinni. Að sögn sýslumannsins á Eskifirði er verið að vinna að lausn málsins. -jse

# Mikil spenna vegna morðs á palestínskum unglingi

Spennan hefur aukist í samskiptum Ísraels og Palestínu vegna dauða fjögurra táninga. Palestínumenn hafa mótmælt á götum úti og hefur grjótkasti mótmælenda verið svarað með gúmmíkúlum og táragasi lögreglu.

**ÍSRAEL, AP** Hundruð félagsmanna Hamas-samtakanna hafa verið handtekin á Vesturbakkanum í Palestínu vegna rannsóknar á dauða þriggja ísraelskra unglinga. Útför palestínsks drengs, sem fullyrt er að hafi verið myrtur til að hefna fyrir dauða unglinganna þriggja, var frestað í gær til að hægt væri að kryfja líkið.

Spennan hefur vaxið gríðarlega síðustu daga. Palestínumenn hafa skotið eldflaugum og sprengjum úr sprengjuvörpum á svæði Ísraelsmanna, en engar fréttir hafa borist af því að fólk hafi orðið fyrir sprengjunum. Ísraelski herinn hefur svarað með loftárásum og hafa í það minnsta tíu særst í þeim.

Þá sló í brýnu milli Palestínumanna og lögreglu í austurhluta Jerúsalem, þar sem Palestínumenn hentu steinum í lögreglu, sem svaraði með því að skjóta gúmmíkúlum og táragasi á mannfjöldann. Tugir Palestínumanna særðust í átökunum.

Foreldrar Mohammeds Abu Khdeir, sextán ára palestínsks drengs sem var numinn á brott á miðvikudag og fannst síðar látinn og illa brunninn í skógi, halda því fram að hann hafi verið myrtur af öfgasinnuðum Ísraelum.

Ísraelsk stjórnvöld saka á móti Hamassamtökin um að bera ábyrgð á dauða ísraelsku táninganna þriggja. Því neita talsmenn Hamas.

Ísraelski herinn flutti í gær hermenn og skriðdreka að Gasa-svæðinu. Talsmaður hersins sagði að tilgangurinn væri að verja Ísrael, en bætti því við að herinn væri tilbúinn að bregðast við frekari árásum Palestínumanna.

Lögreglan í Jerúsalem hélt í gær áfram að rannsaka dauða Abu Khdeir. Illa gekk að bera kennsl á lík hans þar sem það var illa brunnið. Talsmaður lögreglunnar sagði í gær að mikilvægt væri að finna ástæðuna fyrir morðinu. Mikilvægt væri að vita hvort ástæðan tengdist þjóðerni drengsins eða hvort um annars konar glæp hefði verið að ræða.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, sagðist í gær krefjast þess að réttlætið næði fram að ganga hratt og vel í þessu „ámælisverða morðmáli“.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, sagði í gær að það væri augljóst að öfgafullir ísraelskir landtökumenn hefðu myrt Abu Khdeir. Hann krafðist þess að morðingjar hans yrðu færðir fyrir dóm. brjann@frettabladid.is



**SKEMMDIR** Ísraelsk kona skoðar skemmdir á húsi í landnemabyggðunum sem palestínsk eldflaug olli. Ekkert manntjón hefur orðið í eldflaugaárásum Palestínumanna enn sem komið er. NORDICPHOTOS/AFP



**Í RÚST** Palestínskur maður virðir fyrir sér skaðann sem loftárás Ísraelshers olli í Gasa-borg. Tíu Palestínumenn særðust í loftárásunum, sem voru svar Ísraelshers við eldflauga- og sprengjuvörpuskotum Palestínumanna. NORDICPHOTOS/AFP



**VINSÆLT** Hátíðin er vinsæl á meðal bátaáhugamanna en háð því að veður sé gott.

Slæmt veður veldur frestun:

## Bátadögum í ár frestað um viku

**BREIÐAFJÖRÐUR** Ákveðið hefur verið að fresta Bátadögum á Breiðafirði um eina viku vegna slæmrar veðurspár, en djúp lægð hefur verið yfir landinu að undanförnu.

Bátadagar áttu að vera nú um helgina, þá fyrstu í júlí. Þeir verða þess í stað þá næstu, dagana 11.–13. júlí.

Hátíðin verður haldin í sjötta sinn nú í ár. Helgin snýst um að sýna báta, sigla þeim og sérstaklega kenna ungu kynslóðinni að róa. -nej

Þingmenn Suðurkjördæmis fluttu tillögu á síðasta kjörtímabili um flutning Landhelgisgæslunnar:

## Ráðherrar vildu flytja Landhelgisgæsluna

**STJÓRNSÝSLA** Á 139. löggjafarþingi var flutt tillaga til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar. Flutningsmenn tillögunnar voru allir þingmenn Suðurkjördæmis. Þrír núverandi ráðherrar voru flutningsmenn tillögunnar; Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra.

Að mati flutningsmanna fylgdu fjölmargir kostir því að flytja starfsemi Landhelgisgæslunnar á Suðurnesin. Atvinnuástand væri ekki gott á svæðinu sem og að heppileg aðstaða væri fyrir starfsemi stofnunarinnar, bæði húsnæði, flugbrautir og góð hafnaraðstaða gerði það að verkum að svæðið væri afar vel í stakk búið til að taka á móti stofnun sem þessari.

„Þá skiptir máli að á Suðurnesjum fengi Landhelgisgæslan aðstöðu til að sameina alla sína starfsemi og koma sér fyrir til framtíðar á einum stað. Nú er stofnunin með starfsemina dreifða í leiguhúsnæði á mörgum stöðum. Aðstaða fyrir alla starfsemi gæslunnar getur verið í byggingum á varnarsvæðinu og þar er landsvæði sem hægt er að laga að þörfum stofnunarinnar,“ segir í þingsályktunartillögunni.

Á þeim tíma var gerð athugun á því hvort rekstrarkostnaður gæslunnar myndi aukast við það að flytja hana til Suðurnesja. Óháð fyrirtæki var fengið til starfans og kom í ljós að rekstrarkostnaður Landhelgisgæslunnar myndi aukast um nærri 700 milljónir króna ef staðsetning gæslunnar væri á Keflavíkurflugvelli. -sa



**VILDU FLUTNING** Lagt var til að Gæslan yrði flutt á Suðurnesin.

netto
Kræsingar & kostakjör













# HUMAR PIZZA

**1 skammtur pizzadeig**
**rjómaostur**
**1 dós tómatakraftur**
**8-10 humarhalar**
**25 g smjör**
**3-4 hvítlauksgeirar, mjög fínt saxaðir**
**Parmesanostur**
**lúka af söxuðum, ferskum basilblöðum**

Fletjið pizzudegið út mjög þunnt. Blandið saman rjómaosti og tómatakrafti/púrru í jöfnum hlutföllum og smyrjið á pizzuna. Rífið ferskan parmesan-ost yfir.

Hitið ofn eða grill. Ef þið notið ofn er hann hitaður eins mikið og hægt er. Best er hins vegar að elda pizzuna á pizzasteini í grilli (það má líka nota slíka steina í ofni). Með því að nota stein fæst mikill undirhiti sem gerir botninn stökkari og líkari því sem við þekkjum úr pizzaofnum veitingastaða.

**Setjið botninn á steininn/í ofninn.**

Á meðan bræðum við smjör og setjum hvítlaukinn út í. Veltið humarhölunum upp úr bráðnu hvítlaukssmjörinu. Þegar pizzan fer að verða tilbúinn og á einungis nokkrar mínútur eftir er humarinum bætt út á og látinn bakast með síðustu mínuturnar.

**Takið pizzuna af grillinu/úr ofninum.**
**Rífið meiri Parmesanost yfir og sáldrið fersku basil yfir.**

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

5 kg




**1098** kr. kg

Grísakótilettur, frosnar í kassa, ca. 5 kg

## LAMBALÆRI – fyrir þig og þína!

Þú getur valið ókryddað, grillkryddað eða marinerað með kolagrillkryddi, kryddjurtum, New York, hvítlauk & rósmarín, piparmarinerað eða trönuberja- & eplamarinerað!



Kolagrill-marinerað

GOÐI

ÍSLENSKT

# LÚXUS Á GRILLIÐ

**1398** kr. kg

Verð áður ~~1598~~ kr. kg

Lambalæri, marinerað eða ókryddað

## LAMBAFILLE – frábært á grillið!

Þú getur valið ókryddað eða marinerað með kolagrillkryddi, New York eða hvítlauk & rósmarín!

26% afsláttur







New York - marinerað

**1398** kr. kg

Verð áður ~~1698~~ kr. kg

Grísahnakki á spjóti, hvítlauks og rósmarín eða New York marinering, erlendur

**3398** kr. kg

Verð áður ~~4598~~ kr. kg

Ungnauta entrecote, erlent

**3998** kr. kg

ÍSLENSKT

Verð áður ~~4498~~ kr. kg

Lambafille með fiturönd, ókryddað eða marinerað

Pylsa í brauði á 68 kr. stk.




**159** kr. pk.

Líf pylsubrauð, 5 stk.

**359** kr. pk.

Krónu pylsur, 10 stk.

2 í pk.



**498** kr. pk.

ÍSLENSKT

Ungnautahamborgarar, 120 g

Nýtt!




**2298** kr. pk.

6 í pk.

Hereford hamborgarar, 6x200 g

| Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|



**Hámark 2 kassar á mann meðan birgðir endast!**

# 998 kr. kassinn

Kit Kat, 36 stk.




## 535 kr. pk.

Grillbakki maískólfar 4 stk.



## 469 kr. pk.

Grillbakki m/sætum kartöflum

# GRILLPRENNA Krónunnar

GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4

## Grillað 'etta



## 2298 kr./pk.

**Partíbakkinn**

Kokteilpylsur
8 mini partýborgarar
foreldaðir m/brauði



## 2498 kr./kg

**Steikargrillarinn**

Grísaspjót með hvítlauk og rósmarín

Úrbeinaður grísahnakki, kolagrillmarineraður

Úrbeinuð kjúklingalæri, New York marineruð



## 3298 kr./kg

**Flotti grillarinn**

Lúxus grísakótilettur, með hvítlauk og rósmarín

Lambakótilettur, kolagrillmarineraðar

Lambainnralæri, kolagrillmarinerað

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

### Opnar upplýsingar gera umræðuna oftast betri:

# Leynd hvílir yfir mannúðinni

Ein af röksemdum andstæðinga hvalveiða er að veiðarnar séu ómannúðlegar; vegna ófullkominna veiðiaðferða sé dauðastríð hvalanna oft langt. Þetta er raunar röksemd sem meira mark er takandi á en ýmsum öðrum, eins og þeirri að hvalategundirnar sem íslenzkir hvalveiðimenn veiða séu í útrýmingarhættu, sem er augljóslega rangt.

Þeir sem eru fylgjandi hvalveiðum Íslendinga hafa hins vegar átt í ákveðnum erfiðleikum með að svara röksemdinni um ómannúðlegar veiðiaðferðir, því að haldbærar rannsóknir á aðferðunum og skilvirkni þeirra hefur vantað.

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra taldi sig reyndar þess umkominn í umræðum á Alþingi í vor að lýsa því yfir að hvalveiðar Íslendinga væru „gerðar með eins mannúðlegum hætti og hægt er“. Í sömu ræðu sagði hann engu að síður frá því að í fyrsta skipti ætti að afla haldbærra upplýsinga um að sú væri raunin og að aðferðir íslenzkra hvalveiðimanna væru sambærilegar við aðferðir sem notaðar eru í Noregi.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Samanburður á veiðiaðferðum norskra og japanskra hvalveiðimanna hefur einmitt leitt í ljós að þeir norsku ná í um 80 prósentum tilvika að drepa dýrið strax, en Japanirnir ná því ekki nema kannski í helmingi tilvika.

Samanburðurinn við Noreg skiptir þess vegna máli. Í sumar mun norskur dýralæknir, sem hefur rannsakað veiðiaðferðir hvalveiðimanna í Noregi, gera slíkt hið sama um borð í íslenzku hvalveiðiskipi. Verkefnið er á vegum Fiskistofu og NAMMCO, Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins.

Í umræðunum á þingi í vor sagði sjávarútvegsráðherra að upplýsingar sem safnað yrði í leiðangrinum yrðu „án efa aðgengilegar, til þess er þetta gert“. Verið væri að safna upplýsingunum í opinberum tilgangi og þess vegna yrðu þær aðgengilegar.

Nú kveður hins vegar skyndilega við annan tón. Fréttablaðið sagði í gær frá því að sjávarútvegsráðherra hefði fyrr í vikunni svarað fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur, formanni Vinstri grænna, á þann veg að niðurstöður rannsóknarinnar yrðu ekki gerðar opinberar. Þær yrðu eingöngu kynntar í nefnd NAMMCO um veiðiaðferðir og bornar þar saman við niðurstöður sambærilegra mælinga annarra aðildarríkja.

Þetta eru ekki traustvekjandi vinnubrögð. Ef niðurstöðurnar sýna að hvalveiðarnar eru eins mannúðlegar og hægt er, eins og sjávarútvegsráðherrann heldur fram, getur ekki verið að stjórnvöld vilji halda þeim leyndum. Leyndin hlýtur að vekja tortryggni um að glansmyndin sé eitthvað krumpaðri en menn hafa látið í veðri vaka.

Auðvitað á að birta almenningi niðurstöðurnar, á hvorn veginn sem þær eru. Ef eitthvað má betur fara varðandi veiðiaðferðirnar, á að nýta niðurstöðurnar til að bæta úr því.

Það er misskilningur að halda að hægt sé að forðast erfiða umræðu um hvalveiðar með því að halda upplýsingum leyndum. Leyndin skapar tortryggni og ýtir undir getgátur. Opnar upplýsingar gera umræðuna hins vegar oftast betri, þótt menn kunni að túlka staðreyndir á mismunandi hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

VÖNDUÐ OG GÓÐ GRILL Á FRÁBÆRU VERÐI!




netto
Kræsingar & kostakjör
www.netto.is | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Grandi |

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Skammvinnar vinsældir**

Ragnheiður Elín Árnadóttir var langvinsælasti ráðherra ríkisstjórnarinnar í tvo daga eftir að hafa verið jákvæð fyrir því að hægt yrði að láta það ganga að magnvöruverslanakeðjan Costco kæmi hingað til lands þrátt fyrir kröfur keðjunnar um að fá að selja ferskt bandarískt kjöt, lyf og áfengi í verslunum sínum, en slíkt er óheimilt eins og stendur samkvæmt gildandi lögum. Ragnheiður sagðist fagna aukinni samkeppni og vera tilbúin að gera það sem í hennar valdi stæði til að greiða úr fyrirliggjandi úrlausnarefnum.



**Aukin samkeppni af hinu góða**

Bændablaðið var ekki lengi að bregðast við yfirvofandi ógn í orðum ráðherra en í samtali við blaðið sagðist hún ekki vera að boða innflutning á hráu kjöti að kröfu Costco heldur að ákveðnar kröfur yrðu teknar til skoðunar. Hún sagðist þó almennt mjög hlynnt komu Costco vegna samkeppni í verslun og sagði að skoða skyldi ákveðna hluti sem þeir óskuðu eftir. Þótt ráðherrann segist ekki boða innflutning á hráu kjöti að utan má í orðum hennar greina ákveðinn vilja til þess að endurskoða reglur sem hingað til hafa hamlað samkeppni í landinu og hvort sem það leiðir til breytingar á innflutningi á kjötvörum eða einhvers annars er það jákvætt. Kannski verða vinsældirnar langvinnar.

**Frelsi í viðskiptum**

Flokkssystir ráðherrans og þingkonan Unnur Brá Konráðsdóttir tók í sama streng á vef Morgunblaðsins í gær þar sem hún sagði Costco ekki munu fá sérstakar undanþágur. Unnur sagði hins vegar að þetta myndi vonandi leiða til þess að liðkað yrði fyrir meira frelsi í viðskiptum. Að auki sagðist hún bjartsýn á að lögum um áfengissölu yrði breytt. Það er greinilegt að þeir sem eru hlynntir frjálsum viðskipum eiga von á góðum vetri. fanney@



## HALLDÓR




# Vond vinnubrögð

STJÓRNSÝSLA



**Katrín Jakobsdóttir**
formaður Vinstri grænna

Ekki hefur starfsfólk Fiskistofu stokkið hæð sína af fögnuði þegar sjávarútvegsráðherra tilkynnti að störf þess myndu flytjast frá Hafnarfirði til Akureyrar í einu vetfangi, enda bárust fréttir af því að starfsfólki hefði verið boðin áfallahjálp í framhaldinu. Hugmyndin með flutningi Fiskistofu er að færa störf út á landsbyggðina – jákvætt og mikilvægt markmið – en í ljósi frétta af því hvernig staðið er að flutningnum hljóta allir að velta því fyrir sér hvort ríkisstjórnin vinni hér meiri skaða en gagn.

Um langt árabil var litið á það sem eins konar náttúrulögmál að opinberar stofnanir væru á höfuðborgarsvæðinu, helst í Reykjavík. Vissulega eru það úrelt sjónarmið, ekki síst nú á tímum þegar tækniþróun gerir fólki mögulegt að sinna margs konar vinnu hvar sem er í heiminum. Það er líka eðlileg krafa að opinber störf dreifist um landið allt. Flutningur opinberra starfa út á land hefur oft gengið vel, bæði með flutningi stofnana en líka þegar svokölluð „störf án staðsetningar“ eru auglýst, en þá velur starfsfólk sjálft hvar á landinu það kýs að sinna vinnu sinni.

Í ljósi þessarar góðu reynslu má spyrja hvort ekki hefði verið hægt að bera sig öðruvísi að í tilfelli Fiskistofu. Í stað þess að tilkynna starfsfólki að stofnunin yrði flutt á einu bretti hefði mátt starfrækja áfram starfsstöð Fiskistofu í Hafnarfirði þar sem þeir starfsmenn sem svo kjósa gætu unnið áfram samhliða því að starfsstöð Fiskistofu á Akureyri yrði efld stig af stigi með það í huga að höfuðstöðvarnar yrðu þar til framtíðar.

Vinnubrögðin eru svo kapítuli út af fyrir sig en í þessu tilfelli ætti að vinna með starfsfólki en ekki tilkynna ákvarðanir ráðherra einhliða. Alþingi þarf líka að hafa aðkomu að málinu, til að mynda virðist vanta lagastoð fyrir flutningnum og að sjálfsögðu þarf að liggja fyrir kostnaðarmat. Þá þyrfti Alþingi að marka heildstæða stefnu um flutning opinberra starfa þannig að starfsfólk hinna ýmsu stofnana þurfi ekki að lifa í sífelldum ótta um að störf þess verði flutt til fyrirvaralaust. Góð vinnubrögð frá upphafi myndu skila betri árangri.

**➜ Vinnubrögðin eru svo kapítuli út af fyrir sig en í þessu tilfelli ætti að vinna með starfsfólki en ekki tilkynna ákvarðanir ráðherra einhliða. Alþingi þarf líka að hafa aðkomu að málinu …**

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Dýrari strætó, takk

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Það er alltaf eins og köld vatnsgusa í andlitið þegar maður gengur út á strætóstoppistöð í upphafi sumars og uppgötvar að ferðatíðnin er orðin eins og næturtíðni í mörgum evrópskum höfuðborgum. Þótt einstaka stofnleiðir á höfuðborgarsvæðinu keyri enn á korters fresti er langalgengast að leiðir detti sjálfkrafa í 30 mínútna tíðni í byrjun júní.

Til að gæta sanngirni þá er það auðvitað ekki einsdæmi að þjónustutímar, jafnvel fyrirtækja í einkaeigu, séu misjafnir eftir árstíma. Vel má því vera að skynsamlegasta nýting þeirra peninga sem Strætó hefur til umráða feli einfaldlega í sér lægri ferðatíðni á sumrin. En auðvitað er þetta samt fúlt.

### Ekki væl

Fólk sem notar eitthvað sem hið opinbera styrkir mun auðvitað sjaldnast væla yfir því að styrkirnir séu of lágir. En meiri niðurgreiðsla er ekki krafa hér. Eðlilegt er að stjórnmálamenn leyfi notendum að borga almennilegt verð fyrir þjónustuna. En því miður: Menn fresta alltaf hækkunum og skera frekar niður þjónustuna vegna þess að þeir líta enn á strætó sem aðstoð við aumingja.

Gjaldskrárhækkunum Strætó sem taka áttu gildi 1. desember síðastliðinn var frestað. Þannig gátu menn farið í kosningabaráttu án þess að fá gagnrýni út á hækkun gjalda. Ég óttast að menn þurfi að borga þetta með „hagræðingu“ næsta haust. Þannig var það á seinasta kjörtímabili. Það er ekki gott að þjónustustig almenningssamgangna skuli vera háð því hve langt sé í næstu kosningar.

Þeir sem búa á suðvesturhorninu geta þó prísað sig sæla með sína hálftímatíðni á helstu leiðum. Á Akureyri hafa menn nánast gefist upp, þjónustan léleg en höfð ókeypis. En vegna þess að hún er ókeypis þá er ekki peningur til að hafa hana viðunandi. Nýlega var tilkynnt að ein af fjórum leiðum bæjarins, leið 2, sú leið sem keyrði þó með einhverri tíðni, myndi falla niður í sumar vegna þess að ekki tókst að manna sumarafleysingar.

Þessi punktur heyrist af og til: Að erfitt sé að manna strætó á sumrin vegna þess að þeir sem kunna að stýra stórum vögnum séu uppteknir við að keyra túrista upp í einhvern foss. En í grunninn er þetta bara spurning um peninga eins og allt annað. Þar sem jafnmargir kunna að keyra rútur í desember og júlí en meiri þörf er á vinnu þeirra á sumrin hækkar verð fyrir vinnu þessa fólks. Síðan má alveg benda fólki á að Ísland, Akureyri þar á meðal, er hluti af 500 milljóna manna atvinnumarkaði sem heitir „EES“. Einhverjir íbúar þar hljóta að kunna að keyra stóra bíla og þótt ég efist ekki um kosti þess að strætóbílstjórar kunni að ræða við farþega um landsins gagn og nauðsynjar á hinu ylhýra, þá kýs ég samt bílstjóra sem notast stundum við handabendingar og ensku fram yfir engan bílstjóra.

### Skömmtunarstefna

Í fæstum borgum eru almenningssamgöngur reknar með blússandi gróða. En samt væri gott að hugsa strætó eins og fyrirtæki, fyrirtæki sem vill stækka markaðshlutdeild sína, en ekki eins og sjálfboðaliða sem skammtar brauð í hungursneyð. Dæmi: Þegar fólk vill taka hjól í strætó ætti að hugsa: „Frábært, hvernig græðum við á því?“ En ekki: „Agalegt, hvernig stoppum við þetta?“ eins og gert var á Akureyri.

> Menn fresta alltaf hækkunum og skera frekar niður þjónustuna vegna þess að þeir líta enn á strætó sem aðstoð við aumingja.

Smá hliðarspor: Þegar ég bjó í smábænum Berlín í Þýskalandi var fólki leyft að taka hjól í strætó, það var einfaldlega skýrt út með stórum og hnitmiðuðum plakötum að barnavagnar og hjólastólar hefðu algeran forgang og hjólreiðamenn yrðu að yfirgefa vagninn ef einhverjir farþegar sem notuðust við slík farartæki þyrftu á rýminu að halda. Pæling?

### Að lokum

„Ég myndi taka strætó en það er of dýrt. Þjónustan mætti vera verri mín vegna.“ Hafa margir sagt það? Nei, fólk kvartar undan þjónustunni, ekki verðinu. Stjórnmálamenn þurfa að skilja það. Og sé ráðamönnum, á Akureyri sem annars staðar, alvara með að efla þennan samgöngukost þá þarf að hætta að líta hann sem fríkeypis lágmarksþjónustu fyrir fólk sem sökum aldurs, fátæktar eða heilsuleysis getur ekki keyrt bíl.

# Prófessor í útúrsnúningi

LANDBÚNAÐUR
Steinþór Skúlason
forstjóri Sláturfélags Suðurlands



> Það er fráleitt hjá prófessornum og útúrsnúningur að sá tortryggni um gæði hluta lambakjötsframleiðslunnar og gefa í skyn að verið sé að „troða“ lakari vöru í neytendur. Hann á að vita betur.

Vegna greinar Ólafs Arnalds, prófessors við Landbúnaðarháskólann, í Fréttablaðinu 3. júlí þar sem hann leggur út frá grein þar sem vitnað var í undirritaðan er rétt að eftirfarandi komi fram.

Bændasamtökin gerðu fyrir nokkrum árum samning við ríkisvaldið um að hluti af stuðningi við sauðfjárrækt væri færður úr beingreiðslum yfir í svokallað gæðastýringarálag. Markmiðið var að stuðla að betri búskaparháttum og betri ímynd sauðfjárræktar.

Fram hefur komið að um 93 prósent framleiðslunnar uppfylla þær kröfur sem gerðar eru og hefur því tekist mjög vel til að sveigja framleiðsluna að þessum kröfum. Það er Bændasamtakanna að svara fyrir það hvort kröfur gæðastýringar gangi nógu langt í atriðum sem lúta að landvernd eða öðru. Engin beiðni hefur komið fram frá Landssamtökum sauðfjárbænda eða Markaðsráði kindakjöts til Landssamtaka sláturleyfishafa um sérmerkingar vegna gæðastýringar og slíkri beiðni því ekki verið hafnað.

### Einstaklingsmerkt

Undirritaður var spurður um það hvort þetta kjöt væri aðgreint frá öðru kjöti í sláturhúsum landsins. Það hefur ekki verið gert í neinu sláturhúsi svo kunnugt sé. Allt kjöt er einstaklingsmerkt framleiðanda í sláturhúsum svo það er vel framkvæmanlegt að aðskilja þessi 7 prósent sem ekki eru undir gæðastýringu frá öðru kjöti. Það væri þá gert á grundvelli búskaparhátta en ekki þess að vara utan gæðastýringa sé verri í kjöteiginleikum. Kjötmat og eftirlit dýralækna tryggja þau gæði varanna.

Það er fráleitt hjá prófessornum og útúrsnúningur að sá tortryggni um gæði hluta lambakjötsframleiðslunnar og gefa í skyn að verið sé að „troða“ lakari vöru í neytendur. Hann á að vita betur.

Það er einnig útúrsnúningur að leggja út frá hugsanlegum merkingum. Að sjálfsögðu yrði engin vara merkt „Ekki gæðastýrð“ heldur 93 prósent vörunnar merkt „Gæðastýrð“.

Aukinn áhugi almennings á því hvernig vörur verða til er mjög af hinu góða og ber að fagna. Íslenskur landbúnaður byggir á fjölskyldubúum sem eru í góðri sátt við umhverfið og styrkleiki okkar landbúnaðar í samanburði við verksmiðjubúskap víða erlendis.

Það er svo í besta falli afar ósmekklegt að prófessorinn í lok greinar sinnar leggi út frá eigin útúrsnúningi og dylgi um slæm viðhorf annarra.




Verð: 4.590.000 kr.

Nú er komið að því að upplifa BMW. Lykilorðin eru gæði, sparneytni og afl. Komdu og reynsluaktu BMW 116d Sport með leðurklæddu stýri, upphituðum framsætum, rafdrifnu léttstýri, fjarlægðarvara að aftan, stillanlegum armpúða, SENSATEC BLACK sætum og álfelgum. Þú gerir ekki einungis góð kaup heldur færð allt það besta í þessum þægilega millistærðar-bíl sem sameinar alla helstu kosti BMW.

B|L

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

1.198 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



SVÍNAHNAKKI
verð áður 1.598 kr./kg

2.898 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



NAUTA INNRALÆRI
verð áður 3.598 kr.

1.926 kr./kg



SS MEXIKÓ GRÍSAKÓTILETTUR
verð áður 2.266 kr./kg

1.598 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



SVÍNALUNDIR
verð áður 2.398 kr./kg

1.898 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



NAUTA GÚLLAS
verð áður 2.398 kr.

1.645 kr./kg



KF LAMBALÆRISSNEIÐAR VILLIKR.
verð áður 1.898 kr./kg

1.298 kr./kg




KRYDDAÐAR SVÍNAKÓTILETTUR
verð áður 1.398 kr./kg

1.398 kr./kg




KF GRÍSAFILLE KRYDDAÐ
verð áður 1.855 kr./kg

3.128 kr./kg



SS ÍTALSKAR LAMBALÆRISNEIÐAR
verð áður 3.680 kr./kg

99 kr./pk.




MR. LEE NÚÐLUR 2 GERÐIR
verð 99 kr./pk.

490 kr./pk.




HAMBORGARAR 2X115G M/BRAUÐI
verð áður 540 kr./pk.

338 kr.




PIZZAOSTUR 200G
verð 338 kr.

498 kr./stk.




FK 2 LÍTRA VANILLU- EÐA SÚKKULAÐIÍS
verð 498 kr./stk.

998 kr.




COKE DÓSIR 12X0,33L
verð 998 kr.

1.228 kr. /kg




OSTUR GOTTI TILBOÐ
verð áður 1.535 kr./kg

198 kr.




HUNTS TÓMATSÓSA 680G
verð 198 kr.

398 kr.




KÓKÓMJÓLK 6 Í PK.
verð 398 kr.

VISA

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. www.fjardarkaup.is



898 kr./pk.

**KAFFITÁR AFRÍKUSÓL BAUNIR EÐA MALAÐ**
verð 898 kr./pk.



198 kr.

**HOMEBLEST 300G**
verð 198 kr.



298 kr.

**FREYJU HRÍS 200G**
verð 298 kr.



367 kr.

**ÞEYTITOPPUR**
verð 367 kr.



298 kr.

**KS SÆLUSNÚÐAR 250G**
verð 298 kr.



398 kr.

**HVÍTT NÓAKROPP**
verð 398 kr.



998 kr.

**PRINS PÓLÓ 18G X 56STK.**
verð 998 kr./kassinn



488 kr.

**VILKO VÖFFLUR**
verð 488 kr.

# FJARÐARKAUP HELGARTILBOÐ 4.–5. JÚLÍ



378 kr.

**HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR ÞRENNA**
verð 378 kr.



178 kr./kg

**BÖKUNARKARTÖFLUR**
verð 178 kr./kg



79 kr./stk.

**MIX, PEPSI MAX, PEPSI, APPELSÍN EÐA KRISTALL 0,33L**
verð 79 kr./stk.



472 kr./pk.

**HRÖKKBRAUÐ 3 GERÐIR**
verð 472 kr./pk.



398 kr./kg

**SÆTAR KARTÖFLUR**
verð 398 kr./kg

## SUMARLEIKUR FJARÐARKAUPA

**TAKTU ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM LEIK OG ÞÚ ÁTT MÖGULEIKA Á GLÆSILEGUM VINNINGUM!**

- Borgarferð fyrir 2 til Lissabon með Heimsferðum
- 2 barnareiðhjól frá Ellingsen
- ... og margt fleira

Heimsferðir · Ellingsen

FK FJARÐARKAUP

FK FJARÐARKAUP

# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1685** Halldór Finnbogason er brenndur á báli á Þingvöllum fyrir að snúa Faðirvorinu upp á andskotann. Þetta er síðasta galdrabrennan á Íslandi.

**1827** Þrælahald er afnumið í New York-ríki.

**1862** Lewis Carroll segir Alice Liddell sögu sem seinna varð að Lísu í Undralandi.

**1886** Frakkar gefa Bandaríkjamönnum Frelsisstyttuna.

**1903** Dorothy Levitt er fyrsta konan til að keppa í kappakstri.

**1914** Jarðarför Franz Ferdinands og konu hans, Sofíu, fer fram í Vín, sex dögum eftir að þau voru ráðin af dögum í Sarajevó.

**1946** Filippseyjar fá sjálfstæði frá Bandaríkjunum.

**1951** Bandaríski blaðamaðurinn William N. Oatis er dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir njósnir í Tékkóslóvakíu.

†



Við sendum okkar hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og veittu aðstoð við andlát og útför okkar elskulegu

**ERNU BRYNDÍSAR HALLDÓRSDÓTTUR.**

Starfsfólk krabbameinsdeildar 11E fær okkar bestu þakkir fyrir hlýja og góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Gabríela Bryndís Ernudóttir** — **Björn Þór Hilmarsson**
**Helga Bryndís Ernudóttir**
**Lilja Björk Björnsdóttir** — **Egill Tryggvason**
**Sturla Þór Björnsson** — **Rebekka Halldórsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir**
**Helga G. Halldórsdóttir**

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KOLBRÚN ÁRMANNSDÓTTIR**
**frá Tindum, Neskaupstað,**
**til heimilis að Funalind 7, Kópavogi,**

sem andaðist fimmtudaginn 26. júní, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju í dag, föstudaginn 4. júlí, kl. 13.00.

**Hallveig Hilmarsdóttir** — **Ingimundur Sigurpálsson**
**Birna Hilmarsdóttir** — **Samir Hasan**
**Tómas Hilmarsson** — **Valgerður Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**BIRNA KRISTÍN BJÖRNSDÓTTIR**
**Ársölum 3,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 28. júní. Hún verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 7. júlí kl. 13.00.

**Haraldur Kristjánsson**
**Kolbrún Haraldsdóttir**
**Kristján Björn Haraldsson** — **Guðfinna Unnur Gunnarsdóttir**
**Ásmundur Haraldsson**
**Berglind, Birna, Brynjar, Aron Gauti, Ástrós, Björn Henry, Björn Darri og Gunnar Alfreð.**

†



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**INGA INGIMUNDARSONAR**
**Borgarbraut 46,**
**Borgarnesi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunar- og dvalarheimilisins Brákarhlíðar.

**Jónína Björg Ingólfsdóttir**
**Unnur Ingadóttir** — **Grímur Lúðvíksson**
**Brynja Ingadóttir** — **Magnús Sigurðsson**
**Ingimar Ingason** — **Guðrún Margrét Hannesdóttir**
**Anna Ingadóttir** — **Sigurþór Leifsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**ÞETTA GERÐIST:** 4. JÚLÍ ÁRIÐ 1987

## Klaus Barbie dæmdur í lífstíðarfangelsi

Klaus Barbie, sem gekk undir nafninu slátrarinn í Lyon, var dæmdur í lífstíðarfangelsi þann 4. júlí árið 1987 fyrir stórfellda glæpi gegn mannkyninu.

Klaus var einn yfirmanna Gestapó-sveitar nasista í seinni heimsstyrjöldinni og árið 1984 var hann ákærður fyrir glæpi sem hann framdi fyrir Gestapó í Lyon á árunum 1942 til 1944. Réttarhöldin hófust þann 11. maí árið 1987 í Lyon og voru kærur á hendur honum alls 177 talsins. Var Klaus sagður ábyrgur fyrir flutningi meira en 7.500 franskra gyðinga og uppreisnarseggja í útrýmingarbúðir.

Klaus starfaði í áratugi fyrir bandarísk yfirvöld sem leyniþjónustumaður og var á endanum fluttur til Suður-Ameríku þar sem hann settist að í Bólivíu og varð kaupsýslumaður. Hann hélt áfram leyniþjónustustörfum sínum fyrir Bandaríkjamenn þrátt fyrir sífellt vaxandi óánægju franskra gyðinga sem réttilega töldu hann komast allt of vel frá hrikalegri fortíð sinni.

Eftir stjórnarskipti í Bólivíu í kringum 1980 samþykktu stjórnvöld þar í landi að framselja Klaus í skiptum fyrir frönsk hjálpargögn.

Klaus lést úr krabbameini í fangelsi árið 1991, þá 77 ára gamall. **-lkg**





**GRILLA OG BUSLA Í LAUGINNI** Það er aðeins öðruvísi loftslag á þessum tíma árs í Arizona og segir Kristín daginn fara í grill, busl í sundlauginni og svo er flugeldasýning um kvöldið. Amerísku flugeldarnir jafnast þó ekkert á við þá sem Íslendingar skjóta upp. Hér má sjá þau Kristínu, Baldur, Alex Óla og Aron Ben. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Alltaf flugeldar 4. júlí

Kristín Ólafsdóttir hefur verið búsett ásamt fjölskyldu sinni í Bandaríkjunum síðan árið 1993. Hún ætlar að halda upp á þjóðhátíðardag Bandaríkjamanna í góðra vina hópi, grilla og kæla sig í lauginni enda heitasti tími ársins um þessar mundir í bænum Chandler á stór-Phoenix-svæðinu í Arizona þar sem fjölskyldan býr.

„Við komum hingað saman í nám árið 1993 og heilluðumst. Lærðum í Arizona og höfum búið í Chandler á stór-Phoenix-svæðinu síðan við keyptum húsið okkar árið 2001. Skólagjöldin voru viðráðanleg og svo er hér hlýtt og notalegt allan ársins hring,“ segir Kristín Ólafsdóttir en í dag er þjóðhátíðardagur Bandaríkjanna sem þau halda upp á hverju ári. Kristín starfar sem viðburðastjóri fyrir rektor verkfræðideildar háskólans í Arizona, sem er einn stærsti háskóli Bandaríkjanna með yfir 76 þúsund nemendur, en þar sér hún um stórar og smáar uppákomur, veislur, ráðstefnur og útskriftir af öllum stærðum og gerðum. Baldur Benediktsson, eiginmaður hennar, starfar hjá APS (Arizona Public Service) sem er stærsta rafveita Arizona, þar sem hann sér um viðhald og uppbyggingu á vefsíðum fyrirtækisins. Saman eiga þau svo drengina Alex Óla, níu ára, og Aron Ben, fjögurra ára.

Fjórði júlí er mikill hátíðardagur í Bandaríkjunum og gjarna frídagur. Ef daginn ber upp á helgi eru oft dagarnir í kring teknir í frí til að lengja helgina. „Þar sem við búum á Phoenix-svæðinu sem er í Sonora-eyðimörkinni er hér yfirleitt mjög heitt 4. júlí og yfirleitt fer fólk út úr bænum eða safnast saman í bakgarðinum hjá vinum. Við höfum þann sið á að fara út úr bænum alltaf helgina fyrir eða eftir og þá yfirleitt til Norður-Arizona til að komast í aðeins kaldara loftslag en grillum alltaf eða förum til vina sem grilla þegar 4. er í miðri viku. Eitt árið vorum við á ströndinni í San Diego og horfðum á flugeldana frá Sea World sem var mjög gaman. Í ár er planið að grilla heima hjá okkur og kæla sig í lauginni,“ segir Kristín en yfirleitt eru hefðbundnar amerískar pylsur, steikur og hamborgarar á boðstólum.

Hvernig er 4. júlí frábrugðinn 17. júní-hátíðahöldunum í Reykjavík? „Hér í Arizona er meira um heimasamkvæmi og minna um það að fólk fari niður í bæ. Þó er boðið upp á samkomur en þær eru ekki eins vel sóttar nema þær séu innandyra. Einnig eru alltaf flugeldar um klukkan 10 á kvöldin á 4. júlí niðri í bæ en það er algerlega bannað fyrir almenning að skjóta upp nokkru sem Íslendingar myndu kalla alvöru flugelda, hér eru bara á boðstólum hálfgerðir prumphlutir sem varla fara upp í loftið því það er svo mikil eldhætta og nóg um skógarelda í kringum okkur svo ekki er á bætandi.“

> **”Það er algerlega bannað fyrir almenning að skjóta upp nokkru sem Íslendingar myndu kalla alvöru flugelda, hér eru bara á boðstólum hálfgerðir prumphlutir sem varla fara upp í loftið því það er svo mikil eldhætta og nóg um skógarelda í kringum okkur.**

Kristínu og fjölskyldu líkar lífið vestanhafs vel og stefna ekki heim í nánustu framtíð. „Það er mjög gott að búa hér og okkur líður mjög vel, en auðvitað hefur oft komið upp sú hugmynd að fara heim eða færa sig nær Íslandi, en rétta tækifærið aldrei komið enn þá. Aldrei að vita samt.“

alfrun@frettabladid.is

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

## BOLUNGARVÍK 40 ÁRA

**Í tilefni af kaupstaðarafmæli Bolungarvíkur verður haldin hátíð í bænum um helgina. Markaðsdagurinn er blanda af öflugu markaðstorgi og yfirgripsmikilli tónlistar- og fjölskylduskemmtun, auk fjölbreyttra leiktækja fyrir krakka á öllum aldri.**









**GÓÐIR Í TÖSKUNA** Compeed-blöðruplástrar fást meðal annars í Lyfjum og heilsu og í Apótekaranum.

# PLÁSTRAR SEM DRAGA ÚR SÁRSAUKA

**VISTOR KYNNIR** *Compeed hælsæris- og blöðruplástrar draga strax úr sársauka og flýta fyrir að sárið grói. Þeir henta vel sem fyrirbyggjandi aðgerð.*

Compeed eru einstakir plástrar sem eru sérhannaðir fyrir blöðrur og nuddsár. Plástrana má bæði nota fyrirbyggjandi til að forðast sár og blöðrur og einnig eftir að blaðra eða sár hefur myndast til að draga úr sársauka, vernda sárið og flýta fyrir að það grói. Að sögn Jódísar Brynjarsdóttur, markaðstengils hjá Vistor, virkar plásturinn eins og gerviskinn og helst hann fastur í marga daga. „Compeed-blöðruplástrarnir draga úr sársauka, verja húðina, bægja frá óhreinindum, vatni og sýklum og skapa húðinni kjörumhverfi til að gróa.“

Jódís segir plástrana byggja á vatnskvoðutækni þar sem innra lag plástursins er byggt upp af kvoðukenndu efni sem inniheldur rakadrægar agnir. „Þær draga í sig raka úr sárinu og breytast við það í gel sem verndar sárið og styrkir viðgerðarferli húðarinnar. Ytra byrði plástursins kemur í veg fyrir að vatn, óhreinindi og bakteríur komist í sárið en „andar“ og viðheldur rakajafnvægi, líkt og gerist í húðinni sjálfri.“

Þegar Compeed-blöðruplástur er notaður er gott að hita hann í höndunum í 1-2 mínútur áður en hann er settur á húðina. „Síðan er plástrinum þrýst á húðina og haldið í smá stund svo hann festist vel. Sé hann vel settur á helst hann fastur í marga daga, jafnvel þótt farið sé í sturtu eða sund.“

Compeed Medium er hinn hefðbundni hælsærisplástur en Compeed Extreme er hins vegar öflugri plástur sem þolir meira álag. Compeed Extreme er því sérlega hentugur fyrir fjallgöngur og lengri hlaup. Einnig fást litlir plástrar og plástrar fyrir tær ásamt stifti með áburði til að bera fyrirbyggjandi á núningsfleti.

Jódís mælir með að plástrarnir séu notaðir fyrirbyggjandi á helstu núningsfleti á fætinum, til dæmis fyrir hlaup, fjallgöngur eða þegar farið er í nýja skó. „Annars ber að nota Compeed um leið og þú finnur að blaðra eða núningssár er að myndast og sársaukinn hverfur eins og dögg fyrir sólu. Því er alltaf gott að vera viðbúinn og hafa Compeed í töskunni.“



**FYRIRBYGGJANDI** „Því er alltaf gott að vera viðbúinn og hafa Compeed í töskunni,“ segir Jódís Brynjarsdóttir, markaðstengill hjá Vistor. MYND/GVA
















**LEIKGLEÐI** Úrslitin skipta minna máli á Pollamótinu enda hittast þar eldri leikmenn af báðum kynjum og skemmta sér konunglega innan vallar sem utan. Stemningin og félagsskapurinn er í fyrirrúmi. MYND/ÚR EINKASAFNI

# GAMLAR KEMPUR RIFJA UPP TAKTA

**FÓTBOLTAMÓT** *Tæplega 70 lið taka þátt í Pollamóti Þórs um helgina. Þar hittast gamlar fótboltakempur af báðum kynjum og eiga góða stund saman.*

Pollamót Þórs og Icelandair hefst á Akureyri í dag og stendur fram á laugardag. Mótið hefur verið haldið frá árinu 1988 og er ætlað eldri leikmönnum í karla- og kvennaflokki. Margar eldri fótboltakempur mæta til leiks ár eftir ár og er alltaf mjög skemmtileg stemning á vellinum þegar gamlir liðsfélagar og andstæðingar mætast mörgum árum síðar, jafnvel örlítið þyngri og seinni en áður.

Jóhannes Steingrímsson hefur keppt á öllum Pollamótum frá upphafi með liðinu Bjartar vonir vakna úr Mývatnssveit. Hann segir alltaf jafn gaman að taka þátt og hitta gamla félaga. „Þetta eru alls 27 mót sem ég hef tekið þátt í og þau eru alltaf jafn skemmtileg. Hér mæta konur og karlar á öllum aldri og líka gamlir atvinnumenn og landsliðskempur. Ég er reyndar sá eini í liðinu mínu sem hefur tekið þátt allan tímann. Sumir eldri liðsfélaga minna eru fluttir héðan en nýir hafa komið í þeirra stað.“

Á mótinu keppa karlar í þremur aldursflokkum; Polladeildin er skipuð leikmönnum 30 ára og eldri, Lávarðadeildin inniheldur knattspyrnumenn 40 ára og eldri og í Öðlingadeildinni keppa leikmenn sem eru 45 ára og eldri. Konur keppa í tveimur aldursflokkum; Skvísudeildin er ætluð konum sem eru 20 ára og eldri og í Ljónynjudeildinni keppa konur sem eru 30 ára og eldri. Rúmlega 60 lið höfðu skráð sig til leiks fyrr í vikunni en lið eru yfirleitt 60 til 70 talsins.



**GAMAN SAMAN** Fjölskyldur sameinast. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Úrslitin eru ekki aðalatriðið á svona móti heldur stemningin og félagsskapurinn. Leikmenn hafa gaman af þessu og það er ekki mikil harka í leikjum.“ Fyrstu árin sem mótið var haldið var haldið lokahóf í Sjallanum. Með árunum þróaðist mótið út í meiri fjölskylduskemmtun enda fylgja makar og börn mörgum leikmönnum. „Í ár verður meðal annars boðið upp á HM-leiki á risaskjá í Hamri, leiktæki fyrir börnin og grillin verða heit allt mótið þar sem ýmislegt góðgæti verður í boði. Veðurspáin er kannski ekki frábær en eins og máltækið segir er enginn verri þótt hann vökni.“



**MAÐURINN MEÐ HATTINN** Jóhannes Steingrímsson heilsar ekki fyrirliða andstæðinga öðruvísi en með hattinn fræga á hausnum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# EKKI GEFA FUGLUNUM BRAUÐ

Ný skilti hafa verið sett upp við Reykjavíkurtjörn um brauðgjafir. Er það gert vegna varps æðarfugla, stokkanda, skúfanda og fleiri tegunda. Á skiltunum er fólk vinsamlegast beðið um að gefa fuglum ekki brauð yfir sumartímann, því brauðgjöf laðar að sílamáva.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að með auknum fjölda sílamáva við Tjörnina aukist líkurnar á að nýklaktir andarungar verði þeim að bráð. Endur hafi nóga fæðu á Tjörninni yfir sumartímann fyrir sig og ungana sína og því sé ekki þörf á að fóðra þær. Þá geti mikið magn brauðs aukið lífræna mengun í Tjörninni, ekki síst vegna þess að fjöldi fugla margfaldast þegar sílamávarnir mæti á Tjörnina.




Á nýju skiltunum kemur fram á íslensku og ensku að ekki skuli gefa brauð yfir sumartímann, frá 15. maí til 15. ágúst. Skiltin verða tekin niður seinni part ágúst enda er óhætt að gefa fuglunum við Tjörnina yfir haust- og vetrarmánuði.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# Lífið

**FÖSTUDAGUR**
**4. JÚLÍ 2014**

*Ný íslensk snyrtivara*
**HRUKKUBANI UNNINN ÚR FISKROÐI 2**

*Tinna Rún, bloggari*
**SVARTKLÆDDUR HIPPI OPNAR FATASKÁPINN 4**

*Skótískan*
**GÚMMÍSTÍGVÉL SKÓFATNAÐUR SUMARSINS 8**



*Sissa ljósmyndari*

# TVÍEFLIST VIÐ MÓTLÆTI

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



**Nafn?** Katrín Helga Andrésdóttir
**Aldur?** 21 árs

**Starf?**
Kaffibarþjónn á daginn, rappari á nóttunni.

**Maki?**
Selma Reynisdóttir kemst næst því.

**Stjörnumerki?**
Krabbi.

**Morgunmatur?**
Hverjum er ekki sama?

**Uppáhaldsstaður?**
Balí.

**Hreyfing?**
Að hlaupa á eftir strætó.

**Uppáhaldslistamaður?**
Jarvis Cocker, söngvari Pulp, hefur átt hug minn og hjarta síðan ég var þrettán ára.

**Uppáhaldsmynd?**
Mannen som elsket Yngve.

**A- eða B-manneskja?**
Stundum A, stundum B.

## HVERJIR HVAR?

Síðastliðið föstudagskvöld var Eldborgarsalnum í Hörpu breytt í leðurblökuhelli, þegar Friðrik Ómar og félagar settu upp fágaða og flotta tónleika til heiðurs Meat Loaf. Þar var Bat Out of Hell-platan leikin í gegn og tók salurinn vel undir.



Mátti þar sjá marga þekkta einstaklinga og ber þar helst að nefna hjónin Jónínu Benediktsdóttur og **Gunnar Þorsteinsson**, áður kenndan við Krossinn, og söng- og leikkonuna **Selmu Björnsdóttur** í góðum gír.



# SNYRTIVARA NÁTTÚRULEGT YNGINGARLYF ÚR FISKROÐI

*Hrönn, Kristín og Ása stefna með íslenskt kollagen í fæðubótarformi út í heim.*

„Það má alveg kalla þetta yngingarlyf úr fiskroði, náttúrulegt og íslenskt beint úr hafinu,“ segir Hrönn Margrét Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Ankra, nýs fyrirtækis sem býr til íslensk fæðubótarefni og snyrtivörur úr kollageni sem framleitt er úr fiskroði undir heitinu Feel Iceland og Frost Iceland.

Um er að ræða fæðubótarefni úr kollageni sem viðheldur teygjanleika og raka húðarinnar og minnkar verki í liðum svo eitthvað sé nefnt. Margir tengja eflaust efnið kollagen við yngingarefnið bótox. „Efnið er ekkert sérstaklega þekkt hér á landi en það hefur svipuð áhrif og bótox, fyllir upp í hrukkur nema kollagenið sem við búum til er alveg náttúrulegt. Þetta er í raun eins og vítamín. Það eru engin aukefni og það hefur sýnt sig og sannað að það gefur betri virkni að taka efnið beint inn,“ segir Hrönn, sem er viðskiptafræðingur að mennt.

Fyrirtækið var stofnað í fyrra af þeim Hrönn, Kristínu Ýri Pétursdóttur, sem er grafískur hönnuður, og Ásu Maríu Þórhallsdóttur snyrtifræðingi. Svo fengu þær til liðs við sig Biljönu Ilievska sem er efnafræðingur. Fyrirtækið er til húsa í Sjávarklasanum á Granda, sem er aðsetur fyrir frumkvöðlafyrirtæki með áherslu á haftengda starfsemi. Auk fæðubótarefnisins er verið að þróa krem og töflur úr kollageninu. Næst á dagskrá hjá fyrirtækinu unga er að koma vörunni út fyrir landsteinana og er stefnan tekin á Asíu.

„Þetta er í raun ákveðinn draumur að rætast hjá okkur öllum, að búa til okkar eigið. Við erum í viðræðum um að koma okkur út og og þá helst til Asíu þar sem við keyrum á íslenska vörumerkið. Kollagenið er til dæmis mjög þekkt og vinsælt efni í Japan.“

alfrun@frettabladid.is



Þær Hrönn, Kristín Ýr og Ása María létu drauminn rætast og búa nú til snyrtivörur úr fiskroði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### *Hvað er kollagen?*

**KOLLAGEN** er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans og er oft kallað límið sem heldur líkamanum saman.

**KOLLAGEN** finnst til að mynda í liðum, liðböndum, beinum, húð, hári og nöglum.



**KOLLAGEN** byggist upp á einstakri samsetningu amínósýra og eru það amínósýrurnar glýsín, prólín og hýdroxýprólín sem gera kollagenið sérstakt og eru þessar amínósýrur sjaldgæfar í fæðubótarefnum.

**KOLLAGEN** er nauðsynlegt til að viðhalda unglegri húð og fyrirbyggja hrukkur, það er einnig nauðsynlegt fyrir teygjanleika bandvefja húðarinnar. Með aldrinum minnkar framleiðsla líkamans á kollageni að meðaltali um 1,5 prósent á ári frá 25 ára aldri. Þá verður húðin þynnri, hrukkur byrja að myndast og liðir og liðbönd verða stirðari.

**SAGT ER** að kollagen sé sterkara en stálvír og því á sér stað lítil upptaka líkamans á kollageni þegar við borðum til dæmis fisk og kjöt.

**SAGT ER** að með inntöku á kollageni sé bæði verið að auka kollagenforða líkamans og einnig hraða endurnýjun kollagens. Ekki er búið að bæta neinum aukefnum út í Amino Collagen og er það alveg laust við fiskbragð. Sniðugt er að blanda því út í búst eða hafragraut.




## LÍFIÐ MÆLIR MEÐ …

*Tónlistarhátíð, hlustunarpartí og kántrífestival*

Það er margt og mikið að ske um helgina og um að gera að láta veðrið ekki draga úr góða skapinu. Lífið kíkti á nokkra atburði sem vert er að gefa gaum um helgina.



**Rauðisandur festival:** Tónlistarhátíð fyrir vestan. Sökum veðurs hefur hátíðin hins vegar verið færð frá Rauðasandi til Patreksfjarðar en það á ekki að skemma neitt enda margir af bestu tónlistarmönnum landsins sem koma fram á hátíðinni. **Amaba Dama**, Emilíana Torrini, Lay Low og My Bubba svo eitthvað sé nefnt. Dragðu fram gúmmístígvélin og lopapeysuna og af stað.



**Hlustunarpartí Gus Gus** á Boston í kvöld. Hefst klukkan 19.00. Einstakt tækifæri fyrir aðdáendur til að hlusta á nýja plötu rafsveitarinnar, Mexico, en sveitin mun einnig stíga á svið og taka nokkur lög fyrir viðstadda.

**Kántrífestival á Kex.** Það verður bandarísk stemning á Kexi í kvöld í tilefni af þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna. Mr. Silla og **Snorri Helgason** eru á meðal þeirra sem taka lagið.



## AUGNABLIKIÐ



Keira Knightley var einstaklega sumarleg í partíi Serpentine Gallerys í London í vikunni. Hún stal senunni í litríkum kjól frá Chanel, sem var óvanalegur að því leytinu til að pilsið var úr hvítu tjulli svo rétt sást í gylltu skóna. Frjálslegir lokkar og lítil förðun settu svo punktinn yfir i-ið hjá leikkonunni.

**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Sigríður Ella** Förðun: **Margrét Ásta**


Pågen
SNÚÐAR
Pågen
gifflar
KANILSNÚÐAR
OPNA HÉR!
PRODUCT OF SWEDEN
Pågen smásnúðar með dásamlegri kanilfyllingu,
súkkulaðifyllingu og vanillufyllingu.
Frábærir með kaffinu, í útileguna, -eða bara til að
nasla á þegar löngunin hellist yfir.
Pågen
gifflar
KANEL
DEN ORIGINALE
Pågen
gifflar
CHOKO
ÖPPNA OCH STÄNG!
Pågen
gifflar
VANILJ
ÖPPNA OCH STÄNG HÄR!
Pågen
-alltaf mjúkir
og góðir.
Við opnum og lokum snúðapokanum að framanverðu, þannig haldast snúðarnir mjúkir og góðir.

# FATASKÁPURINN TINNA KRISTÓFERSDÓTTIR

*Tinna er 24 ára starfsmaður í Suzie Q og heldur úti tískublogginu tinnarun.com. „Ég geng mest í svörtu og það er alveg uppáhaldsliturinn minn. Sumir vinir mínir ganga svo langt að kalla mig gothara. Á móti gothinu kemur samt óstjórnleg ást mín á öllu með kögri, ætli ég sé ekki bara svartklæddur hippi? Ég reyni þó að kaupa mér flíkur í lit einstöku sinnum, en þá eru það yfirleitt litir eins og hermannagrænn eða dökkblár. Ég vel oftast þröngt að neðan og vítt að ofan vegna þess mér finnst það henta mínu vaxtarlagi best. Það sumartrend sem ég gjörsamlega kolféll fyrir í ár eru sandalar í Birkenstock-stílnum og luma ég á einu pari með þykkum botni. Það hef ég notað óspart, bæði á táslunum og í skemmtilegum sokkum undir.“*



Tinna Rún er mikið fyrir svart og velur sér oftast föt sem eru þröng að neðan og víð að ofan.



**1** „Þessar eru glænýjar í fataskápnum. Kærastinn minn kom með þessar heim úr vinnunni fyrr í vikunni. Þær eru frá Nudie og er nýtt snið frá þeim. Ég veit ekki hvort okkar er ánægðara með þær, en kærastinn minn er algjör gallabuxnapervert og Nudie er eitt af hans uppáhaldsmerkjum. Þær eru samt klárlega strax komnar í uppáhald hjá mér líka.“



**2** „Þetta fallega hálsmen er frá Hildi Yeoman. Ég ætlaði að gefa systur minni gamla iPhone-inn minn fyrir stuttu síðan, hún tók það víst ekki í mál að fá hann gefins og kom færandi hendi með þessa gersemi.“



**3** „Þennan keypti ég fyrir nokkrum árum í H&M. Í tvö ár hefur hann valdið mér hugarangri en ég hélt að ég hefði selt hann í Kolaportinu í fyrra. Nei, nei, elsku kjóllinn birtist bara upp úr poka sem fannst uppi á háalofti. Ég var svo ótrúlega glöð að finna hann og er strax búin að ákveða hvenær ég ætla að klæðast honum.“



**4** „Þessir eru frá New Balance og voru hvorki meira né minna en fjórða parið mitt frá þeim. Þessir eru samt klárlega fallegastir af þeim sem ég á, svart, leður og sjúklega þægilegir, ég bið ekki um meira.“



**5** „Þessi jakki er frá meistaranum Alexander Wang. Ég er svo ótrúlega hrifin af þessu sporty lúkki. Hann er léttur og þægilegur og passar við nánast hvað sem er. Systir mín fékk þennan frá herra Wang eftir myndatöku hjá honum og hugsaði strax til mín, hún er yndisleg.“

MASTERLINE
Professional Beauty

ÉG NÆRI
BODY
BUTTER

Ég er súper mjúk og góð blanda fyrir líkamann þinn ef þú ert með þurra og mjög þurra húð. Flott blanda með góðum innihaldsefnum eins og Shea Butter og Argan olíunni sívinsælu.



www.master-line.eu
Made in Italy
Fæst í apótekum og Hagkaup

## GERIR ÚTVARPSÞÁTT OG LJÓÐABÓK OG KROTAR

### TÍU SPURNINGAR ALMA MJÖLL ÓLAFSDÓTTIR RITHÖFUNDUR



1. **Þegar ég var ung hélt ég að …** ég vissi allt.
2. **Núna veit ég þó …** að ég veit ósköp lítið um allt. En það er svo gott.
3. **Ég mun eflaust aldrei skilja …** hvað verður um sokkana mína, kveikjarana og hárteygjurnar.
4. **Ég hef engan sérstakan áhuga á …** að nenna þessari rigningu.
5. **Karlmenn eru …** ekki kettlingar.
6. **Ég hef lært að maður á alls ekki að …** gera eitthvað þegar það er best að gera ekki neitt. Gullna reglan: Alltaf gera ekki neitt. (Þessari reglu er sérstaklega beint til spennufíkla.) Höf. reglu: Frank Arthur Blöndahl.
7. **Ég fæ samviskubit þegar ég …** gleymi að namedroppa Heklu og Ljónínu Ben í viðtölum … BÚMM.
8. **Ég slekk á sjónvarpinu þegar …** RÚV er með kjaftæði sbr. spænska sápuóperan og Wallander.
9. **Um þessar mundir er ég upptekin af …** því að búa til pilot-útvarpsþátt, skrifa ljóðabók og krota.
10. **Ég vildi óska að fleiri vissu af …** bókinni minni 10.01 Nótt sem er seld í Máli og menningu, Iðu og Bóksölu stúdenta!

# Hafðu það notalegt með nýja bók




Tilboð
**2.999,-**
Fullt verð 3.499,-

**Amma biður að heilsa**




Tilboð
**2.499,-**
Fullt verð 2.999,-

**Skrifað í stjörnurnar**




Tilboð
**2.699,-**
Fullt verð 3.299,-

**Piparkökuhúsið**




Tilboð
**2.799,-**
Fullt verð 3.499,-

**Síðasta orðsending elskhugans**




Tilboð (hvor fyrir sig)
**2.799,-**
Fullt verð 3.499,-

**Afbrigði** **Andóf**




Tilboð
**2.699,-**
Fullt verð 3.299,-

**Lífsmörk**




Tilboð
**2.699,-**
Fullt verð 3.299,-

**Mamma segir**




Tilboð
**2.699,-**
Fullt verð 3.299,-

**Uppreisn**




Tilboð
**2.699,-**
Fullt verð 3.299,-

**Bragð af ást**



**BÓKABÚÐ**
**MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga til kl. 22.00**
**facebook.com/malogmenning**
Tilboð gilda til og með 7. júlí 2014

# LINSUNNI FYLGIR VALD

***Sigríður Ólafsdóttir, betur þekkt sem Sissa ljósmyndari, tók ung u-beygju í lífinu til að vinna sem ljósmyndari. Einstæð móðir með tvö börn lét hún drauminn rætast og stjórnar nú Ljósmyndaskólanum þar sem hún elur upp framtíðarljósmyndara, meðfram því sem hún sinnir eigin ferli.***

**Álfrún Pálsdóttir**
alfrun@frettabladid.is

Mér fannst alltaf töff og spennandi að vera ljósmyndari. Mig langaði að vinna við tísku því það var svo töff," segir Sigríður Ólafsdóttir, sem flestir þekkja betur sem Sissu ljósmyndara, hlæjandi.

Sissa er fædd og uppalin í Vesturbæ Reykjavíkur og hefur alla tíð verið „miðbæjarrotta". Hún er lærður þroskaþjálfi, starf sem hún hafði verið að vinna við síðan hún var unglingur.

„Ég var kringum 15-16 ára aldurinn þegar ég byrjaði að vinna sem þroskaþjálfi og vann á Skálatúnsheimilinu í mörg ár. Eftir útskrift fór ég á unglingaheimilið í Kópavogi og þar fannst mér æðislegt að vinna. Svo fékk ég bara nóg. Ég var orðin þreytt á að takast á við vandamál annarra allan daginn og langaði að breyta til. Ég vildi byrja að skapa og ljósmyndun varð fyrir valinu," segir Sissa en hún viðurkennir að það hafi verið heljarinnar u-beygja í lífinu. Margir höfðu efasemdir um þessa breytingu á sínum tíma en ljósmyndun var þá ekki algeng starfsgrein á Íslandi.

„Það voru margir sem sögðu mér að ég gæti aldrei unnið sem ljósmyndari, að það væri ekki hægt að læra að vera ljósmyndari því það væru meðfæddir hæfileikar. Sem er bölvuð vitleysa. Auðvitað er hægt að læra að verða ljósmyndari eins og hvert annað starf sem lærist. Það er auðvitað kostur að vera með eitthvað í sér, smá tilfinningu fyrir hlutunum. Ég hef alltaf haft það. Ég ætlaði fyrst að fara í innanhússarkitektúr en því fylgir svo mikil stærðfræði og ég er skelfileg í henni."

### *Talaði sig inn í skólann*

Sissa ákvað að fara út að læra ljósmyndun enda ekki mikið um menntun í þeim geira í boði á Íslandi á þessum tíma. Brooks Institute í Santa Barbara varð fyrir valinu. Fínn skóli með himinhá skólagjöld sem Sissa lét þó ekki á sig fá.

„Ameríka varð fyrir valinu. Pabbi bjó í Palo Alto og mig langaði flytja mig nær honum. Ég gerði mér ekki alveg grein fyrir fjarlægðinni þá en frá pabba til Santa Barbara var um átta tíma keyrsla. Þannig að maður er ekki mikið að flakka á milli. Ég er mjög ánægð að hafa valið þennan stað þó að skólinn hafi kannski verið of ferkantaður fyrir minn smekk, tæknilegur og ekki beint skapandi. Ég kynntist samt frábæru fólki og þetta var frábær staður að búa á. Svo fann ég svona minn stað í ljósmyndum enda skiptir það mestu í svona skapandi námi að vinna, gera, læra af mistökum og halda áfram," segir Sissa sem var 27 ára þegar hún byrjaði í náminu, þá ófrísk og einstæð.

„Þetta þótti svolítið svakalegt á sínum tíma og á þessum stað. Ég fékk oft símhringingar þar sem fólk var að spyrja mig út í það hvernig ég gæti þetta og fá ráðleggingar. Mér var meira að segja ráðlagt að ljúga og segja að maðurinn minn væri í hernum. Það þótti ekki passa saman, einstæð móðir í Brooks, þessum fína skóla. Ég gerði það samt ekki," rifjar hún upp, létt í bragði.

Sissa var harðákveðin í að fara í þetta nám og þegar hún féll í hinu alræmda TOEFL-prófi, sem er skylda hjá mörgum erlendum skólum fyrir inngöngu, lét hún ekki deigan síga.

„Ég er skelfilega lesblind og sérstaklega þegar þetta snýst um hraða eins og í þessu prófi. Svo ég tók það aftur en þá var skólinn byrjaður og ég spurði bara hvort ég mætti ekki koma út og byrja því mér hafi gengið svo vel í prófinu. Þannig að þegar niðurstöðurnar úr seinna prófinu komu sem sýndu að ég hafði fallið aftur komu kennararnir mér til varnar enda gat ég alveg talað og skilið ensku og ég fékk að halda áfram. Það er þessi lesblinda sem hrjáir svo marga sem eru í skapandi greinum, ég get næstum bent á þá nemendur sem eru hjá mér og þjást af lesblindu."

### *Kraftaverkabarnið*

Eflaust hefðu margar einstæðar, nýbakaðar mæður ekki lagt í þetta ferðalag. Fyrir Sissu var það samt aldrei spurning.

„Það var búið að segja við mig að ég gæti ekki eignast börn og ég trúði því. Ég hafði fengið stíflur í eggjastokkana og einhver læknir sagði ófrjósemi vera afleiðingu af því. Eftir að ég komst inn í Brooks fékk ég að vita að ég væri ófrísk og ég hugsaði að ég gæti ekki eytt þessu kraftaverkabarni og hélt áfram. Mig langaði í bæði, móðurhlutverkið og ljósmyndunina. Margir höfðu ekki trú á að ég gæti látið þetta ganga upp og reyndu að fá mig ofan af því en það fékk mig til að vilja þetta enn þá meira og vera harðákveðnari í að geta þetta."

Sissa segir þessa hugsun hafa einkennt líf sitt, að hún tvíeflist við mótlæti og trúir því að allir geti gert það sem þeir vilja. „Ég sé eitthvert fjall og efst á toppnum er takmarkið, í þessu tilfelli skírteinið, og ég bara ákvað að ég skyldi komast þangað. Ég trúi því að allt sé hægt ef maður vill það, maður kemst á toppinn. Stundum tekur það lengri tíma en maður ætlar sér og stundum þarf maður að fara einhverja krókaleið en ef maður gefst ekki upp hefst það á endanum."

Erla Hlín, eldri dóttir Sissu, fæddist 1987 og bjuggu þær mæðgur saman í Kaliforníu á meðan á námi Sissu stóð. Seinasta árið í náminu, þremur árum seinna, varð hún svo aftur ólétt, af yngri dóttur sinni Tinnu Emperu, sem var fimm daga þegar Sissa útskrifaðist. Sissa flutti þá heim með ljósmyndaskírteinið og tvær litlar stelpur í farteskinu.

„Pabbi Tinnu kom hingað með mér heim en var farinn sex mánuðum seinna. Sambandið var löngu búið en ég hélt í einhverja fjölskylduímynd sem mig langaði í enda búin að prufa að vera einstæð. En hann var ekki heppilegur kandídat í þá ímynd, því miður. Upphaflega, þegar ég komst að því að ég var ófrísk af Tinnu ætlaði ég í fóstureyðingu. Kvöldið fyrir dreymdi mig svo Tinnu og að við værum þrjár saman, ég Erla og Tinna og það gekk allt vel. Þá ákvað ég að láta þetta ganga."


MYNDIR/SIGRÍÐUR ELLA FÖRÐUN/MARGRÉT ÁSTA

Sissa og dæturnar tvær eru mjög samheldið þríeyki og hafa alltaf verið nánar. Hún er stolt af stelpunum sem eru, eins og móðirin, sjálfstæðar og sterkar. Erla Hlín er verslunarstjóri í Aftur á Laugavegi og Tinna Empera starfar sem sminka og hárgreiðslukona í New York. Þeim vegnar báðum mjög vel.

### *Elskar að kenna*

Eftir að hafa unnið sjálfstætt í mörg ár eftir heimkomuna ákvað Sissa að stofna Ljósmyndaskólann sem hún rekur nú í félagi við fyrrverandi eiginmann sinn, ljósmyndarann Leif Rögnvaldsson. Hún er skólastjóri og hann framkvæmdastjóri. Aðspurð hvernig það gangi að reka skóla og vinna svona náið með fyrrverandi manni sínum svarar Sissa:

„Við látum það ganga," segir Sissa og hlær. „Ég hef mikla unun af því að kenna og hef eignast fullt af góðum vinum hérna í skólanum, tengist öllum góðum böndum. Ég er samt líka ströng og læt vita ef mér líkar ekki eitthvað. Enda er það ein leið til að kenna fólki. Kenna fólki að taka gagnrýni og gera betur. Það gerir maður ekki með því að klappa fyrir öllu."

Sissa hefur unun af innanhússhönnun og það sést á útliti Ljósmyndaskólans. Sissa og Leifur sáu um að hanna útlitið sem minnir helst á stúdíóloft í New York þar sem búið er að spá í öllum smáatriðum. Það sama á við um skrifstofu Sissu þar sem hún situr í hálfopnu rými umvafin fjölskyldumyndum, póstkortum og upplýstum römmum af öllum stærðum og gerðum.

„Mér finnst mikilvægt að prenta út myndir sem mér finnst fallegar og hengja upp á vegg svo ég sjái þær alltaf. Maður er ekki alltaf með myndirn ar í tölvunni fyrir framan sig og skoð ar þær sjaldan sem er sorglegt. Þega Erla kom heim eftir að hafa verið úti hjá systur sinni í New York gaf ég henni box fullt af myndum sem ég hafði prentað út, allt Instagram- eða Facebook-myndir úr ferðinni sem hún hafði sent mér. Þetta fannst mér hún þurfa að eiga sem minningu."

### *Ljósmyndun er list*

Blaða- og fréttaljósmyndun hefur aldrei heillað Sissu, sem var einnig fljót að leggja tískudrauminn á hilluna. Hún kynntist verkum bandaríska ljósmyndarans Sally Mann í náminu og heillaðist. Nú er hún meira í skapandi ljósmyndun, óhefðbundnum fjölskyldu- og barnaljósmyndum. Hún segist sjaldan taka að sér nýja viðskiptavini, er með sína föstu sem núna eru farnir að mæta með barnabörnin.

Sissa hefur haldið tvær sýningar og stefnir í fleiri, í fyrra hélt hún sýn inguna Honesty, sem fjallaði um með virkni.

„Það var eitthvað sem stóð mér nærri. Meðvirkni er eitthvað sem ég hef unnið með lengi sjálf og fannst





*Mig langaði í bæði, móðurhlutverkið og ljósmyndunina. Margir höfðu ekki trú á að ég gæti látið þetta ganga upp.*

mjög gott að gera ljósmyndasýningu sem túlkaði það. Ljósmyndun er nefnilega svo sjaldan metin sem list hér heima. Við erum svo eftir á hvað það varðar. Það vill enginn borga pening fyrir ljósmynd sem er sorglegt því ljósmyndun er alveg jafn mikil list og málverk eða grafík,“ segir Sissa sem vinnur nú að næstu sýningu.

„Mig langar að halda mig í djúpum þemum og er búin að ákveða næstu sýningu þar sem ég tek fyrir kynferðisofbeldi gegn börnum. Það er nefnilega ákveðið vald sem fylgir linsunni, að taka mynd af einhverju og fá fólk inn í einn sal og sjá. Sjá þitt sjónarhorn. Það er magnað og maður verður að nota þetta vald til að varpa ljósi á eitthvað mikilvægt.“

## *Myndaalbúmið*







Sissa á góðri stundu ásamt dætrum sínum Tinnu og Erlu Hlín. Sissa tók þessa mynd af dætrum sínum, Erlu og Tinnu, og Maríu Birtu leikkonu og Elís fjölskylduvini fyrir mörgum árum. Sissa er dugleg að prenta út myndir og búa til myndaveggi í sínu nánasta umhverfi.



NORDICPHOTOS/GETTY



Fatahönnuðurinn **Stella McCartney** í gúmmístígvélum sem þola nánast hvað sem er.



Fyrirsætan og tískumógúllinn **Alexa Chung** í lágstemmdum gúmmískóm.



Söngkonan **Lily Allen** í vígalegum gúmmískóm við samfesting.



Söngkonan **Ellie Goulding** fjárfesti í þessum háu, svörtu gúmmístígvélum fyrir Glastonbury.

# TÍSKA SKÓFATNAÐUR SEM STENST VEÐUR OG VINDA

***Rigningin virðist ætla að heiðra okkur talsvert með nærveru sinni í sumar, líkt og síðasta sumar. Til að halda samt í gleðina er um að gera að vera vel skóaður enda úrvalið af gúmmískóm og -stígvélum gott á landinu. Svo er um að gera að sækja sér innblástur frá stjörnunum sem klikkuðu ekki á gúmmískófatnaði á nýafstaðinni Glastonbury-hátíð og sönnuðu að gúmmístígvél ganga við nánast allt.***



**Viking-gúmmískór**
Verð: 8.995 kr. í Steinari Waage.

**Viking-stígvél**
Verð: 13.995 kr. í Steinari Waage.

**Gúmmískór**
Verð: 13.995 kr. í Kaupfélaginu.

**Gúmmískór**
Verð: 8.995 kr. í Focus skóm.

**Gegnsæir gúmmískór**
Verð: 4.990 kr. í Dúkkuhúsinu.

LÍFIÐ/DANÍEL

SONOS

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM



**Hvað er SONOS?**
Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er. Spilaðu það sem þú vilt hvar sem er á heimilinu í gegnum Sonos kerfið sem er mjög einfallt í uppsetningu.

Spotify Google play

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



# MATUR ELDRAUTT OG BRÁÐHOLLT

***Meinhollir þeytingar úr íslensku grænmeti sem bæta og kæta heilsuna.***

## Miðjarðarhafsþeytingur

4 vel þroskaðir tómatar
3 stilkar sellerí með laufunum
75 gr. fjallaspínat eða annað íslenskt spínat (tvær góðar handfyllir)
1 handfylli íslenskt klettasalat
1 avókadó (má sleppa)
½ bolli fersk basilíka
Safi úr einni sítrónu
4 dl vatn

*Allt sett í blandara og blandað vel.*

## C-vítamínþruma

2 paprikur (rauðar, gular eða appelsínugular)
1 handfylli kirsuberjatómatar
½ gúrka
Safi úr ½ sítrónu
3 dl kalt vatn

*Allt sett í blandara og blandað vel.*

*Heimild: islenskt.is*



# IÐANDI

## LAUGARDAGUR Í IÐUHÚSINU
## 10 ÁRA AFMÆLI IÐU

Sirkus Íslands

SIRKUS ÍSLANDS SKEMMTIR GESTUM OG GANGANDI FRÁ 14.00–16.00. Á FACEBOOK-SÍÐU IÐU EIGIÐ ÞIÐ MÖGULEIKA AÐ VINNA TVO MIÐA Á SÝNINGU ÞEIRRA Í SUMAR!




ALLAR AUGLÝSTAR BÆKUR ERU MEÐ 40% AFSLÆTTI

FJALLABÓK BARNANNA FYLGIR ÖLLUM GÖNGULEIÐABÓKUM Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

TILBOÐ GILDIR TIL 7. JÚLÍ

HEILBRIGÐI TRJÁGRÓÐURS

HÖFUNDUR KYNNIR BÓK SÍNA FRÁ 14–16 OG GEFUR GÓÐ RÁÐ. PLANTA FYLGIR SELDUM EINTÖKUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

FRÍTT POPPKORN FYRIR BÖRNIN FRÍ ÍSKÚLA MEÐ VÖFFUSTÖNGUM OG AFMÆLISTILBOÐ Á ÍS ANDLITSMÁLUN FYRIR BÖRNIN

CAFÉ MEZZO

EKTA HEIMILISMATUR HLAÐBORÐ Á AÐEINS 1.800 KRÓNUR

Matstofan




sbarro

EKTA ÍTALSKUR MATUR

**ERTU Á HRAÐFERÐ?**

**SBARRO EXPRESS MÁLTÍÐIR**

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Sneið að eigin vali, salat & gosglas | 990 kr |
| 2 | Sneið að eigin vali, 2 brauðstangir & gosglas | 1.090 kr |
| 3 | Sneið að eigin vali, lítill pastaréttur & gosglas | 1.290 kr |
| 4 | 2 sneiðar að eigin vali & gosglas | 1.390 kr |

**Lækjargata 2a ,101 Reykjavík. Opið frá 9 - 22 alla daga**

# FÖRÐUN NAUÐSYNJAR Í SUMARSNYRTIBUDDUNA

*Lífið fékk að gægjast í snyrtibuddurnar hjá nokkrum vel völdum konum og sjá hvað væri nauðsynlegast að eiga yfir sumartímann. Nærandi krem með sólarvörn, sólarpúður fyrir sólarlausu dagana og frískandi andlitssprey eru meðal þess sem hægt er að bæta á innkaupalista sumarsins.*



**Ásta Sveinsdóttir,** eigandi suZushi og Roadhouse.

## Svo miklu meira en púður

**Sensai Bronzing-gel.**
Ég mála mig nánast ekkert á sumrin en þetta krem set ég á mig dagsdaglega. Þetta krem gefur húðinni raka og frísklegan lit. Silkimjúkt og hægt að nota yfir allt andlitið eða eins og sólarpúður. Svo er það SPF6. Áferðin er ótrúlega falleg og eðlileg.

**Steinefnapúður frá Make up store.**
Ég elska þetta púður. Þetta er svo miklu meira en púður. Nærir húðina, róar hana og stíflar ekki svitaholur. Verndar húðina fyrir geislum sólarinnar. Þú getur stjórnað áferðinni. Það er hægt að blanda því út í farða, kremið þitt eða setja það beint á þar sem þú vilt að það njóti sín.

**ADD VOLUME root and body lift frá KMS California**
Dásamlegt hársprey sem fær sko hárin til að rísa. Fullkomin fylling fyrir allar hárgerðir. Hárið verður oft svolítið flatt og líflaust yfir hásumarið. Gott að spreyja í handklæðaþurrt hárið og blása svo.



**Unnur Pálmarsdóttir,** framkvæmdastjóri Fusion og einkaþjálfari í World Class.

## Orkugefandi appelsínulykt

**Vitamin C Energising-andlitssprey frá The Body Shop.**
Ég hef notað C-vítamínlínuna frá The Body Shop í mörg ár. Húðin verður ferskari og það er mjög frískandi að spreyja á sig C-vítamínspreyinu því að appelsínulyktin er svo orkugefandi og nærandi. Alveg nauðsynlegt í snyrtitöskuna.

**Goat's Milk dag- og næturkrem frá Ziaja.**
Ziaja-andlitskremin eru mjög rakagefandi að mínu mati og ég hef notað vörur frá Ziaja í langan tíma með góðum árangri. Á sumrin er nauðsynlegt að næra húðina vel og styðja náttúrulegt endurnýjunarferli hennar. Goat's Milk-kremin gefa húðinni nærandi efni eins og E-vítamín, A-vítamín, próvítamín B5 (d-panthenol), geitamjólkur-complex og UVA/UVB organic filters.

**Terracotta-sólarpúður frá Guerlain.**
Alveg frábært púður við hvaða tækifæri sem er. Þegar ég vil vera fersk og fín þá set ég púðrið á mig og nota einnig sem augnskugga því litbrigðin í Terracotta-sólarpúðrinu eru svo falleg.



**Ingibjörg Reynisdóttir,** leikkona, rithöfundur og fótaaðgerðafræðingur.

## Sérpantaður farði án aukefna

Ég er yfirleitt ómáluð en það sem ég nota helst á tyllidögum er maskari frá L'Oreal, skrúfblýantur frá Artdeco og farði. Farðann sérpanta ég að utan því hann er laus við öll aukefni og er frá LA ROCHE-POSAY og heitir Toleriane teint. Glossinn sem ég nota er líka frá Artdeco.



**Nína B. Gunnarsdóttir,** ljósmyndari og stílisti

## Ljómandi húð og gljáandi hár

Moroccan oil gerir hárið svo fallegt og gljáandi. Terracotta-sólarpúðrið frá Guerlain er fallegt á litinn, gefur ljóma og lætur húðina líta einstaklega vel út. Er því algerlega ómissandi í snyrtibudduna í sumar. Glansandi og góðir glossar frá Chanel.



**Erna Hrund Hermannsdóttir,** förðunarfræðingur og bloggari.

## Mikilvægt að vera með sólarvörn á vörunum

**Guerlain Terracotta Joli Teint.**
Ég legg mikla áherslu á að nota góðar grunnförðunarvörur sem verja húðina vel. Ég heillast mikið af lituðum dagkremum með hárri vörn eins og þessu fallega kremi frá Guerlain. Kremið gefur húðinni líka aukabronsáferð sem er möst á Íslandi í dag ef sólin fer ekki að láta sjá sig.

**Dior Addict It-Lash Mascara**
Maskari er nauðsynlegur í allar snyrtibuddur en á sumrin förum við kannski frekar í vatnsheldu maskarana. Margar þola það kannski ekki eins og ég en þá eru það maskarar eins og þessi nýi frá Dior sem smitast ekki, hrynja ekki og er nánast hægt að fara með í sund – kannski bara ekki heita pottinn því hann rennur af með heitu vatni. Svo er þetta einn besti maskari sem ég hef prófað!

**Maybelline Baby Lips**
Góður varasalvi er ómissandi í sumarsnyrtibudduna mína. Allir Baby Lips-varasalvarnir eiga heima í minni en þar eru þrír litlausir sem eru allir með SPF20 – það er ekki síður mikilvægt að verja varirnar með vörn eins og húðina. Svo eru þrír litaðir og rauða og bleika litinn nota ég mikið í kinnarnar, þeir gefa létt-an lit og fallegan ljóma.




# TÍSKA SMEKKBUXURNAR KOMNAR AFTUR

*Helstu tískuspekúlantar heims hafa klæðst smekkbuxum undanfarið, með stuttum skálmum og síðum, úr gallaefni og jafnvel leðri. Hressileg sumartrend.*



Leðursamfestingur á tískupöllunum hjá Balmain.



Söngkonan Rita Ora í munstruðum smekkbuxum á Glastonbury.



Stutt og leður á götum New York.



Smekkbuxur með sumarlegu ívafi.

# 20 ára afmæli

## AÐ ÞVÍ TILEFNI
## ERU AÐEINS 3 VERÐ

**Kr. 2000** **Kr. 4000** **Kr. 6000**

## ALLT Á AÐ SELJAST

**Herra hafnarfjörður**
S. 572 3400

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Opið til kl 17.00
LAUGARDAG



## ÚTSALAN ER HAFIN
# 20-50%
## AFSLÁTTUR

**Mind Xtra**
Smart verslun fyrir konur

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Firði Hafnarfirði • Sími 556 3400

## Pinterest



### 361 Architecture

**http://www.pinterest.com/361architecture/**

Endalausar myndir af fallegri, öðruvísi og frumlegri hönnun – hvort sem það er iðn- eða innanhússhönnun. Arkitektastofan 361 Architecture leggur mikið upp úr því að hanna muni og hús sem eru vistvæn og vel hönnuð. Meðlimir stofunnar eru heldur ekki smeykir við að hrósa þeim sem gera vel eins og sést á Pinterest-síðunni þeirra.

## Instagram



### Manrepeller

**http://instagram.com/manrepeller**

„Gamansöm síða um alvarlega tísku." Þannig lýsir Leandra Medine Instagram-síðu sinni. Hún byrjaði sem bloggari árið 2009 en árið 2012 var hún valin einn af áhrifamestu trendsetturunum af Forbes. Þá kaus tímaritið Time bloggið hennar, Man Repeller, eitt af bestu bloggum ársins 2012. Instagram-síða hennar er full af tísku og full af skrýtlum.

## facebook




### Nutella

**https://www.facebook.com/Nutella**

Þótt ótrúlegt megi virðast er áleggið Nutella, sem fólk annaðhvort elskar eða hatar, með sína eigin Facebook-síðu. Og það sem meira er – tæplega þrjátíu milljón manns líkar við síðuna. Hér er hægt að fræðast um allt og ekkert varðandi Nutella, fá góðar hugmyndir um hvernig má nota það og kynnast öðrum aðdáendum áleggsins.

# BLOGGARINN SVARTKLÆDDUR HOLLENDINGUR

**Come over to the dark side**

**COTTDS.COM**

Hollenski bloggarinn Cindy Van Der Heyden er vinsæll bloggari í heimalandi sínu og víðar. Hún bloggar um allt frá tísku til innanhúshönnunar og er dugleg að gefa innsýn í sinn persónulega fataskáp. Þar er, eins og nafnið gefur til kynna, svartur aðalliturinn enda í uppáhaldi hjá dömunni bæði í húsmunum, fatnaði og fylgihlutum. Síðan er skemmtilega uppsett, líflegt og aðgengileg til lestrar. Mælum með þessari viðbót á netrúntinum.









# Þjáist þú af svefnleysi?

## Segðu bless við hvíldar- og svefnlausar nætur

**Melissa Dream-töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur.**




### Sofðu betur

Til þess að hjálpa þér við að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur ættir þú að prufa Melissa Dream-töflurnar.

Sítrónumelis-töflurnar (*Lemon balm*) viðhalda góðum og endurnærandi svefni.



### Sefur eins og engill

**Undanfarin ár hefur Elín, sem er 62 ára, átt erfitt með að festa svefn og átti það til að vakna oft að nóttu til.**

„Það er óþolandi að liggja í rúminu og bylta sér af því að maður getur ekki sofið. Á daginn átti ég erfitt með einbeitingu. Ég var alltaf þreytt, hljóp um eins og hauslaus hæna, og kom engu í verk vegna þess að ég fékk ekki nægan svefn."

„Nú líður mér stórkostlega. Ég er úthvíld og glöð þegar ég vakna. Ég er orkumeiri yfir daginn og afkastameiri. Ég tek inn töfluna klukkutíma áður en ég hátta. Það er ótrúleg tilfinning að vakna eftir góðan nætursvefn."



### Gat loks slakað á

**Borghild Ernulf var í mörg ár sjálfstæður atvinnurekandi og þekkt fyrir mikinn eldmóð og hefur enn fullskipaða dagskrá.**

„Afþreyingin breyttist frá því að vera vinnutengd yfir í hluti eins og golf og bridds. Þrátt fyrir að þurfa ekki lengur að hafa hugann við vinnuna, átti ég samt erfitt með að slaka á," segir Borghild, sem ræddi svefnvandamál sín við vin sinn frá Svíþjóð.

„Við ræddum mikilvægi góðs nætursvefns fyrir almenna vellíðan. Hann lagði til að ég prófaði Melissa, sem hann notar sjálfur til að öðlast góðan nætursvefn," útskýrir Borghild.

„Ekki leið á löngu þar til svefnmynstrið varð eðlilegt á ný. Ég hafði prófað aðrar vörur til að finna lausn á svefnvandamálinu en það var ekki fyrr en ég tók Melissa að ég gat slakað á og sofið vært."

Inniheldur náttúruleg vítamín og jurtir eins og amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun ásamt alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.

Auk þess inniheldur taflan mikið magn magnesíums, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.

IceCare
Þín heilsa

**Fáanlegt í apótekum og heilsuverslunum. Til að fá frekari upplýsingar eða kaupa á netinu: www.icecare.is**

# KASSAVÍNIN ERU SNILLD Í ÚTI-LEGUNA OG BÚSTAÐINN Í SUMAR

**FERÐALAGIÐ** *Mikil framför hefur orðið í þróun kassavína undanfarin ár. Þau þykja nærri því að vera á pari við flöskuvínin en eru hagkvæmari kostur auk þess sem þau smellpassa í útilegur og sumarbústaðaferðir.*

Talsverð vakning hefur orðið hjá vínframleiðendum varðandi kassavínin síðustu ár. Áður var enginn sérstakur stimpill á þessum kassavínum en menn hafa gert sér grein fyrir að í þeim liggja mikil markaðstækifæri og leggja því meiri metnað í vínin en áður," segir Jóhann Marel Viðarsson, þjónn og kennari hjá Vínskóla Ölgerðarinnar. Hann segir hráefnið í kassavínunum ekki hafa verið af miklum gæðum hér áður fyrr. „Þegar verið er að pressa vínber, stilka og steina er ákveðinn djús sem er ekki æskilegur í fínni vínum og þá var hann frekar notaður í kassavínin. Í dag er hins vegar verið að nota betri djús í kassavínin auk þess sem fleiri flottir framleiðendur hafa farið inn á þennan markað," segir Jóhann og bætir við að einnig hafi orðið vakning í umbúðahönnun. „Sumir kassanna sóma sér mjög vel uppi á borði."

Kassarnir hafa marga kosti fram yfir hinar hefðbundnu flöskur. „Í fyrsta lagi er mun hagkvæmara að kaupa vín í kassa. Það má segja að fólk sé að fá fjórar flöskur á verði þriggja. Þá geymist vínið mun lengur. Gera má ráð fyrir að vín í kassa geymist í allt að fjórar til sex vikur eftir opnun, við rétt geymsluskilyrði. Vín í flösku lifir ekki lengur en þrjá, fjóra daga frá opnun," útskýrir Jóhann en ástæðan fyrir löngu geymsluþoli kassavínanna er að pokarnir sem vínið er geymt í eru lofttæmdir.

**HENTUG Í FERÐALAGIÐ**

Inntur eftir því hvar kassavínin eigi best við svarar Jóhann glaðlega: „Í raun við öll tækifæri þar sem á að gleðja sálina. En vissulega eiga þau einna best við í ferðalagið, til dæmis í bústaðinn eða tjaldferðalagið," segir Jóhann. Helstu kostir kassanna í ferðalaginu er auðvitað sá að þeir brotna ekki og auðvelt er að stafla þeim upp í bílnum. Jóhann nefnir einnig að kassavínin séu hagkvæmur kostur í brúðkaup. „Þá mætti til dæmis hella víninu yfir í karöflur."

En á hann sér uppáhaldsvín? „Já, ég er mjög hrifinn af Lindeman-vínunum. Svo eru Giacondi-vínin alveg sérstaklega fersk. Ég tók þátt í að smakka þau þegar þau komu fyrst til landsins og þau náðu mér strax í byrjun, en það er ekki alltaf þannig með kassavínin."



Jóhann Marel Viðarsson, þjónn og kennari í Vínskóla Ölgerðarinnar, segir mikla framför hafa orðið í gæðum kassavína.
MYND/DANÍEL




**Giacondi Pinot Grigio 3 lítrar**
**Ítalía/Veneto, 5.999 kr.**
Ljóssítrónugult. Létt fylling, þurrt, mild sýra. Ljós ávöxtur, stjörnuávöxtur, krydd. Vín sem passar sem fordrykkur, með fiskréttum og einnig grænmetisréttum.




**Giacondi Cabernet 3 lítrar**
**Ítalía, 5.770 kr.**
Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, ósætt, fersk sýra, miðlungstannín. Kirsuber, plómur, laufkrydd, jörð. Smellpassar með nauta- og svínakjöti sem og gott með ostum.




**Piccini 2 lítrar Lífrænt ræktað rauðvín**
**Ítalía/Toskana, 4.499 kr.**
Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, fersk sýra, mild tannín. Kirsuber, laufkrydd, sólbakað.
2 lítra pakkning, lífrænt ræktað vín, passar vel með svína- og lambakjöti, einnig flott með grillmat og smáréttum.




**MONTALTO SYRAH**
**Ítalía/Sikiley, 5.999 kr.**
Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, fersk sýra, lítið þurrkandi tannín. Dökk ber, sólbakað. Henntar vel með svínakjöti, ostum, grillmat og pastaréttum.




**MONTALTO CHARDONNAY 3 LÍTRAR**
**Ítalía/Sikiley, 5.599 kr.**
Sítrónugult. Létt meðalfylling, ósætt, mild sýra. Epli, pera, hunang.
Flott vín sem fordrykkur, einnig ljúft með fisk- og skelfiskréttum.




**MONTALTO NERO D'AVOLA MERLOT 3 LÍTRAR**
**Ítalía/Sikiley, 5.999 kr.**
Vín sem hentar vel með alifuglakjöti, pastaréttum, einnig flott með reyktu kjöti.

**MAMMA PICCINI 3 LÍTRAR**
**Ítalía/Toskana, 5.560 kr.**
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, fersk sýra, miðlungstannín. Dökk og rauð ber, lyng.
Vín sem passar með alifugla- og svínakjöti, einnig með pastaréttum sem og smáréttum.







**MASI MODELLO ROSSO 3 LÍTRAR**
**Ítalía/Veneto, 6.650 kr.**
Rúbínrautt. Létt fylling, þurrt, fersk sýra, milt tannín. Dökk ber, krydd, blómlegt.
Smellpassar með pasta, grænmetisréttum og smáréttum.




**GATO NERO CHARDONNAY 3 LÍTRAR**
**Síle, 5.799 kr.**
Ljóssítrónugult. Létt fylling, þurrt, fersk sýra. Epli, eplakjarni, sítrus. Þetta vín hentar sem fordrykkur, einnig flott með fisk- og skelfiskréttum.




**GATO NEGRO CABERNET SAUVIGNON 3 LÍTRAR**
**Síle, 5.600 kr.**
Rúbínrautt. Létt fylling, þurrt, mild sýra, milt tannín. Sætkenndur rauður ávöxtur, berjaríkt.
Vín sem flott er að neyta með lambakjöti, grillréttum, ostum og pastaréttum.




**LINDEMANS CHARDONNAY 3 LÍTRAR**
**Ástralía, 6.799 kr.**
Ljóssítrónugult. Létt meðalfylling, þurrt, fersk sýra. Suðrænn ávöxtur, ferskja.
Flott vín sem hentar með fisk- og skelfiskréttum, alifuglakjöti og smáréttum.




**LINDEMANS SHIRAZ CABERNET 3 LÍTRAR**
**Ástralía, 6.799 kr.**
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, hálfþurrt, fersk sýra, milt tannín. Kirsuber, dökk ber, plóma, minta.
Þetta vín hentar vel með alifuglakjöti, svínakjöti og grillmat.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



VW Caravelle 9 manna dísel. Árgerð 2013, ekinn 35 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 6.990.000. Rnr.210374. Fjórhjóladrif.



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2007, ekinn 142 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.980.000. Rnr.990783.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2012, ekinn 46 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.890.000. Rnr.141122. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ E 280 cdi . Árgerð 2006, ekinn 193 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.990867.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Til sölu Ford Transit árg 2006 Hobby yfirbygging Ek. 39 km sólarsella, markísa, fortjald, sjónvarp, dvd, Dráttarkúla, einn með öllu, verð 6,8 m raðn. 121905.

**Ferðavagnamarkaður**
**Skútuvogur 6, 104 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

STÓRA BÍLASALAN



Nissan Patrol GR Árgerð 2008, ekinn 136þ.km. Sjálfskiptur. Flottur dísel jeppi sem er á staðnum! Verð 3.980.000kr. Skipti skoðuð. Raðnr 155991. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HEIMSBÍLAR



SKODA Superb ambition 140 hö. Árgerð 2012, ekinn 37 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.106004. FRÁBÆR FJÖLSKYLDUBÍLL, er á staðnum uppl. s. 567-4000



TOYOTA Land cruiser 90 vx. Árgerð 2002, ekinn 232 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.bremsur allar yfirfarnar Verð 1.890.000. Rnr.335138. gott staðgr. verð. uppl s. 567-4000



TOYOTA Avensis wagon sol. Árg. 2004, ekinn 141 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. krókur. Verð 1.350.000. Rnr.322480. bíllinn er á staðnum uppl. s. 567-4000

**Heimsbílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

HEKLA
REYKJANESBÆ



MMC Pajero. Árgerð 2008, ekinn 140 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.110554.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260**
**Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

## Bílar til sölu



**FRÁBÆR SPARIBAUKUR**

Nissan almera 1.5 árg ,04 5dyra bsk ek. 140þ Sk.'15 allur ný yfirfarinn. Verð 670þ TILBOÐ 490þ Visa/euro kortalán til 3 ára Uppl. í s. 777-3077

Seldur.is

**KAUPUM ALLA BÍLA HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**

Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



Toyota Yaris árg. ,05 ek. 111þús í góðu ástandi. Verð 760.000.-Uppl. í s. 820 7370



Kia 2900 pallbíll, árgerð 2008, ekinn 110.000, ný tímareim, verð 1.000.000,-, engin skipti. Uppl. í s. 897 2794



Toyota Land Cruiser 120 VX Diesel, 2/2008, 33" Breyting, Leðursæti, Sjálfskiptur, Svartur, ek.126þ, Krókur, Húddhlíf. Skoða skipti á ódýrari bíl. Verð 5.7m. Uppl. í s. 899 0800




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000

## til sölu




Til sölu Toyota Corolla station árg. 1993 skoðuð til 08.2015. Verð 220 þús. staðgreitt, enginn skipti. S. 777 4609.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Pallbílar



Kia 2900 pallbíll, árgerð 2008, ekinn 110.000, ný tímareim, verð 1.000.000,-, engin skipti. Uppl. í s. 897 2794

## Bílaþjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsópun - skilti www.verktak.is S: 5514000

## Fellihýsi







## Vinnuvélar




## Bátar







## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

**ÓDÝRIR BÍLAVARAHLUTIR.**

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla óskar eftir bílskúr til leigu. s: 896 8568.

## Viðgerðir



**REIÐHJÓLA OG SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN - ENGINN BIÐTÍMI !**

Tek við öllum gerðum af reiðhjólum, og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## til sölu

www.toyotakauptuni.is



**Toyota Land Cruiser 200 VX**
4500 Dísel, sjálfsk.
Á götuna 12.12 Ekinn 24.000 km
Verð: 19.790.000.-

35" breyttur, læstur að framan og aftan, aukatankur, webasto, loftdæla m/ kút og margt fleira.

**Toyota Kauptúni**
**Kauptúni 6**
**Sími: 570 5070**

TOYOTA



| KL. 21:05

**Sparkle**

Dramatísk mynd með Jordin Sparks og Whitney Houston í aðalhlutverkum.

# Skemmtilegt föstudagskvöld

| KL. 20:00

**Mike And Molly**

Skemmtileg gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.



| KL. 20:20

**NCIS: Los Angeles**

Spennuþáttaröð með Chris O' Donnell og LL Cool J í aðalhlutverkum.



| KL. 22:00

**Sherlock Holmes: A Game Of Shadows**

Stórgóð mynd með Robert Downey Jr., Rachel McAdams og Jude Law í aðalhlutverkum.



| KL. 20:10

**Spurningabomban**

Logi Bergmann stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti.



| KL. 07:00-20:30

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



| KL. 22:45

**Sons Of Anarchy**

Adrenalínhlaðin þáttaröð með dramatískum undirtón og svörtum húmor.




Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 9 | | | | | 8 | |
| | 4 | 5 | 9 | | 6 | | 2 | |
| 2 | 6 | | | 3 | 7 | 9 | | |
| | | | | 5 | 2 | | | 6 |
| | 5 | 1 | | 7 | | | | 4 |
| | | | 4 | 1 | | 7 | | |
| | | 4 | | | | 3 | 9 | |
| | 1 | 6 | 5 | | 3 | | | |
| 3 | | | 8 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | 8 | | 6 | |
| 8 | 9 | | 6 | | | | | |
| 1 | | 3 | 2 | | | | 5 | |
| 9 | 7 | 2 | | 8 | | | | 3 |
| | | | | | | | | |
| | | | 9 | | | | 2 | 4 |
| 4 | | 1 | 5 | 9 | | | | |
| 6 | 5 | | 1 | | 3 | 9 | | |
| | | | | | 2 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 7 | 4 | 9 | | | |
| 7 | | 1 | | | | | | 3 |
| | | | | 8 | 3 | 9 | | |
| 9 | 1 | | | 6 | 5 | | | 8 |
| | | | | | | 1 | | |
| 6 | | 7 | | 9 | | | | |
| | 2 | 3 | | | | | | |
| | | 4 | 9 | | 7 | | | 2 |
| | | | | 2 | | 8 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 1 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 | 7 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 |
| 5 | 8 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 | 9 | 1 |
| 1 | 6 | 2 | 9 | 7 | 5 | 8 | 3 | 4 |
| 4 | 9 | 7 | 3 | 8 | 1 | 5 | 2 | 6 |
| 7 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 1 | 4 | 9 |
| 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 5 | 2 |
| 9 | 1 | 5 | 2 | 4 | 6 | 3 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 4 | 5 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 3 | 5 | 9 | 8 | 6 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 4 | 3 | 7 |
| 2 | 3 | 8 | 4 | 7 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 7 | 5 | 6 | 4 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 9 | 4 | 3 |
| 4 | 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 2 | 5 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 |
| 8 | 1 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 | 4 | 2 |
| 4 | 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 3 | 7 | 8 |
| 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 2 | 9 | 3 | 4 | 5 | 8 | 6 | 1 | 7 |
| 5 | 4 | 7 | 1 | 9 | 6 | 8 | 2 | 3 |
| 6 | 8 | 4 | 7 | 1 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 7 | 2 | 1 | 6 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 |
| 9 | 3 | 5 | 8 | 4 | 2 | 7 | 6 | 1 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Ég skoða ekki auglýsingar. Ég myndi eyða öllum mínum tíma í að girnast hluti.“**

*Franz Kafka.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** að lokum, **6.** hæð, **8.** verkur, **9.** rúmábreiða, **11.** ung, **12.** frétt, **14.** skran, **16.** ætíð, **17.** gerast, **18.** annríki, **20.** tveir eins, **21.** mannsnafn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** pot, **4.** máski, **5.** móðuþykkni, **7.** fiskur, **10.** ílát, **13.** loft, **15.** stefna, **16.** afbrot, **19.** Númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** loks, **6.** ás, **8.** tak, **9.** lak, **11.** ný, **12.** fregn, **14.** drasl, **16.** sí, **17.** ske, **18.** önn, **20.** ii, **21.** karl.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** ot, **4.** kannski, **5.** ský, **7.** sardína, **10.** ker, **13.** gas, **15.** leið, **16.** sök, **19.** nr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Bárður Örn Birkisson (1.510) hafði svart gegn Óskari Long Einarssyni (1.620) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák fyrir skemmstu.**

**Svartur á leik:**



**18. ... Bxh3! 19. gxh3 Hae8 20. Be3 Bxe1 21. Rd2?** (21. Df3 veitir mesta mótspyrnu en þá á svartur best 21. ... He6!) **21. ... Dxh3+ 22. Dg2 Dxg2+ 23. Kxg2 Hxe3** og svartur vann tólf leikjum síðar.

**www.skak.is** Hou Yifan vann með yfirburðum í Georgíu.




# Kjörvari pallaolía




Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

## Kjörvari er íslensk framleiðsla fyrir íslenskar aðstæður.

Íslensk framleiðsla

**Yfir 80% málarameistara velja vörur frá Málningu hf.***
**Hvaða viðarvörn notar þú?**

málning
*-það segir sig sjálft-*

*Hlutfall málarameistara í Málarameistarafélaginu sem eru með viðskiptareikning hjá Málningu hf.

---

**Útsölustaðir Málningar:** BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson málarameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • G.T. VÍK Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupsstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun Grindavík • Málningarbúðin Ísafirði.

## Blóðdropinn afhentur í dag

Blóðdropinn 2014, verðlaun Hins íslenska glæpafélags fyrir bestu glæpasögu ársins 2013, verður afhentur við hátíðlega athöfn í Borgarbókasafninu, Grófarhúsi, í dag klukkan 16.30. Handhafi Blóðdropans verður jafnframt fulltrúi Íslands í baráttunni um Glerlykilinn, sem veittur er árlega fyrir bestu norrænu glæpasöguna.

Þær sögur sem sendar voru í slaginn um Blóðdropann að þessu sinni eru Skuggasund eftir Arnald Indriðason, Olnbogavík eftir Hermann Jóhannesson, Hlustað eftir Jón Óttar Ólafsson, Blóð hraustra manna eftir Óttar M. Norðfjörð, Andköf eftir Ragnar Jónasson, Hinir réttlátu eftir Sólveigu Pálsdóttur, Grimmd eftir Stefán Mána, Drekinn eftir Sverri Berg og Lygi eftir Yrsu Sigurðardóttur.



**TILNEFND** Lygi eftir Yrsu Sigurðardóttur er ein þeirra bóka sem keppa um Blóðdropann í ár.

# Fyrsta tónleikaferðin í þrjú ár

**Hljómsveitin Mógil er á tónleikaferð um landið, spilar í Hofi á Akureyri í hádeginu í dag, Sólheimum í Grímsnesi á morgun og Mengi í Reykjavík annað kvöld. Allt efnið er frumsamið af hljómsveitarmeðlimum.**

Ég eignaðist barn fyrir einu og hálfu ári og var bara ekki í formi til að syngja vegna ógleði alla meðgönguna," segir Heiða Árnadóttir, söngkona Mógils, spurð hvers vegna hljómsveitin hafi ekki komið fram á Íslandi í þrjú ár. „Ég eiginlega datt bara út."

Heiða segir tónlist hljómsveitarinnar vera bræðing af djassi, klassík og þjóðlagatónlist og að hljómsveitarmeðlimir semji sjálfir öll lög og texta. „Á þessu tónleikaferðalagi núna erum við að flytja efni sem aldrei hefur heyrst áður og verður á okkar þriðju plötu sem við byrjum að taka upp strax eftir helgina. Við vinnum lög og texta hvert í sínu horni en komum svo saman og vinnum lögin áfram."

Í hljómsveitinni Mógili eru Heiða Árnadóttir, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Hilmar Jensson, Eiríkur Orri Ólafsson og Joachim Badenhorst. Þau hafa leikið víða um Evrópu og sent frá sér tvo hljómdiska; Ró sem kom út 2008 og Í stillunni hljómar árið 2011.

Spurð hvernig nafnið Mógil hafi komið til segir Heiða að sig hafi langað til að nota eitthvert nafn úr íslenskri náttúru. „Mér fannst Mógil svo fallegt nafn. Ég var búin að safna fullt af fallegum nöfnum en þetta varð ofan á."

Tónleikarnir í Hofi í dag hefjast klukkan 12, á Sólheimum á morgun klukkan 14 og í Mengi annað kvöld klukkan 21. Heiða segist ekki búast við að hljómsveitin haldi fleiri tónleika fyrr en næsta haust þegar platan verður komin út þannig að þetta sé fágætt tækifæri til að heyra í henni.

fridrikab@frettabladid.is



**HLJÓMSVEITIN MÓGIL** „Á þessu tónleikaferðalagi núna erum við að flytja efni sem aldrei hefur heyrst áður og verður á okkar þriðju plötu sem við byrjum að taka upp strax eftir helgina," segir Heiða Árnadóttir, söngkona sveitarinnar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Landsvirkjun

*Það er allt í lagi*
*að það blási svolítið*

Í Búrfellsstöð við Þjórsá er gagnvirk orkusýning og skammt norður af stöðinni eru fyrstu vindmyllur Landsvirkjunar. Þeim er ætlað að veita vísbendingar um framtíðarmöguleika í beislun íslenska roksins. Við vonum auðvitað að sumarið verði gott en okkur finnst líka allt í lagi þó það blási hressilega í 50 metra hæð yfir hraunsléttunni fyrir norðan Búrfell.

**Velkomin í heimsókn í sumar!**

Gagnvirk orkusýning í **Búrfellsstöð** er opin alla daga kl. 10–17.

Einnig tekur starfsfólk á móti gestum við **vindmyllurnar norðan Búrfells** alla laugardaga í júlí kl. 13–17.

Jarðvarmasýning í gestastofu **Kröflu** er skemmtilegur áfangastaður fyrir norðan. Þar er opið alla daga kl. 10–17.

Við **Kárahnjúkastíflu** tekur leiðsögumaður á móti gestum alla miðvikudaga og laugardaga kl. 14–17.

*www.landsvirkjun.is/heimsoknir*



**3 m/s** – raforkuframleiðsla hefst **15 m/s** Kjöraðstæður til raforkuvinnslu **28 m/s** **34 m/s** – raforkuframleiðsla stöðvast

# FÖSTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 4. JÚLÍ 2014**

### Tónleikar

**20.00** Frumkvöðlar á fertugasta sumri, Jaap og Skálholtskvartettinn í Skálholtskirkju.

### Leiklist

**20.00** Sumarsýning ársins á Norðurlandi kallast RÆFLAVÍK og verður sýnd í Norðurbandalaginu.

### Sýningar

**22.30** Skinnsemi er kabarettsýning með sirkusívafi þar sem lögð er áhersla á fullorðinshúmor en Sirkus Íslands setur hana upp. Sýning fer fram á Klambratúni.

### Hátíðir

**19.00** Nú á dögunum sendi listafígúran Mar frá sér stuttskífuna, Mellows og í tilefni þess verður haldið útgáfuhóf á Loft Hostel, í kvöld og hefst það klukkan 19.00. Skífan verður að sjálfsögðu seld á staðnum en hún kemur í mjög takmörkuðu handprentuðu upplagi. Einnig verður frumsýnt nýtt tónlistarmyndband við eitt af lögum Mars; Twisted Figures. Að sjálfsögðu verður hlustað á skífuna en þess á milli mun austurríski skífuþeytirinn Hans Kulisch spila ofurtóna fyrir gesti og gangandi.

### Tónlist

**20.00** Djasstrompetleikarinn ástsæli Wynton Marsalis mun koma fram í Eldborgarsal Hörpu í kvöld ásamt hljómsveit sinni Jazz at the Lincoln Centre Orchestra.

**20.00** Sönghópurinn Olga kemur fram í Hafnarkirkju á Höfn í Hornafirði.

**21.00** Jenni og Franz ætla að keyra stemninguna í gang í því tilefni að Bar 11 fagnar 11 ára afmælinu.

**21.00** KK bandið kemur fram á Café Rosenberg. Félagarnir KK, Þorleifur Guðjónsson og Kormákur Geirharðsson skipa KK bandið, koma saman öðru hvoru og spila gömlu lögin sem þeir hafa verið að spila síðustu 20 ár.

**21.00** Mercy Buckets mun gefa út frumburð sinn, Lumberjack Fantasies, í dag. Í tilefni þess verður skellt í útgáfutónleika og veislu á Gauknum í kvöld. Auk Mercy Buckets koma fram We Made God, Elín Helena og Conflictions. Handgerð eintök af plötunni verða til sölu á litlar 2000 krónur á tónleikunum en rafræn útgáfa af plötunni verður einnig á öllum helstu miðlum eins og Youtube, Spotify og Bandcamp.



**22.00 Skuggamyndir frá Býsans, hljómsveit Hauks Gröndals saxófónleikara,** leikur margrómaðan heimstónlistarbræðing í Gamla Bænum á Hótel Reynihlíð við Mývatn. Sérstakir gestir eru búlgarski harmóníkuleikarinn Boris Zgurovski og slagverksmeistarinn Claudio Spieler.

**22.00** Hljómsveitin Hjálmar heldur tónleika á Græna hattinum á Akureyri.

**23.00** Danshljómsveit Jonna Ólafs leikur og syngur á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



**EIN AF PREMUR** Hljómsveitin Hellvar með Heiðu Eiríks í fremstu víglínu leikur ásamt Náttfara og Sushi Submarine á Dillon.

Hellvar, Náttfari og Sushi Submarine á Dillon í kvöld:

# Brjálað og hávært stuð

**Hljómsveitirnar Sushi Submarine, Náttfari og Hellvar leika á Dillon í kvöld, 4. júlí, sem er þjóðhátíðardagur Bandaríkjamanna. Bogi Reynisson, einn meðlima Sushi Submarine, segir að með því að velja þennan dag vilji sveitirnar hvetja Bandaríkjamenn til að styðja ekki árásir á Palestínu frekar. „Það er fínt að vekja athygli á því að þótt við höfum það ágætt hérna, þá hafa það ekki allir,“ segir hann.**

**Hljómsveitirnar þrjár hafa ekki áður komið fram á sömu tónleikum en Bogi segir þær eiga það sameiginlegt að spila kröftugt og hávært rokk sem kemur fólki í gír. „Það verður magnað stuð og mikill hávaði, ekki spurning,“ segir Bogi.**

**Aðgangseyrir er einungis 500 krónur og Bogi segir erfitt að finna betri díl í borginni þessa dagana. „Þetta er algjört kostaboð fyrir aðdáendur háværs rokks,“ segir hann.**

-fsb



# LÍFIÐ


Dúðuð.


Dress dagsins.


Með eiginmanninum, Michael Polish.


Dior-strigaskór.


Með Michael og hundinum í göngutúr.

## Kate Bosworth opnar Instagramið

Leikkonan Kate Bosworth hefur loksins opnað Instagram-reikning sinn fyrir almenningi – aðdáendum hennar til mikillar gleði. Kate er þekkt fyrir að halda einkalífi sínu úr fjölmiðlum en á Instagram-inu hennar er hægt að skyggnast inn í hversdagslíf stjörnunnar.

# Glamúr, **stuttir samfestingar** og netsokkabuxur

Nýlega fór poppdrottningin Beyonce af stað með tónleikaferðalag sitt, On the Run, ásamt eiginmanninum Jay-Z. Söngkonan vinsæla vekur athygli fyrir einkar smart fataskáp á tónleikunum þar sem hún stígur á svið í hverju glamúrdressinu á fætur öðru. Það skal engan undra enda fataskápurinn úr smiðju margra af frægustu hönnuðum í heimi. Stuttir samfestingar hafa verið einkennisklæðnaður Beyonce og eru í lykilhlutverki á tónleikaferðalaginu.


**HJÓNIN** Þennan fatnað hannaði sjálfur Alexander Wang fyrir Beyonce en eiginmaðurinn, Jay-Z, er hversdaglegri til fara.


**GALLA** Þennan fatnað hannaði Nicola Formichetti fyrir Diesel og er hann sérsaumaður á poppdrottninguna.


**LITRÍKT** Þessi samfella og húfa eru úr smiðju Versace.




**LEÐUR** Bakraddir Beyonce og dansarar fá einnig að skarta eftirtektarverðum fatnaði á sviðinu.

NORDICPHOTOS/GETTY


ÚTSALA

38

ÞREP

Laugavegi 49 / sími 561 5813





Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is


BÍÐUR ÞÍN
ÆTTARMÓT EÐA ÚTILEGA?
VERÐUR SÓL EÐA ÍSLENSKT SUMAR?
TÖKUM UPP NÝJAR VÖRUR ALLA DAGA • ATH! •
ÞÚ FÆRÐ ÚTIVISTARFATNAÐINN ÓDÝRARI HJÁ OKKUR!
Ráðandi - auglýsingastofa ehf
STÆRSTA OUTLET LANDSINS!
KORPU OUTLET
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

# Blendnar tilfinningar til hormónatengdra getnaðarvarna

Ég ber blendnar tilfinningar til hormónatengdra getnaðarvarna. Ég skil mikilvægi þeirra og kann að meta þægindin en samt nagar eitthvað mig varðandi þetta mál. Nýlega féll dómur í Hæstarétti Bandaríkjanna um að sjúkratryggingar fyrirtækja þurfi ekki lengur að greiða pilluna fyrir kvenkyns starfsmenn sína. Fyrir okkur kann þetta að hljóma ómerkilega. Í Bandaríkjunum er þetta stórmál því heilbrigðisþjónusta þar er mjög dýr og flókin. Þessi niðurstaða dómsins er því tvær langatangir framan í bandarískar konur (og karlkyns bólfélaga þeirra).

Sögu getnaðarvarna má rekja margar aldir aftur í tímann. Fólk hefur alltaf reynt að koma í veg fyrir getnað, hvort sem það var með krókódílaskít, svampi og hunangi eða vömb á lambi. Saga hormónapillunnar er hins vegar aðeins fimm áratuga gömul. Pillan færði konum mikið frelsi. Þær gátu stjórnað barneignum og þar með eigin lífi og kynhegðun. Hún er því mjög mikilvægur liður í femínískri baráttu. Í dag getur pillan (og aðrar hormónagetnaðarvarnir) haft ýmsa heilsufarslega kosti en einnig aukaverkanir. Sumar konur upplifa þyngdaraukningu, bólur, höfuðverki, bjúgmyndun og minni kynlöngun. Kvensjúkdómalæknirinn minn sagði einu sinni að það virtist vera að þegar konur kæmust á ákveðinn aldur (lesist, barneignaraldurinn um 25 ára) þá fengju þær ógeð á pillunni. Þær höfðu margar hverjar verið í áskrift í rúm tíu ár en fannst nú vera komið nóg. Þær nenntu ekki lengur að lifa eins og Lísa í Undralandi þar sem þú veist aldrei hver áhrifin verða af næstu pillu. (Ég myndi kalla þetta að hlusta á líkamann.)

Það sem pirrar mig í tengslum við hormónaverjur er hversu sjálfsagt það þykir að stelpur „fari á pilluna“. Eins og þetta sé bara Pez í ljótum staut, einhver sykurpilla sem þýði ekkert annað en að sæðið þitt komist ekki að egginu mínu. Það er ákveðið frelsi að geta treyst því að litlu sáðfrumurnar leki bara samviskusamlega út úr leggöngunum á meðan maður knúsast undir hlýrri sæng. Þetta er auðvitað mín ábyrgð, minn líkami, mitt barn eða bíddu, þitt sæði? Hvar er ábyrgð drengja í þessu máli? Af hverju eru karlmönnum ekki kenndar rofnar samfarir og agi sem fylgir því að stjórna sáðláti? Karlmenn ættu að gera ríkari kröfu um notkun smokksins. Vildu þeir ekki annars samfarir án afleiðinga, rétt eins og við? Ég vil breyttar áherslur í samræðum um getnaðarvarnir, það er meira en að segja það að „taka bara pilluna“. Reyndu að selja karlmanni pillu sem hindrar getnað en getur um leið drepið kynlöngun. Segir þetta sig ekki sjálft?

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**



Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is

## TÍST VIKUNNAR



**Jón Jónsson**
@jonjonssonmusic
30. júní
Hvernig má það vera að nú kl. 10.08 er ég búinn að sjá Ástu (og Kela) úr Stundinni okkar tvisvar sinnum á förnum vegi bara í dag …? #steikt



**Heiða Kristín**
@heidabest
3. júlí
Kann ekki nákvæma skýringu á því, en lífið er auðveldara þegar maður er tanaður.



**Stefán Máni**
@StefnMni
3. júlí
Ég er að semja djók um regnsumarið, bíðið aðeins … „það haustar snemma í ár“, var búið að segja það? Er það? OK, bíðið aðeins lengur …



**Ari Eldjárn**
@arieldjarn
1. júlí
Óska eftir að kynnast miðaldra karlmanni í þvottahúsi. Áhugamál: húðflúr og Gevalia-kaffi. #hmruv



**Ragnar Eythorsson**
@raggiey
3. júlí
Hápunktur vikunnar: Virkja ‚Out of office reply‘ á póstinum. Kominn í eff-err-íí… #FRÍ #jibbí

# Mikael leysir töfrateninginn á aðeins 8,55 sekúndum

**Sænski forritarinn Mikael Fängström er líklega sá fljótasti á landinu að leysa töfrateninginn. Hann forritar með teninginn í hendinni á hverjum einasta degi. Hann efast um að hann geti bætt tímann enn frekar.**

„Ég held satt best að segja að það sé enginn hraðari á Íslandi en ég. Ég hef allavega ekki hitt þann einstakling,“ segir forritarinn Mikael Fängström. Mikael er ekki aðeins flinkur fyrir framan tölvuskjáinn heldur einnig skotfljótur að leysa svokallaðan töfratening, eða Rubik's cube eins og hann heitir á ensku. Metið hans að leysa þrautina er 8,55 sekúndur og var það eitt sinn fjórði besti staðfesti tíminn í heimalandi hans, Svíþjóð.

„Ég veit ekki hvort ég held enn þá fjórða sætinu en ég er allavega ofarlega á listanum,“ segir Mikael sem hefur æft sig á teningnum síðan hann var sextán ára, í tæp sjö ár. Hann veit ekki hvort hann gæti bætt metið.

„Ég þyrfti þá að æfa mig miklu meira. Ef ég gerði það gæti ég hugsanlega bætt metið,“ segir Mikael sem forritar með teninginn í annarri hendinni á hverjum degi. En hvað er það sem heillar við teninginn?

„Þetta er mjög afslappandi. Ég byrjaði á þessu því ég vildi geta leyst hann eins og allir aðrir. Fyrr en varði gat ég leyst hann á innan við mínútu. Þá hugsaði ég með mér að ég væri orðinn frekar góður og byrjaði að æfa mig meira og meira.“

Mikael vinnur sem forritari hjá íslenska fyrirtækinu Ecomals sem vinnur að þróun sögubókar og smáforrits hjá Startup Reykjavík.

„Tilgangurinn er að efla umhverfisvitund hjá börnum. Í fyrsta fasa erum við að hanna, þróa og útbúa sögubók og karaktera í kringum hana en einnig smáforrit sem passar upp á tímanotkun barna í farsímum og spjaldtölvum,“ segir Kristinn Jón Ólafsson, upphafsmaður EcoMals. Hann skipar kjarna fyrirtækisins ásamt Gunnari Helgasyni, rithöfundi og leikara, og Einari Karli Birgissyni. Smáforritið er stillt þannig að börn fá vissan tíma til að leika sér í tækjunum og sjá karakterarnir um að segja þeim hvenær sá tími er útrunninn.

„Spjaldtölvan er orðin eins og nútímabarnapía. Aðalkarakterarnir í sögunni okkar gefa börnum til kynna hvenær þau eiga lítinn tíma eftir í tækjunum og kynna þau fyrir skemmtilegum útileikjum eða gefa þeim hugmyndir að einhverju öðru sem tengist ekki tölvunni og þau geta gert þegar tíminn er liðinn. Þetta er síðan hægt að stilla eftir tíma dags, aldri barnsins og jafnvel veðri,“ segir Kristinn. Hann vill vekja máls á tölvufíkn barna og ungmenna á Íslandi og takast á við vandann.

„Þetta er vandamál og getur haft alvarlegar afleiðingar ef við bregðumst ekki við,“ segir hann en bókin og smáforritið eru væntanleg á markað snemma næsta árs. liljakatrin@frettabladid.is

### ÞREMUR SEKÚNDUM FRÁ HEIMSMETI

**5,55 sekúndur**
Hollendingurinn **Mats Valk** setti heimsmet í að leysa töfrateninginn á Zonhoven-mótinu í mars í fyrra.

**9,03 sekúndur**
**Feliks Zemdegs** á metið í að leysa teninginn með annarri hendi. Það gerði hann í fyrra.

**27,93 sekúndur**
**Fakhri Raihaan** leysti teninginn með fótunum árið 2012.

**23,80 sekúndur**
Pólverjinn **Marcin Zalewski** leysti teninginn með bundið fyrir augun á móti í Póllandi í fyrra.



**TÖFRAR ÞETTA FRAM ÚR ERMINNI** Mikael vekur mikla lukku á skrifstofunni þegar hann leysir teninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Ég held satt best að segja að það sé enginn hraðari á Íslandi en ég. Ég hef allavega ekki hitt þann einstakling.**
> *Mikael Fängström.*



# Neyðarákall

## fyrir börn í Suður-Súdan

**Hundruð þúsunda barna búa við sára neyð og hungur í Suður-Súdan.**

**Þau þurfa hjálp – núna!**




- Fleiri en 50.000 börn þjást nú þegar af lífshættulegri vannæringu.
- Skortur á uppskeru blasir við. Hungursneyð vofir yfir milljónum barna.
- Vannærð börn hafa minni mótstöðu fyrir lífshættulegum sjúkdómum.
- Meira en hálf milljón barna hefur neyðst til að flýja heimili sín vegna átaka.
- Ótal börn hafa misst eða orðið viðskila við fjölskyldu sína.

Sendu sms-ið **BARN** í númerið **1900** og gefðu **1.900 krónur**

**Þín hjálp skiptir máli**

Söfnunarreikningur: **701-26-102040**, kt: **481203-2950**

unicef

Birting þessarar auglýsingar er kostuð af Alvogen og GAMMA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GRÆN MELÓNA
PIEL DE SAPO
GUL MELÓNA
HUNANGS MELÓNUR
RAUÐ VATNSMELÓNA
SEEDLESS WATERMELON
KANTALÓPUR
SPANISH CANTALOPE
Melónuveisla frá Spáni. Allar tegundir aðeins 198 kr.kg
ÍSLANDS LAMB
2013 SLÁTRAÐ
3598 kr. kg.
ÍSLANDSLAMB Ferskt lambafillet
BÓNUS NÝBAKAÐ
298 kr. 4 stk.
Bónus kjallarabolllur m/osti 4 stk.
BÓNUS
229 kr. 1 kg.
Bónus kornbrauð 1 kg.
13 SAMLOKUR
FERSKUR KJÚKLINGUR
KJÖRFUGL
2013 SLÁTRAÐ
1198 krónur kg.
Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSIÐ
100% KJÖT
1598 kr 10 stk. 120g
Kjarnafæði Frosnir Nautgripahamborgarar
1998 kr. kg
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
2013 SLÁTRAÐ
1198 KR.KG
KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR
KJÚKLINGAVÆNGIR
298 kr. kg
Kjörfugl FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
759 kr. kg
NÝAR ÍSLENSKAR Paprikur pakkaðar
BÓNUS Grillkjöt
Bónus BBQ grísakótilettur
GOTT Á GRILLIÐ
BÓNUS
695 kr. kg
HEILL FERSKUR KJÖRFUGLSKJÚKLINGUR
1198 kr. kg.
Bónus BBQ grill grísakótilettur
1398 kr. kg
BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótilettur
298 kr. 250g
NÝIR ÍSLENSKIR Kirsuberjatómatar
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Pampers junior 41 stk.
34 KR.STK
Pampers maxi plús 39 stk.
36 KR.STK
Pampers extra large 33 stk.
42 KR.STK
Pampers maxi 42 stk.
33 KR.STK.
Pampers midi 48 stk.
29 KR.STK.
Gott verð á Pampersbleium í Bónus
1398 kr.pk
ACTILIFT ARIEL
1698
kr. 38 þvottar
Ariel þvottaefni: 38 þvottar
45 KR. HVER ÞVOTTUR
BÓNUS
149
kr 5 stk.
BÓNUS
359
kr. 485g. 10 stk
Bratwürste
259
kr. 360 g
GRÍSKAR OSTA
259
kr. 330 g
PYLSUVEISLA Í BÓNUS
HEINZ TOMATO KETCHUP
BREYTT VERÐ
5000 STK.
Á ÞESSU VERÐI !
129
kr 570g
Ein túpa í kaupbæti
995
kr. 3 túpur
Sensodyne tannkrem Whitening
3 túpur á verði 2ja
Ein túpa í kaupbæti
916
kr. 3 túpur
Sensodyne tannkrem Orginal
3 túpur á verði 2ja
119
kr 100g
Steiktur laukur 100g
Pólskar
87% KJÖTINNIHALD
259
kr 360g. 4 stk.
Ali Bacon
259
kr. 250g
Ali Bjórpylsur
295
kr. 300g
198
kr. 220g
pepsi
pepsi MAX
195
kr. 2 ltr.
Coca-Cola light
Coca-Cola
Coca-Cola zero
198
kr. 1.5 ltr.
ENERGY DRINK
69
kr. 250ml
ÓMISSANDI Í FERÐALAGIÐ
froosh
279
kr. 250ml
79
kr. 330ml
KÓKÓ mjólk
459
kr. 6 fernur
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ








SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE SALVATION | KL 8 - 10.40 | 16 |
| TRANSFORMERS 2D | KL 4 | 12 |
| TRANSFORMERS 3D | KL 8 - 10.10 | 12 |
| TRANSFORMERS 3D LÚXUS | KL 5 - 9 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 3D ÍSL TAL | KL 3.30 - 5.45 | L |
| 22 JUMP STREET | KL 5.30 - 8 - 10.40 | 12 |
| TÖFRALANDIÐ OZ 2D ÍSL TAL | KL 3.30 | L |
| VONARSTRÆTI | KL 8 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE SALVATION | KL 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL 5.45 | L |
| TRAIN...DRAGON 3D ENS. TAL ÓTEXT. | KL 8 | L |
| 22 JUMP STREET | KL 10.15 | 12 |
| X-MEN 3D | KL 10.40 | 12 |
| FAULT IN OUR STARS | KL 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL 5.20 - 8 | 14 |

Miðasala á: eMiði
Kauptu miða á X-Men með Netgíró

FJÖLSKYLDUPAKKINN
Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði
NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3D | 4, 7, 10:10(P) | 12 |
| TEMJA DREKANN SINN 2D | 4:30 | L |
| BRICK MANSIONS | 10:40 | 12 |
| 22 JUMP STREET | 8 | 12 |
| MILLIOM WAYS, DIE WEST | 10:20 | 16 |
| VONARSTRÆTI | 5, 8 | 14 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is








SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SABOTAGE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| CUBAN FURY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 | KL. 3D: 5 - 8:30 - 10:20 2D: 10:20 | 12 |
| TRANSFORMERS 4 VIP 2D | KL. 5 - 8:30 | VIP |
| MALEFICENT 2D | KL. 5:50 - 8 | 10 |
| BLENDED | KL. 8 | 10 |

FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR.

| | | |
|---|---|---|
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SABOTAGE | KL. 10:20 | 16 |
| CUBAN FURY | KL. 5:50 - 8 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 3D | KL. 5 - 8:30 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 4 | KL. 3D: 8 - 10:20 2D: 4:40 - 7 | 12 |
| SABOTAGE | KL. 5:40 - 8 - 10:25 | 16 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2 ÍSLTAL 2D | KL. 4:40 | L |
| MALEFICENT 2D | KL. 5:40 - 8 | 10 |
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| CUBAN FURY | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 3D | KL. 5:50 - 9:10 - 10:10 | 12 |
| MAKE YOUR MOVE | KL. 5:40 | 7 |
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 8 | 14 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| SABOTAGE | KL. 10:10 | 16 |
| CUBAN FURY | KL. 8 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 3D | KL. 6 - 9:15 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2 ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |


# Konurnar sem sigruðu heiminn

BAKÞANKAR
Lilju Katrínar Gunnarsdóttur



Eitt kvöld í vikunni var ég staðráðin í því að fara snemma að sofa. Svo gerðist það. Ég fann heimildarmynd sem ég þurfti að horfa á. Helst strax í gær. Heimildarmynd um konur sem mótuðu æsku mína. Konur sem ég elskaði meira en lífið sjálft þegar ég var akfeitt ungmenni að alast upp í Fellunum. Heimildarmynd um stúlknasveitina Spice Girls.

**ÉG** var tólf ára þegar Spice Girls var stofnuð. Ég gleymi því aldrei þegar ég beið í óþreyju eftir Nágrönnum einn sumardag, með kexmylsnu niður á höku, og myndband við lagið Wannabe kom á skjáinn. Þær náðu mér strax. Og þær héldu mér til ársins 1998 þegar uppáhaldið mitt, Geri Halliwell, yfirgaf sveitina.

**ÉG** hélt samt að þær ættu ást mína ekki lengur. Þar skjátlaðist mér. Við áhorf heimildarmyndarinnar helltist nostalgían yfir mig. Gömlu myndbrotin, sem ég hafði horft á aftur og aftur á útjöskuðum VHS-spólum, fóru með mig til baka í tímann og ég felldi meira að segja tár. Alveg nokkur.

**ÉG** uppgötvaði nefnilega að ég hafði vanmetið Kryddpíurnar. Þær voru mín fyrirmynd þegar ég var að alast upp og þvílíkar fyrirmyndir. Þær gerðu bara nákvæmlega það sem þær vildu. Þær komu fram við alla eins, hvort sem það var Nelson Mandela eða Jói litli í hornbúðinni. Stundum voru þær kappklæddar, stundum voru þær léttklæddar – það fór allt eftir veðri og vindum. Þær voru alltaf með húmorinn í lagi. Og þær voru, eins og Victoria Beckham segir sjálf í heimildarmyndinni, bara venjulegar, lágvaxnar, breskar stelpur sem litu ágætlega út eftir nokkra klukkutíma í sminki.

**LANGT** var liðið á nóttina þegar ég rankaði við mér, grátbólgin og full fortíðarþrár, og myndin búin. Mest langaði mig til að hlaupa fram á náttfötunum, vekja barnunga dóttur mína, draga fram gömlu VHS-spólurnar og sýna henni þessi kjarnakvendi. Konur sem reyndu ekki sí og æ að hneyksla til að vekja á sér athygli. Konur sem þurftu ekki að snerta hver aðra kynferðislega til að selja plötur.

**BARA** venjulegar konur sem ætluðu að sigra heiminn. Og gerðu það.

# Vivienne Westwood hannar föt á flugþjóna

Nýrri línu goðsagnakennda fatahönnuðarins Vivienne Westwood var fagnað í London í vikunni. Í línunni eru flugþjónaföt sem Westwood hannaði fyrir flugfélagið Virgin Atlantic sem er að mestu í eigu Richards Branson.



**FLJÚGA HÁTT** Westwood ásamt Richard Branson og nokkrum flugþjónum. NORDICPHOTOS/GETTY



**LITRÍK** Söngkonan Kelis smart í hönnun frá Vivienne Westwood.



**GULLDRENGURINN** Tónlistarmaðurinn Goldie mætti í strigaskóm og gallabuxum.



**HEFUR ENGU GLEYMT** Söngkonan Debbie Harry tróð upp í teitinu ásamt hljómsveit sinni Blondie.



**NÁTTFATAPARTÍ?** Klæðnaður söngkonunnar Elizu Doolittle vakti athygli.



**ENSKA RÓSIN** Breska leikkonan Naomie Harris mætti.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS






SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

HEILSURÚM | HEILSUDÝNUR | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | LYFTISTÓLAR | KODDAR | SÆNGUR | [illegible] O.FL.

## NATURE'S COMFORT
heilsurúm

Verðdæmi ➔ 160x200 cm



ÚTSALA 30.000 KRÓNA AFSL.

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA 119.900
FULLT VERÐ 149.900

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

## NATURE'S REST
heilsurúm

Verðdæmi ➔ 90x200 cm



ÚTSALA 20.000 KRÓNA AFSL.

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA 48.900
FULLT VERÐ 68.900

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Fábærar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

# DORMA
– býður góða nótt

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ ENN BETRA DORMAVERÐ

# EKKI MISSA AF ÞESSU
# SUMARÚTSALA
# 20-50% AFSLÁTTUR

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á meðan á útsölunni stendur og birgðir endast.

## IBIZA
hornsófi með tungu

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA 169.900
FULLT VERÐ 229.900

ÚTSALA 60.000 KRÓNA AFSL.



Stærð: 286 x 198 H: 86 cm.
Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna. Hægri tunga á mynd.

## MILANO
hægindastóll

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA 24.950
FULLT VERÐ 49.900

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR



Brúnt tauáklæði

## AFTON
hægindastóll með skemli

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR



DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA 59.900
FULLT VERÐ 99.900

## MONTARIO svefnsófi

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA 79.900
FULLT VERÐ 99.900



ÚTSALA 20.000 KRÓNA AFSL.

Stærð: 158 x 90 cm. Slitsterkt svart áklæði.
Dýnustærð 140x200 cm. Rúmfatageymsla

## DÚNSÆNG
140x200 cm.
50% gæsadúnn
50% smáfiður

ÚTSÖLUVERÐ: 13.230
Fullt verð: 18.900,-

## DÚNKODDI
50x70 cm.
15% gæsadúnn
85% smáfiður

ÚTSÖLUVERÐ: 3.430
Fullt verð: 4.900,-



ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

DORMA – býður góða nótt

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800** • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

# SPORT

## HM Í FÓTBOLTA



**16.00 FRAKKLAND-ÞÝSKALAND**
**20.00 BRASILÍA-KÓLUMBÍA**
Átta liða úrslitin á HM í fótbolta í Brasilíu hefjast í kvöld með tveimur leikjum og þar eru á ferðinni tveir nágrannaslagir. **Juan Cuadradoa** frá Kólumbíu hefur gefið flestar stoðsendingar á HM til þessa (4) en hann og félagar hans eru til alls líklegir á móti heimamönnum í Brasilíu. Í hinum leiknum mætast síðan evrópsku stórveldin Þýskaland og Frakkland og þar verður ekkert gefið.

Vísir Allt um HM á Vísi

## STJARNA KVÖLDSINS?

Þjóðverjinn **Toni Kroos** verður leikmaður Real Madrid eftir HM en spænska blaðið Marca sagði frá því í gær að Evrópumeistararnir hefðu náð samkomulagi við Bayern München um að kaupa hann á 25 milljónir evra. Bayern vildi halda Kroos en aðeins ár var eftir af samningi hans. Það verður ekki gengið frá þessu fyrr en eftir HM og Kroos verður í stóru hlutverki á móti Frökkum á HM í kvöld.



**Toni Kroos 24 ára miðjumaður Þýskalands.**

## Komast Brassarnir í gegnum átta liða úrslitin í fyrsta sinn frá 2002?



Brasilíumenn fá alvöru próf í kvöld þegar þeir mæta hinu stórskemmtilega liði Kólumbíu í átta liða úrslitunum á HM í Brasilíu. Það er mikil pressa á brasilíska liðinu sem er á heimavelli og hefur setið eftir í átta liða úrslitunum í undanförnum tveimur mótum, 2006 á móti Frakklandi (0-1) og 2010 á móti Hollandi (1-2). Kólumbíumenn hafa aldrei komist í undanúrslit á HM en eru til alls líklegir eftir 11 mörk í fyrstu 4 leikjum sínum. Þjálfari þeirra, José Pékerman, hefur líka aldrei tapað leik á HM.

## Stjörnumenn í stuði á sögulegu kvöldi



**SÝNING Á FRUMSÝNINGARKVÖLDI** Ólafur Karl Finsen skoraði tvö mörk í fyrsta Evrópuleik Stjörnunnar í Garðabænum í gær en Stjarnan setti þá upp markasýningu. Hér fagnar hann seinna marki sínu í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

visir.is Frekari umfjöllun um Evrópudeildina

## EVRÓPUKEPPNIN

**1. UMF. Í FORK. EVRÓPUDEILDAR**

**STJARNAN - BANGOR 4-0**
1-0 Ólafur Karl Finsen, víti (13.), 2-0 Veigar Páll Gunnarsson (16.), 3-0 Ólafur Karl Finsen (54.), 4-0 Arnar Már Björgvinsson (70.).

**FH - GLENAVON 3-0**
1-0 Ingimundur Níels Óskarsson (82.), 2-0 Atli Guðnason (90.), 3-0 Atli Guðnason (90.+2).

**FRAM - JK NÖMME KAIJU 0-1**
0-1 Fábio Prates (61.)

## 1.DEILD KARLA

**SELFOSS - HAUKAR 0-2**
**ÍA - KV 0-1**

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Leiknir R. | 9 | 6 | 2 | 1 | 13-3 | 20 |
| ÍA | 9 | 6 | 0 | 3 | 21-8 | 18 |
| Víkingur Ó. | 9 | 5 | 0 | 4 | 14-16 | 15 |
| HK | 8 | 4 | 2 | 2 | 13-11 | 14 |
| Þróttur R. | 9 | 4 | 2 | 3 | 13-11 | 14 |
| Haukar | 9 | 4 | 2 | 3 | 13-13 | 14 |
| KA | 9 | 4 | 1 | 4 | 20-14 | 13 |
| Selfoss | 9 | 3 | 2 | 4 | 9-8 | 11 |
| KV | 9 | 3 | 1 | 5 | 18-20 | 10 |
| BÍ/Bolungarvík | 9 | 3 | 1 | 5 | 12-22 | 10 |
| Grindavík | 9 | 2 | 2 | 5 | 10-13 | 8 |
| Tindastóll | 8 | 0 | 3 | 5 | 5-22 | 3 |



**STEFNA UPP Á VIÐ** Elfar Freyr Helgason í leiknum á móti Þór en Blikar unnu þar sinn fyrsta leik í Pepsi-deildinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Eltir ástina eftir tímabilið

**Elfar Freyr Helgason átti stórleik í vörn Breiðabliks þegar Blikar unnu sinn fyrsta sigur á tímabilinu.**

**FÓTBOLTI** „Maður þurfti að rifja upp hvernig á að fagna sigri – það var allt gleymt og grafið,“ segir Elfar Freyr Helgason, miðvörður Breiðabliks, léttur í samtali við Fréttablaðið um fyrsta sigur liðsins í Pepsi-deildinni í sumar.

Breiðablik vann Þór, 3-1, á Kópavogsvellinum á fimmtudaginn og vann sinn fyrsta sigur þegar tíu leikir eru búnir af mótinu. Elfar Freyr átti stórleik í vörn Breiðabliks, skoraði eitt markanna og er leikmaður umferðarinnar hjá Fréttablaðinu fyrir frammistöðu sína.

„Ef einhver hefði sagt við mig fyrir tímabilið að við myndum ekki vinna leik fyrr en í 10. umferð hefði ég bara hrist hausinn. Guð minn almáttugur hvað þetta tók langan tíma. En þetta var bara skemmtilegt eins og alltaf þegar maður vinnur,“ segir Elfar Freyr.

### Las blöðin á ný

Það var létt yfir Elfari þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær. Hann var upptekinn við að sanda og sá í Kópavogsvöll, en hann vinnur þar á daginn og æfir þar á kvöldin. Alvöru Bliki. Hann heldur sér alveg á jörðinni þrátt fyrir þennan sigur.

„Með fullri virðingu fyrir Þór þá var ekki eins og við værum að vinna FH eða KR á útivelli. Maður má ekkert missa sig yfir heimasigri á liðinu í botnsætinu sem er að spila eftir sjö tíma rútuferð,“ segir Elfar Freyr. Hvernig hefur andinn verið í liðinu á meðan hópurinn gekk í gegnum þessar erfiðu vikur?

„Menn eru jákvæðir og reyna að peppa hver annan upp. Ég er ánægður með hvernig við höfum tekist á við þetta.“

Elfar leyfði sér að glugga aftur í blöðin eftir sigurinn á miðvikudaginn. „Þegar illa gengur reynir maður að kúpla sig út úr allri umfjöllun. Maður les ekki blöðin og horfir ekki á Pepsi-mörkin. En maður leyfði sér að kíkja í blöðin í dag [gær].“

### Stutt stopp á Íslandi

Elfar hélt út í atvinnumennsku á miðju tímabili 2011 þegar hann samdi við AEK í Aþenu. Þaðan fór hann til Stabæk og svo Randers í Danmörku áður en hann kom aftur heim á miðju síðasta sumri. Stefnan er tekin aftur út strax næsta haust en af öðrum ástæðum.

„Kærastan mín er að fara í tveggja ára nám í Svíþjóð og ég ætla ekki að vera í einhverju Skype-sambandi. Ég ætla að athuga hvort það séu ekki einhver lið í B-deildinni sem vilja fá mig,“ segir Elfar Freyr sem er með klásúlu í samningi sínum sem segir að hann megi fara frítt frá Breiðabliki eftir tímabilið.

„Það mun hjálpa mér, en það er ekkert komið í gang núna. Ég mun samt selja mig ódýrt – þetta verður ekki þessi hefðbundna atvinnumennska. Ég er bara að fara að elta ástina til Svíþjóðar,“ segir Elfar Freyr Helgason kampakátur að lokum. tomas@365.is





TETRIZ ER MÁNAÐARLEGUR OLD SCHOOL HIP HOP ÞÁTTUR Í UMSJÁ BENNA B RUFF. FYRSTA FÖSTUDAG HVERS MÁNAÐAR KLUKKAN 12:00

midi.is X 97.7 SMASH

# Allt fyrir baðherbergið

**Á MÚRBÚÐARVERÐI**

CERAVID

Þýsk gæði



3-6 lítra hnappur

Hæglokandi seta

Skál: „Scandinavia design"

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur
og **hæglokandi seta.**

Þýsk gæðavara

**41.990**



## BOZZ sturtuklefi

80x80cm

**43.900**

Fást einnig í 90x90cm á **kr. 45.900**. Einnig eru til rúnnaðir 90x90 klefar á **kr. 45.900**

Sturtustöng og -brúsa fylgja.





**11.990**

**AGI-167 hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu fáanleg með upp stút.**

**Rósetturog hjámiðjur fylgja.**

Vatnslás og botnventill frá McAlpine seldur sér á **kr. 1.290**

GUOREN

## Guoren hitastýrð blöndunartæki

LÁTUM FAGMENN VINNA VERKIN

EN 1111:1997



**Guoren** TLY Sturtusett
kr. **47.990**

**Málm handföng. Rósettur og hjámiðjur fylgja.**



**Guoren** 4F Hitastýrt baðtæki Exclusive
kr. **19.990**



**Guoren** 1L Hitastýrt baðtæki standard
kr. **17.990**



**Guoren**-AL Hitastýrt tæki með uppstút
kr. **14.990**



**Guoren**-BO Hitastýrt tæki með niðurstút
kr. **14.990**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# DAGSKRÁ



**Sjónvarpið kl. 19.50**

**HM í fótbolta**

Bein útsending frá leik Brasilíu og Kólumbíu í 8 liða úrslitum á HM í fótbolta sem fram fer í Brasilíu.

## Í KVÖLD



**HM í fótbolta**

**SJÓNVARPIÐ KL. 15.50** Bein útsending frá leik Frakklands og Þýskalands í átta liða úrslitum.



**Spurningabomban**

**STÖÐ 2 GULL KL. 20.15** Logi Bergmann Eiðsson stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti þar sem hann etur saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvort.



**Mike and Molly**

**STÖÐ 2 KL. 20.00** Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.

**X-ið 977 kl. 08.00**

**Harmageddon**

Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8–11. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag. Harmageddon er eins alvarlegur og hann er fyndinn.




## FRÉTTABLAÐIÐ
ER HELGARBLAÐIÐ



### HÆTT AÐ SKAMMAST SÍN FYRIR MÖMMU

**Lilja Árnadóttir** ólst upp hjá þroskaskertri móður og fannst erfitt að eiga ekki venjulega fjölskyldu. Í dag er hún stolt af mömmu sinni.



**Ekki bara sá sem datt í sjóinn**

**Eiríkur Ingi Jóhannsson** afrekaði í liðinni viku að hjóla hringinn einn á rúmum þremur sólarhringum. Eiríkur komst einn af úr sjóslysi við Noregsstrendur 2012 en segist ekki vilja vera þekktur sem maðurinn sem datt í sjóinn.

**Eyðibýli landsins**

Það getur verið óhugnanlegt að koma á eyðibýli en oftast er það gaman. Ungmenni skrá 700 eyðibýli um allt Ísland.




### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Malcolm in the Middle**
**08.25 Drop Dead Diva**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 The Face**
**11.05 Junior Masterchef Australia**
**12.15 Heimsókn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Marley and Me. The Puppy Years**
**14.45 Young Justice**
**15.10 Hundagengið**
**15.35 Tommi og Jenni**
**16.00 Frasier**
**16.25 The Big Bang Theory**
**16.45 How I Met Your Mother**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Super Fun Night** *(5:17)*
**19.35 Impractical Jokers** *(5:8)*
**20.00 Mike and Molly** *(15:23)*
**20.20 NCIS. Los Angeles** *(5:24)* Fjórða þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt. Með aðalhlutverk fara meðal annars Chris O'Donnell og LL Cool J.
**21.05 Sparkle** Skemmtileg kvikmynd frá 2012 með Jordan Sparks, Whitney Houston og CeeLo Green. Myndin gerist á sjöunda áratugnum og fjallar um þrjár systur sem sjá draum sinn rætast um að verða söngstjörnur en frægðin gæti orðið þeim að falli.
**23.00 Tyrannosaur**
**00.30 The Firm**
**02.00 Dante 01**
**03.25 Echelon Conspiracy**
**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**11.20 Shellmótið**
**12.00 Wimbledon Tennis 2014**
**18.00 Fjölnir - Fylkir**
**19.50 Pepsímörkin 2014**
**21.05 Wimbledon Tennis 2014**
**00.05 Forrest Griffin The Ultimate Fighter**
**01.15 UFC Live Events** Útsending frá UFC.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**12.40 Season Highlights 2013/2014** A
**13.35 HM Messan**
**14.35 Argentína - Sviss**
**16.15 Belgía - Bandaríkin**
**17.55 David Beckham**
**18.25 HM Messan**
**19.30** 8 **liða úrslit**
**21.10 Robbie Fowler** 10 þátta sería um nokkra af helstu leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar í gegnum árin.
**21.40 Gana - Bandaríkin**
**23.30 8 liða úrslit**

### ÍNN

**20.00** Kling klang **21.00** Harmonikan heillar **21.30** Eldhús meistaranna

### STÖÐ 3

**16.50 Jamie's 30 Minute Meals**
**17.15 Raising Hope**
**17.35 The Neighbors**
**17.55 Up All Night**
**18.15 The Secret Circle**
**19.00 Top 20 Funniest**
**19.45 Britain's Got Talent** *(4:18)*
**20.45 Community** *(15:24)*
**21.05 The Listener** *(1:13)*
**21.50 True Blood** *(11:12)*
**22.45 Sons of Anarchy** *(1:14)*
**23.30 The Cougar** *(5:8)*
**00.15 Top 20 Funniest**
**01.00 Britain's Got Talent**
**02.00 Community**
**02.25 The Listener**
**03.10 True Blood**
**04.00 Sons of Anarchy**
**04.45 Tónlistarmyndbönd**

### Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Leyndarmál vísindanna **10.00** Lína langsokkur **10.25** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tommi og Jenni **13.54** Leyndarmál vísindanna **14.00** Lína langsokkur **14.24** Latibær **14.48** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tommi og Jenni **17.54** Leyndarmál vísindanna **18.00** Lína langsokkur **18.24** Latibær **18.48** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið **20.20** Sögur fyrir svefninn

### GULLSTÖÐIN

**18.05 Strákarnir**
**18.35 Friends**
**19.00 Seinfeld**
**19.25 Modern Family**
**19.50 Two and a Half Men** *(8:16)*
**20.15 Spurningabomban** *(4:21)*
**21.00 Breaking Bad** *(11:13)*
**21.50 Wallander** *(1:3)*
**23.25 It's Always Sunny In Philadelphia**
**23.50 Boss**
**00.45 Spurningabomban**
**01.30 Breaking Bad**
**02.15 Wallander**
**03.45 Hustle**
**04.40 It's Always Sunny In Philadelphia**
**05.05 Boss**
**06.00 Tónlistarmyndbönd**

### BÍÓSTÖÐIN

**11.25 Spider-Man**
**13.25 Africa United**
**14.55 Henry's Crime**
**16.40 Spider-Man**
**18.40 Africa United**
**20.10 Henry's Crime**
**22.00 Sherlock Holmes. A Game of Shadows**
**00.05 Promised Land**
**01.50 Resident Evil. Retribution**
**03.25 Sherlock Holmes. A Game of Shadows**

### RÚV

**13.40 Ástareldur**
**15.20 HM stofan**
**15.50 HM í fótbolta** *(Frakkland - Þýskaland)* Bein útsending frá leik í 8 liða úrslitum á HM í fótbolta sem fram fer í Brasilíu.
**17.50 HM-stofan**
**18.15 Fisk í dag**
**18.25 Táknmálsfréttir**
**18.35 Njósnari** *(6:10) (Spy II)*
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 HM-stofan**
**19.50 HM í fótbolta** *(Brasilía - Kólumbía)* Bein útsending frá leik Brasilíu og Kólumbíu í 8 liða úrslitum á HM í fótbolta sem fram fer í Brasilíu.
**21.50 HM-stofan**
**22.20 Arne Dahl – Dauðadjassinn I** *(1:2) (Arne Dahl)* Sænskur sakamálaþáttur byggður á sögu Arne Dahl, um sérsveit rannsóknarlögreglumanna sem fær það verkefni að finna morðingja þriggja viðskiptajöfra.
**23.50 Fæddur 4. júlí** *(Born on the Fourth of July)*
**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**14.55 The Voice**
**17.15 Necessary Roughness**
**18.00 Dr. Phil**
**18.40 An Idiot Abroad**
**19.25 Men at Work** *(10:10)* Þrælskemmtilegir gamanþættir sem fjalla um hóp vina sem allir vinna saman á tímariti í New York.
**19.50 America's Funniest Home Videos** *(38:44)* Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.15 Survior** *(6:15)* Það er komið að 25. þáttaröðinni af Survivor með kynninn Jeff Probst í fararbroddi og í þetta sinn er stefnan tekin á Filippseyjar. Keppendur eru átján talsins að þessu sinni.
**21.00 The Bachelorette** *(3:12)*
**22.30 Green Room With Paul Provenza** *(4:8)*
**22.55 Royal Pains**
**23.40 The Good Wife**
**00.25 Leverage**
**01.10 Survior**
**01.55 Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **12.00** Golfing World 2014 **12.50** Web.com Tour Highligts **13.45** Inside The PGA Tour 2014 **14.10** PGA Tour 2014 **17.10** Champions Tour 2014 - Hig **18.05** PGA Tour 2014 - Highlight **19.00** PGA Tour 2014 **23.00** Golfing World 2014

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun



NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig
Lambafille m/fituröndu,
kryddað að eigin vali
3998 kr./kg
4798 kr./kg
ÍM kjúklinga-
bringur
2198 kr./kg
2469 kr./kg
Laxaflök, beinhreinsuð,
ókrydduð eða kryddud
2198 kr./kg
2598 kr./kg
Nautaspjót
með grænmeti
998 kr./stk.
1298 kr./stk.
Grill
sumar!
NÓATÚN
Helgartilboð!
Dala Auður,
170 g
449 kr./stk.
498 kr./stk.
Kea
pipar-, hvítlauks- og
bearnaisesósa, 250 g
299 kr./stk.
339 kr./stk.
2 fyrir 1
Myllu Fitty
samlokubrauð
332 kr./pk.
Ömmu flatkökur,
5 í pk.
179 kr./pk.
229 kr./pk.
3 fyrir 2
Alpia súkkulaði
mjólkursúkkulaði, 100 g
149 kr./pk.
Egils Kristall, með
mexican-limebragði,
2 lítrar
198 kr./stk.
268 kr./stk.
Doritos Jacked,
165 g
289 kr./pk.
Fanta
Orange, Zero
og Exotic, 2 lítrar
348 kr./stk.
Opið til
miðnættis
alla daga
8-24
NÓATÚN
Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
EXPO • www.expo.is

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



**„Ég verð að segja lagið Love Never Felt So Good með Michael Jackson og Justin Timberlake því það kemur mér sko í stuð."**

Anna Karen Ellertsdóttir, tískudíva á Spyr.is og förðunarfræðingur.

# Stony sendir frá sér eigin tónlist

Tónlistarmaðurinn Stony sendir frá sér frumsamið efni í fyrsta sinn um þessar mundir. Hann syngur, rappar og leikur á öll hljóðfærin og á í nógu að snúast.

„Síðustu fimm ár hef ég verið að búa til tónlist inni í herbergi og er loksins að fara að opinbera hana," segir hinn 21 árs gamli tónlistarmaður Þorsteinn Sindri Baldvinsson, betur þekktur sem Stony. Hann hefur nú sent frá sér sitt fyrsta smáskífulag, sem ber nafnið Feel Good, en lagið varð þó til fyrir um þremur árum en textinn er nýr.

Stony er líklega best þekktur fyrir myndböndin sín á YouTube en þar leikur hann helst á trommur, en í tónlistinni sinni spilar hann ekki bara á trommur. „Ég rappa, syng og spila á ýmis hljóðfæri í tónlistinni minni." Spurður út í hæfni sína í því að kveða rímur og sönghæfnina segir Stony: „Það kemur allavega í ljós núna en ég hef bara gaman af þessu."

Á þessum fimm árum hefur Stony samið fjölda laga sem bíða þess að líta dagsins ljós. „Ég var að fara í gegnum tölvuna og sá að ég er með um 75 lög sem eru ekki alveg tilbúin, ég hef ekki nógu mikla athygli til að klára þetta," segir Stony og hlær.

Hann er þó með þrjú lög sem eru næstum því tilbúin, fyrir utan það lag sem kemur nú út. Hann nýtur þó dyggrar aðstoðar Styrmis Haukssonar sem sér um að mastera lögin hans og þá aðstoðaði Vignir Snær Vigfússon hann í einu lagi.

Þá hefur Stony verið tíður gestur á skjáum landsmanna eftir að hann kom fram í Pepsi-auglýsingu fyrir skömmu. -glp



**FJÖLHÆFUR** Þorsteinn Sindri Baldvinsson, eða Stony, sendir frá sér nýtt frumsamið efni. MYND/BALDUR KRISTJÁNS








**BJART FRAMUNDAN** Upptökustjórinn Benedikt Steinar Benediktsson eða Benni Ben stendur þétt við bakið á Chris Miles.

## HVER ER CHRIS MILES?

- Hann var kynntur til sögunnar á heimsvísu í síðustu viku og er strax orðinn mjög vinsæll.
- Hann er fimmtán ára gamall og er frá Long Island í New York.
- Hann hefur gert samning við Warner/Chappell Music sem er hluti af Warner Music Group og er eitt stærsta útgáfufyrirtæki í heiminum.
- Hann er rosalega vinsæll á Twitter með tæpa fimmtán þúsund fylgjendur og með yfir 40.000 þúsund áskrifendur á YouTube.
- Honum er líkt við Eminem og fer í viðtal í næstu viku á útvarpsstöðinni Shade 45, sem er einmitt í eigu Eminem.

# Stendur á bak við rísandi rappstjörnu

Benedikt Steinar Benediktsson uppgötvaði hinn 15 ára gamla rappara Chris Miles.

Hinn fimmtán ára gamli rappari Chris Miles er bandarískur og hefur vakið mikla athygli fyrir hæfileika sína, enda skrifaði hann nýverið undir stærðarinnar útgáfusamning við eitt stærsta útgáfufyrirtæki í heimi, Warner/Chappell. Það er þó ekki í frásögur færandi nema að á bak við þennan hæfileikapilt er íslenskur maður að nafni Benedikt Steinar Benediktsson, betur þekktur sem Benni Ben. „Ég ásamt þremur bandarískum félögum mínum er með fyrirtækið T3musicgroup og við uppgötvuðum Miles árið 2012 og gerðum samning við hann. Það má alveg segja að hann sér nokkurs konar Justin Bieber rappsins því hann semur tónlist eins og enginn annar," segir Benni Ben spurður út í upphaf samstarfsins.

Benni fór í nám til Flórída árið 2009 í upptökufræðum og kynntist þar félögum sínum sem stofnuðu svo með honum fyrirtækið T3musicgroup. „Við vissum strax að þarna væri virkilega hæfileikaríkur piltur á ferðinni og eftir stuttan tíma fóru stærri fyrirtæki að sýna honum áhuga og varð svo stærðarinnar samningur að veruleika núna í maí," bætir Benni við.

Hann starfar nú sem upptökustjóri Miles, ásamt öðrum bandarískum félaga sínum en hinir tveir starfa sem umboðsmenn rapparans unga. „Við í T3musicgroup skiptum þessu á milli okkar."

Benni hefur þó einnig fengið félaga sína í upptöku- og pródúserateyminu Redd Lights til þess að vinna með Miles. „Þeir eru með þeim stærstu og bestu heima og ég vildi fá þá út, því þeir eru það góðir að þeir eiga að vera úti," segir Benni. Piltarnir í Redd Lights dvöldu þó úti í New York í vetur, þar sem Benni býr, og unnu með Miles. „Þeir voru úti hjá mér í vetur og unnu mikið með Chris. Við erum að gera mörg góð lög með honum." Redd Light hafa einmitt einnig gert samning við T3musicgroup.

Í dag vinnur Benni ásamt félögum sínum í T3musicgroup, Redd Lights og fleiri erlendum pródúserum að fyrstu plötu Chris Miles. „Við stefnum á að gefa plötuna út í vetur, líklega fyrir jól. Við höfum fengið frábær viðbrögð og ég hlakka til að sjá hvernig þetta fer."

gunnarleo@frettabladid.is

# Gallharður aðdáandi eftir tónleikana

Vinirnir Sveppi og Gói skelltu sér á tónleika Rolling Stones í Svíþjóð.

„Tónleikarnir voru gjörsamlega truflaðir. Þvílíkt þéttir og góðir," segir leikarinn Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem Gói. Hann skellti sér á tónleika goðsagnakenndu hljómsveitarinnar Rolling Stones í Svíþjóð á dögunum ásamt góðvini sínum Sverri Þór Sverrissyni, Sveppa, bróður hans, Ingvari Sverrissyni, föður hans, Sverri Friðþjófssyni, og leikstjóranum Braga Þór Hinrikssyni.

Eins og margir vita er Sveppi gallharður Stones-maður og segir Gói að hann hafi smitað sig.

„Ég er orðinn gallharður núna. Sveppi er búinn að sjá þá fjórum sinnum en þetta var í fyrsta skiptið mitt. En ég hef alltaf verið mjög hrifinn af þeim. Nú elska ég þá!" segir Gói.

> **Sveppi er búinn að sjá þá fjórum sinnum en þetta var í fyrsta skiptið mitt.**
>
> *Gói*

Hljómsveitin Rolling Stones er nú á tónleikaferðalaginu 14 On Fire en fresta þurfti nokkrum tónleikum fyrr á árinu eftir að kærasta söngvarans Micks Jagger, fatahönnuðurinn L'Wren Scott, framdi sjálfsmorð. Gói segir að hljómsveitarmeðlimir hafi verið í toppformi þrátt fyrir það áfall.

„Það sem ég dáðist líka að var að sjá brosið og gleðina skína úr augum þeirra og Jaggerinn sjötíu plús hlaupandi stanslaust í tvo tíma án þess að blása úr nös. Algjörir snillingar." -lkg



**WILD HORSES** Þessi mynd var tekin af köppunum strax eftir tónleikana. MYND/ÚR EINKASAFNI


ÚTSALA
ÚTSALA
40%
Afsláttur
Rocco P.
ALEXANDER WANG
KENZO
PARIS
F W
S S
SPORTMAX CODE
SCHUMACHER
SPORTMAX
CAMBIO
LAUGAVEGI 7 • 101 REYKJAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Boðið heim til Shondu Rhimes

Kvikmyndaframleiðandinn **Margrét Hrafnsdóttir** fékk aldeilis skemmtilegt heimboð á dögunum. Margréti er boðið í teiti og kvöldverð heima hjá Shondu Rhimes í Los Angeles, en Shonda er konan á bak við sjónvarpsþættina Grey's Anatomy, Scandal og Private Practice. Boðið er þann 23. júlí næstkomandi en sérstakur gestur er sjálfur Bandaríkjaforseti, Barack Obama. Einnig má búast við fleiri góðum gestum, til að mynda Scandal-stjörnunni Kerry Washington og leikkonunni, dansaranum og söngkonunni Debbie Allen. Án efa munu fleiri stjörnur úr sjónvarpsþáttum Shondu einnig láta sjá sig. Óvíst er hvort Margrét sjái sér hins vegar fært að mæta sökum mikilla anna.



- lkg

### Ian Anderson á Eldborgardisk

Söngvari og leiðtogi hinnar geysivinsælu proggrokkhljómsveitar Jethro Tull kom sá og sigraði á tónleikum í Eldborgarsal Hörpu árið 2012. Nú hefur verið ákveðið að gefa tónleikana út á tvöföldum DVD-diski sem kemur út í ágúst. Á tónleikunum spiluðu **Ian Anderson** og félagar hina frægu Thick as a Brick frá upphafi til enda sem og nýja plötu hans, Thick as a brick 2. Aðdáendur sveitarinnar sem ekki komust á tónleikana geta því tekið gleði sína á ný en eins og frægt er orðið seldist upp á tónleikana á einungis sjö mínútum.



## Mest lesið VÍSIR

1 Loksins sigrar hjá Eyjamönnum og Blikum
2 Svona brást Donovan við klúðri Wondolowski | Myndband
3 Sýslumaður í 200 km fjarlægð: „Þetta er bara rekið ofan í kokið á okkur"
4 Di María á förum frá Real
5 Hugsa um hundrað mismunandi hluti sem hægt hefði verið að gera öðruvísi

SONOS
FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM



Spotify · Google play
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!



AFMÆLIS AFSLÁTTUR 20 PRÓSENT
VAXTALAUS KJÖR Í 20 MÁNUÐI
20 ÁRA AFMÆLI
BETRA BAK

GRAVITY ZERO PT
Stillanlegt heilsurúm



GRAVITY ZERO – Í SÉRFLOKKI
- Gravity Zero PT er einn öflugasti stillanlegi botninn á markaðnum.
- Rúmið er á inndraganlegum sleða, dregst að vegg.
- Sér höfuðstilling fyrir lestrarstöðu.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton-einingar sem er fjórum sinnum meira en öflugustu botnar sem í boði eru í dag, sérlega hljóðlátur.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr nælonefni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- Hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðastilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Gravity Zero PT er með 2 nuddmótorum 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótor & grind.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 20 MÁN.* Aðeins 44.869 kr. á mán.
GRAVITY ZERO PT
Verðdæmi 2x90x200 cm
Afmælistilboð kr. 863.840
Fullt verð kr. 1.079.800

TEMPUR Spring heilsurúm



TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 20 MÁN.* Aðeins 15.491 kr. á mán.
TEMPUR SPRING
heilsurúm með Standard botni
Verðdæmi 180x200 cm
Afmælistilboð Kr. 296.160
Fullt verð 370.200

TEMPUR
Original eða Cloud heilsurúm



VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 20 MÁN.* Aðeins 18.257 kr. á mán.
TEMPUR CLOUD EÐA ORIGINAL
heilsurúm með Standard botni
Verðdæmi 180x200 cm
Afmælistilboð Kr. 349.600
Fullt verð 437.100

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is